## Jólin alls staðar

Jólin eru líka haldin á hjúkrunarheimilum, hótelum og sjúkrahúsum. Starfsfólkið stendur vaktina og upplifir óhefðbundin jól. ➤ 38



## Öfgahyggja og aðgerðaleysi

Brynja Huld og Guðmundur Björn fara yfir erlendar fréttir ársins sem er að líða. ➤ 42









# FRÉTTABLAÐIÐ

249. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 18. DESEMBER 2021




## Þetta er náttúrulega lán

Kristbjörg Kjeld stendur enn á leiksviði 86 ára gömul. Síst fækkar verkefnunum og hefur hún til að mynda samþykkt að fara með aðalhlutverk í verki sem frumsýnt verður árið 2023. Hún segir það mikið lán að hafa fulla heilsu og geðið í lagi. ➤ 30

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




## Val á milli spítala og elliheimilis

helenaros@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Flóki Ásgeirsson lögmaður segir illa hafa gengið að fá upplýsingar frá bæði Landspítala og Reykjavíkurborg vegna máls Hilmars Kolbeins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Hilmar, sem er 45 ára og fjölfatlaður, hafi ekki fengið að snúa aftur heim til sín í sjö mánuði eftir að hann gekkst undir aðgerð á Landspítala. Frá því í október hefur hann dvalið á elliheimili.

Flóki segist, þrátt fyrir ítrekaða beiðni, hvorki hafa fengið aðgang að beiðnum sem gerðar hafi verið um heimahjúkrun fyrir Hilmar né afgreiðslu á þeim beiðnum. Átta mánuðir séu liðnir síðan Hilmar leitaði til hans um aðstoð vegna málsins.

Að sögn Flóka hafi úrræðaleysið í máli Hilmars því miður verið algjört og að hið eina sem honum hafi raunverulega staðið til boða hingað til, sé að liggja inni á spítala eða dveljast á hjúkrunarheimili.

Í bréfi, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, sem velferðarsvið borgarinnar sendi til Embættis landlæknis 7. maí síðastliðinn, segir að hjúkrunar- og umönnunarþarfir Hilmars séu mun umfangsmeiri en heimahjúkrun geti veitt.

„Í ljósi umfangsmikilla umönnunarþarfa tilkynnist hér með að þjónusta heimahjúkrunar við Hilmar er fullreynd enda er það mat heimahjúkrunar að öryggi hans og heilsu sé ógnað með útskrift heim. ■

## Lúsíuhátíð í Neskirkju



Fresta þurfti hinni árlegu Lúsíuhátíð í Neskirkju vegna sóttkvíar fyrr í þessari viku, en Lúsíumessan fór fram í gærkvöldi. Hefðina má rekja til Svíþjóðar og hefur hópur Íslendinga fagnað deginum um áratugabil. Ein stúlka er í hlutverki Lúsíu og með henni í samfloti er Lúsíukór.. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Íslandi tryggt bóluefni gegn Omíkron

ingunnlara@frettabladid.is

**COVID-19** Ísland og Noregur munu eiga kost á hlutdeild í skömmtum á nýju bóluefni Pfizer gegn Omíkron-afbrigðinu á sömu forsendum og með fyrri bóluefni. Evrópusambandið samþykkti í gær að virkja heimild til kaupa á 180 milljón skömmtum af nýju bóluefni frá Pfizer sem verður tilbúið í mars.

Í samningum Evrópusambandsins um kaup á mRNA-bóluefni (Pfizer og Moderna) sem Ísland á aðild að, eru ákvæði sem tryggja ríkjunum aðgang að bóluefni við nýjum afbrigðum. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðuneytisins til Fréttablaðsins. Samningurinn kveður jafnframt á um að ríkin eigi rétt á kaupum á tilteknu magni bóluefna, umfram það magn sem samningurinn kveður á um að skylt sé að kaupa.

» **Von er á að bóluefnið verði tilbúið í mars á nýju ári.**

„Staða Íslands varðandi bóluefni gegn Covid-19 er góð. Gildandi samningar tryggja okkur nægt framboð bóluefna og einnig uppfærslu þeirra vegna nýrra afbrigða eins og Omíkron, líkt og Pfizer vinnur nú að,“ segir Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Ekki liggur ljóst fyrir hvenær uppfærsla bóluefnis Pfizer við Omíkron-afbrigðinu verður tilbúin og samþykkt af hálfu Lyfjastofnunar Evrópu. ■






# Bóluefni og mauk í jólagjöf

**Kynningarstjóri UNICEF á Íslandi segir stefna í metár í sölu á Sönnum gjöfum. Í desember hafa Íslendingar keypt 70 þúsund skammta af jarðhnetumauki fyrir vannærð börn og tryggt 4.200 einstaklingum bólusetningu gegn Covid.**

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Íslendingar hafa keypt 70 þúsund pakka af vítamínbættu jarðhnetumauki fyrir vannærð börn í desember. Hnetumaukið er ein tegund Sannra gjafa, sem hægt er að versla hjá UNICEF.

„Það stefnir í metár hjá okkur í ár,“ segir Steinunn Jakobsdóttir, kynningarstjóri UNICEF á Íslandi, spurð að því hvernig sala á Sönnum gjöfum fari af stað í ár.

Sannar gjafir eru hjálpargögn fyrir börn í neyð sem fólk getur keypt á vefsíðu UNICEF. Við kaupin fær fólk gjafabréf fyrir til dæmis jarðhnetumauki, bóluefni, hreinlætisvörum eða hlýjum fatnaði, sem UNICEF kemur svo til barna sem á þurfa að halda.

„Síðustu ár hafa Sannar gjafir verið mjög vinsælar en áhugi fyrir þeim eykst með hverju árinu og það er greinilegt að mikill fjöldi fólks ákveður að nýta þessa leið til að kaupa fallegar gjafir sem koma líka að virkilega góðum notum,“ segir Steinunn.

Hún segir vinsælustu jólagjöfina vera jarðhnetumaukið og bólusendingargjöfina sem sé nýjasta Sanna gjöfin. „Með henni er verið að tryggja bóluefni gegn Covid-19 til efnaminni ríkja. Í desember erum við búin að selja 700 slíkar gjafir,“ segir Steinunn.

Með einni bólusendingargjöf, sem kostar tæpar fjögur þúsund krónur, er sex einstaklingum tryggð bólusetning gegn Covid-19. „Þannig að 4.200 einstaklingar í efnaminni löndum fá bólusetningu fyrir þær gjafir sem selst hafa í desember,“ segir Steinunn.



Vítamínbætt jarðhnetumauk meðhöndlar vannæringu barna. MYND/UNICEF

” **Bóluefni og jarðhnetumaukið er langvinsælast og það eru kannski viðbrögð við ástandinu í heiminum.**



Steinunn Jakobsdóttir, kynningarstjóri UNICEF á Íslandi

„Það hefur verið rosalega vel tekið í þetta, fólk gerir sér grein fyrir að við þurfum að jafna leikinn í dreifingu bóluefna,“ bætir Steinunn við.

Þá segir hún að aldrei hafi verið jafn mikil þörf fyrir hjálpargögn fyrir börn og nú.

„Bóluefni og jarðhnetumaukið er langvinsælast og það eru kannski viðbrögð við ástandinu í heiminum. Við gerum okkur grein fyrir misskiptingu í dreifingu bóluefna og við vitum að það eru börn að látast úr vannæringu, til dæmis í Jemen og Afganistan, og jarðhnetumaukið er leið til að meðhöndla slíkt,“ segir Steinunn.

Hún segir greinilegt að Íslendingar vilji gera hvað þeir geti til að hjálpa börnum um allan heim, þar séu íslensku jólasveinarnir engin undantekning. „Þeir hafa verið að kaupa svolítið hjá okkur og setja í litla skó, hafa verið í samstarfi við okkur í mörg ár,“ segir Steinunn. ■




Gjafabréf Icelandair
er ávísun á ógleymanlegt
ævintýri.

Hvert sem förinni er heitið, vestur um haf eða austur á meginlandið, geturðu gefið draumaferð einhvers sem þér þykir vænt um byr undir báða vængi.

Gjafabréfið gildir í fimm ár frá útgáfu og í öll flug Icelandair.

## Ákærð fyrir mansal

arib@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært konu fyrir mansal með því að hafa neytt fjögur stjúpbörn sín til að vinna til að hún gæti reist sér hús erlendis.

Greint var fyrst frá því í kvöldfréttum RÚV í gær að þetta sé í fyrsta sinn í áratug sem ákært sé fyrir mansal hér á landi. Konunni er gefið að sök að hafa flutt börnin til Íslands og látið þau vinna allt að 13 tíma á dag hjá fyrirtæki þar sem hún stýrði daglegum rekstri. Konan, sem er íslensk, á svo að hafa tekið laun þeirra, rúmar 16 milljónir króna.

Börnin fara fram á 29 milljónir króna frá henni. ■



Starfsfólk Kringlunnar í óðaönn að ganga frá sendingu til barna.

## Söfnunin tók kipp

elinhirst@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Það var farið með stórar sendingar af gjöfum til barna og unglinga til Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar og Fjölskylduhjálpar Íslands í gærmorgun,“ segir Baldvina Snælaugsdóttir markaðsstjóri Kringlunnar. „Þetta var ekki fyrsta ferðin, en sú stærsta í vikunni.“ Jólagjafasöfnun fyrir bágstödd börn sem fór dapurlega af stað í byrjun, hefur nú tekið stóran kipp. „Það er augljóst að Íslendingar eru ekki að gleyma sínum minnstu. Við erum eiginlega djúpt snortin.“ ■

## Smit á Alþingi

arib@frettabladid.is

**COVID-19** Allir þingmenn verða kallaðir í hraðpróf á mánudag eftir að þrír þingmenn og tveir starfsmenn þingflokka greindust smitaðir af Covid-19 í gær. Alþingi á eftir að afgreiða fjárlagafrumvarpið fyrir áramót. Smitaðir þingmenn munu kalla inn varamenn. ■

# Katrín fagnar dómsorði um bætur

Íslenska ríkið mun una niðurstöðu Landsréttar í bótamálum Guðmundar- og Geirfinnsmála. Um hæstu miskabætur í Íslandssögunni er að ræða.

adalheidur@frettabladid.is



Arnar Þór Stefánsson var hóflega bjartsýnn fyrir dómsuppsögu í gær. Hann segir dóminn sigur fyrir réttarríkið. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐALHEIÐUR

**DÓMSMÁL** „Ríkið mun ekki áfrýja þessari niðurstöðu Landsréttar,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, um dóma Landsréttar í bótamálum Kristjáns Viðars Júlíussonar og Guðjóns Skarphéðinssonar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Katrín segir lögfræðinga ríkisins eiga eftir að fara heildstætt yfir málið, en henni sýnist dómarnir snúast að mestu leyti um hvernig meta eigi miska til fjár við fordæmalausar aðstæður.

„Við fögnum því að dómur liggi fyrir en höfum auðvitað lagt áherslu á að engar fjárhæðir gætu bætt þann miska sem viðkomandi urðu fyrir, en gerðum okkar besta við að móta þær fjárhæðir. Nú hefur Landsréttur kveðið upp dóm og það liggur fyrir að bætur eru hærri en það sem framkvæmdavaldið taldi sér fært að bjóða, en fjárhæðirnar í þessum nýju dómum eru hæstu miskabætur sem dæmdar hafa verið af íslenskum dómstólum,“ segir Katrín. Hún fagnar því að niðurstaða dómstóla liggi nú fyrir um hvað geti talist sanngjarnar bótafjárhæðir í málinu.

„Það er mjög gott að fá þetta dómsorð og vonandi að það verði hluti af lúkningu í þessu erfiða máli,“ segir Katrín.

Með dómum Landsréttar í gær voru Kristjáni Viðari dæmdar 350 milljónir í bætur og Guðjóni Skarphéðinssyni 260 milljónir. Í báðum tilvikum koma til frádráttar þær bætur sem þeim höfðu þegar verið greiddar vegna málsins.

Lögmenn Guðjóns og Kristjáns Viðars segjast sáttir við þessar málalyktir og gera heldur ekki ráð fyrir áfrýjun til Hæstaréttar.

„Það má segja að réttarríkið hafi staðist þessa prófraun með því að dæma þarna ríflegar bætur fyrir þann miska sem minn umbjóðandi varð fyrir á sínum tíma og í rauninni alla sína ævi síðan, en hann lést í vor,“ segir Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Kristjáns Viðars.

„Það eru stór orð notuð í forsendum dómsins um framgöngu ríkisins gagnvart þessu fólki og ég er ánægður með að það sé viðurkennt í þessum dómi.“

Í dómum Landsréttar er meðal annars byggt á því að tímalengd einangrunar þeirra beggja og aðstæður í Síðumúlafangelsi hafi falið í sér ‘vanvirðandi meðferð‘ í skilningi 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Fátítt er að kveðið sé svo fast að orði í íslenskum dómum, en umrædd ákvæði taka til pyndinga, ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

Þá féllst Landsréttur ekki á að lækka ætti bætur til þeirra á grundvelli eigin sakar, en í dómunum segir að ríkið hafi ekki fært nægjanleg rök fyrir háttsemi þeirra við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi hafi leitt til sakfellingar þeirra í málinu á sínum tíma eða að þeir hafi sjálfir valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem bótakröfurnar eru reistar á. Því verði bótakröfur þeirra ekki lækkaðar á grundvelli eigin sakar.

Ragnar segir dóminn bæði sögulegan og fordæmisgefandi.

„Eitt af því sem er gagnlegt við svona dóma er að þeir eiga að hafa áhrif á hegðan embættismanna, bæði rannsóknarmanna, lögreglu og dómara, þegar svona mál koma upp,“ útskýrir Ragnar.

Enn á eftir að kveða upp dóm í máli Erlu Bolladóttur sem freistar þess enn að fá sinn þátt málsins endurupptekinn. Þá er bótamál tveggja afkomenda Sævars Ciesielski enn til meðferðar fyrir dómi. ■

### Landsréttur málar dökka mynd af áhrifum málsins

„Ljóst er að sakfellingardómur þar sem Kristján Viðar var dæmdur fyrir tvö manndráp og sú opinbera umræða sem málið hlaut, litaði líf hans allt frá því að hann stóð á tvítugu þar til hann var kominn á sjötugsaldur. Af öllu framangreindu er ljóst að málið varpaði miklum skugga á líf Kristjáns Viðars. Hefur hann þannig til viðbótar við miska vegna frelsissviptingar þurft að þola umtalsvert miskatjón vegna sakfellingarinnar sjálfrar, sem reist var á rannsókn og málsmeðferð sem ekki var að öllu leyti í samræmi við þágildandi lög um meðferð opinberra mála."

### Máli Tryggva Rúnars áfrýjað



„Þetta eru sár vonbrigði. Í niðurstöðunni felst að ríkið hafi fjárhagslegan ábóta af andláti manns, sem það hefur orðið uppvíst að því að pynta,“ segir **Páll Rúnar M. Kristjánsson** lögmaður aðstandenda Tryggva Rúnars Leifssonar.

Ríkið var sýknað af bótakröfu Tryggva Rúnars, á þeim forsendum að krafa um miskabætur erfist ekki til dánarbús nema að mál sé höfðað um kröfuna áður en viðkomandi lést, líkt og í tilviki Kristjáns Viðars.

Páll segir fá fordæmi um slík miskabótamál og engin fordæmi um bótaskyldu út af rangri sakfellingu og erfðum. „Þannig að þetta mál er einstakt að þessu leyti. Frá upphafi var lagt upp með að taka málið alla leið og í ljósi þess geri ég ráð fyrir að málinu verði áfrýjað.“

”

**Það er mjög gott að fá þetta dómsorð og vonandi að það verði hluti af lúkningu í þessu erfiða máli.**



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU | PLUG-IN HYBRID



JEEP COMPASS LIMITED
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótin, vegna VSK hækkana. Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe




## Tryggðu þér Eclipse Cross fyrir áramót og sparaðu 960.000 kr.*

Við náðum inn sendingu fyrir áramót svo þú getur fengið nýjan fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíl á frábæru verði **til afhendingar strax!** Fullnýttu þér niðurfellingu virðisaukaskatts fyrir áramót áður en ívilnanir tengiltvinnbíla verða lagðar af og sparaðu **960.000 krónur.**

Eclipse Cross PHEV frá aðeins **5.490.000 kr.** kemur hlaðinn búnaði og þægindum eins og lyklalausu aðgengi, bakkmyndavél, hraðastilli, þreytuviðvörun og fleiru. Bættu nýju ljósi í skammdegið strax í dag og keyrðu á nýjum Eclipse Cross inn í nýtt ár

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Jólapakki fylgir

Vetrardekk, gúmmímottur, motta í skottið og aurhlífar.

Sparaðu 960.000 kr.*

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Eclipse Cross PHEV 4x4

*Samkvæmt lögum munu ívilnanir stjórnvalda falla að fullu niður á nýju ári og tengiltvinnbílar því hækka í verði um áramótin. Núverandi ívilnanir eru í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti um 960.000 kr. af hverjum bíl. Að öllu óbreyttu mun sú upphæð leggjast við kaupverð á Eclipse Cross árið 2022.

# Bágur fjárhagur sveitarfélaga minnki framboðsáhuga fólks

bth@frettabladid.is

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Formaður Sambands sveitarfélaga, Aldís Hafsteinsdóttir, segir að bág fjárhagsstaða margra sveitarfélaga kunni að hafa áhrif á vilja landsmanna til framboðs í sveitarstjórnir.

„Við höfum þegar dæmi um að kosið hafi verið óhlutbundið og enginn framboðslisti. Staðan er ekki góð. En sem betur fer er þó fjöldi sveitarfélaga að gera góða hluti, mikið um að vera og sóknarhugur í fólki. En okkur vantar peninga til að sinna þeim verkefnum sem ríkisvaldið hefur sent til okkar,“ segir Aldís.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa langflest sveitarfélög tekið upp hæstu mögulega útsvarsprósentu fyrir utan örfáa hreppa sem hafa stórtekjur af virkjunum, stóriðju eða sumarbústöðum. Hámarksskattlagning er 14,52 prósent.



Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aldís segir að fremur en að krefjast lagaheimildar til að hækka útsvarsþakið enn frekar, þurfi sveitarfélög nýja tekjustofna og aukið fé með málaflokkum. Útsvar, jöfnunarsjóður sveitarfélaga og fasteignagjöld, dugi ekki til. Ekki síst vanti aukið fé í málaflokk fatlaðs fólks. Stór hluti sveitarfélaga sé ekki sjálfbær rekstrarlega.

„Rekstrargrunnur sveitarfélaga er mjög mismunandi, en á sama tíma erum við ein þjóð í einu landi og viljum öll njóta svipaðrar þjónustu. Í kerfinu sem við búum við núna ríkir gríðarleg mismunun þegar kemur að tekjum sveitarfélaga. Það er að teiknast upp grafalvarleg staða. Hún mismunar íbúum og möguleikum fólks til að lifa blómlegu lífi.“

Aldís vísar máli sínu til stuðnings til aðstöðumunar hvað varðar tekjur af fasteignagjöldum af virkjunum, opinberum byggingum og öðru slíku. ■

## Mæla húsnæðið milli jóla og nýárs

arib@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Fossvogsskóla hafa borist tilkynningar um að nemendur finni fyrir einkennum vegna myglu í tímabundnu húsnæði skólans í Korpu í Grafarvogi. Fram kemur í bréfi Hafdísar Guðrúnar Hilmarsdóttur, skólastjóra, til foreldra, að þrjár tilkynningar hafi borist, síðast á fimmtudag sem tengist heimilisfræðistofunni.

Segir einnig að verkfræðistofan Efla muni koma í húsnæðið milli jóla og nýárs til að mæla og meta framhaldið. ■

## Borgin kaupir loks af Múlalundi

benediktboas@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg mun kaupa 15 þúsund plastmöppur af Múlalundi fyrir um fjórar og hálfa milljón króna. Var það samþykkt í borgarráði í vikunni. Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins, fagnaði að borgin væri loks farin að kaupa skólavörur af Múlalundi..



Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins

„Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram tillögu í ágúst sl. að skóla- og frístundaráð kaupi skólamöppur frá Múlalundi, en fram til þessa hefur Reykjavíkurborg hunsað Múlalund með öllu, ólíkt öðrum sveitarfélögum.,“ segir í bókun Kolbrúnar. ■

# Bilaðar handbremsur og olíulekar leiða til akstursbanns á næsta ári

**Efnaminni bíleigendur í vanda vegna breytinga á reglugerð um skoðun bíla. Það sem áður var fært sem lítil athugasemd, mun kalla á aðra komu á skoðunarstöð. Víðtækar heimildir til akstursbanns.**

bth@frettabladid.is



Framkvæmdastjóri Tékklands segist í sjokki vegna íþyngjandi breytinga sem dæma munu bíla úr leik og stórfjölga endurkomum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdastjóri Tékklands bifreiðaskoðunar segir að eigendur, einkum eldri bifreiða, geti lent í stórauknum vandræðum, akstursbanni og auknum kostnaði við að koma bílum sínum í gegnum skoðun, vegna breytinga á reglugerð sem tekur gildi í vor.

Samgöngustofa hefur kynnt reglurnar á vef sínum, en þær taka gildi 1. maí næstkomandi. Dæmi eru um tilslakanir frá núverandi kerfi, sem dæmi lengri frest til endurskoðunar vegna skorts á varahlutum. Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri Tékklands, gagnrýnir hins vegar breytingar á svokallaðri skoðanahandbók, reglurnar verði mjög strangar.

„Við munum sjá miklu fleiri dæmi um endurkomur og miklu fleiri dæmi um akstursbann en verið hefur. Akstursbann er rosalega harkaleg aðgerð,“ segir Birgir. „Við erum líka í sjokki yfir að nú á að dæma bíl í endurskoðun ef vantar númeraljósin,“ bætir hann við.

Dæmi um atriði sem mun leiða til akstursbanns er olíuleki. Ef skoðunarmaður sér dropa falla niður af gírkassa eða vél, ber honum að banna akstur bílsins. Áður féll leki undir endurskoðun. Með akstursbanni er á ábyrgð eiganda að láta draga bíl burt og láta lagfæra ökutæki eða farga því.

> **Við munum sjá miklu fleiri dæmi um endurkomur og miklu fleiri dæmi um akstursbann en verið hefur.**
>
> Birgir Hákonarson, Tékklandi



„Það er mjög mikið af gömlum bílum til þar sem það er ekkert auðvelt að stoppa olíuleka. Olíuleki hefur ekki áhrif á umferðaröryggi,“ segir Birgir.

Annað dæmi um akstursbann varðar bilaða handbremsu.

„Ef handbremsa er óvirk sem er mjög algengt af því að fólk notar hana ekki, þá verður akstursbann. Við vitum að handbremsan er neyðarhemill, en ég veit engin dæmi þess að bíll verði bæði handbremsu- og fótbremsulaus,“ segir Birgir.

Reglugerðin er hluti af tilskipun Evrópulanda. Sérhvert land hefur þó svigrúm til að koma með tillögur að breytingum á atriðum sem leiða til akstursbanns. Birgir telur að Samgöngustofa og íslensk stjórnvöld hafi vannýtt að reyna að koma undanþágum í gegn.

Þá gagnrýnir framkvæmdastjóri Tékklands að skoðunarmönnum beri framvegis að tilkynna grunsamlega stöðu akstursmælis til Samgöngustofu. Hann undrast að Samgöngustofa sinni ekki því eftirliti sjálf, enda „dæli skoðunarstöðvar upplýsingum til samgöngustofu“, eins og hann orðar það. Stofnunin ætti sjálf að geta unnið úr þeim upplýsingum.

Birgir segir engan vafa leika á að breytingarnar komi harðast niður á efnaminni bíleigendum, sem eigi gamla bíla sem þarfnist viðhalds.

„Okkur finnst þetta rosalega harkalegt, það geta orðið veruleg vandræði hjá fólki sem missir heimilisbílinn út af einhverri óheppni.“ ■




MILLJÓLA
LEIKUR
25 spilarar vinna heila milljón hver
Vertu með í Milljólaleiknum. Það eina sem þú þarft að gera til að komast í pottinn er að vera með áskrift eða kaupa 10 raðir eða meira í Lottó, Vikinglotto eða Eurojackpot. Þannig gæti jóladagur orðið þinn milljóladagur því þá vinna 25 heppnir spilarar heila milljón hver!
Nánar á lotto.is
DREGIÐ
25. DES
EURO JACKPOT
viking lotto
Lottó





Kostnaðaráætlun var 690 milljónir en bærinn hefur greitt rúmlega 1,4 milljarða á fjórum árum. MYND/BORGARBYGGÐ

# Vill svör um umframeyðslu við uppbyggingu nýs skóla

**Sveitarstjórn Borgarbyggðar neitar að afhenda skýrslu eftirlitsmanns um framkvæmd á Grunnskóla Borgarness, sem farið hefur langt fram úr áætlunum. Íbúi vonast til þess að hafa betur gegn bænum í annað skiptið.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Guðsteinn Einarsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga, hefur krafið sveitarstjórn Borgarbyggðar um skýrslu vegna framkvæmda við grunnskóla bæjarins. Sveitarstjórn hefur hafnað beiðni Guðsteins, að sögn vegna hugsanlegs dómsmáls, og mun málið fara fyrir úrskurðarnefnd.

„Það er ekki hægt að þegja yfir þessu. Stjórnendur í sveitarfélögum eiga ekki að komast upp með að fela sig á bak við svona skýrslur,“ segir Guðsteinn, sem er íbúi í Borgarnesi.

Skýrslan var unnin af eftirlitsmanni og skilað inn 5. nóvember og sveitarfélagið hafnaði beiðni Guðsteins 1. desember. Kærði hann þá ákvörðun til úrskurðarnefndar upplýsingamála og hefur sveitarfélagið frest til 22. desember til þess að svara.

Eftir að upp komu myglumál í grunnskólanum sumarið 2017 var ákveðið að fara í miklar endurbætur og stækkun skólans. Byggður var fjölnota salur, eldhús og sett nýtt þak, loftræstikerfi, rafmagns- og pípulagnir í hluta hússins.

> Það er ekki hægt að þegja yfir þessu. Stjórnendur í sveitarfélögum eiga ekki að komast upp með að fela sig á bak við svona skýrslur.


Guðsteinn Einarsson, íbúi í Borgarfirði

Kostnaðaráætlun Borgarbyggðar var tæpar 690 milljónir króna en aðeins eitt tilboð barst, frá verktakanum Eiríki J. Ingólfssyni, upp á rúmar 818 milljónir. Samkvæmt ársreikningum árin 2017 til 2020 hefur bærinn greitt 1.449 milljónir í framkvæmdir á skólahúsnæðinu.

Í maí lýsti Lilja Björg Ágústsdóttir, forseti bæjarstjórnar, því á bæjarstjórnarfundi að framkvæmdir hefðu farið töluvert fram úr áætlun og margar ástæður lægju að baki. Húsnæðið hefði verið í verra ástandi en búist var við og verið væri að greina galla í hönnun verksins. „Leggja hefði þurft meiri vinnu í fullnaðarhönnun áður en framkvæmd fór af stað, til að tryggja að kostnaðaráætlun væri ítarlegri og betur gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði,“ bókaði Lilja.

Guðsteinn segir það augljóst mál að undirbúningurinn að verkefninu hefði ekki verið nógu góður. „Ef kostnaðaráætlunin hefði hljóðað upp á 1,5 milljarða í staðinn fyrir 700 milljónir hefði að öllum líkindum ekki verið farið af stað með verkefnið,“ segir hann. Segist hann draga það í efa að bærinn fari í málaferli við verktakann eða hönnuðinn.

Sjálfur segist hann enga beina aðkomu eiga að málinu, en vilji sýna bæjarstjórninni aðhald. „Bærinn hefur gefið það út að stjórnsýslan eigi að vera opin og upplýst. En þetta er í annað skiptið á þessu ári sem þeir segja skýrslu vera trúnaðarmál,“ segir hann.

Hin fyrri var skýrsla KPMG um fjármál bæjarins, sem Borgarbyggð sagði vinnugagn sem innihéldi persónugreinanlegar upplýsingar. Úrskurðarnefnd féllst ekki á þær röksemdir og úrskurðaði Guðsteini í vil í júlí síðastliðnum eftir að hann kærði.

Fréttablaðið hefur einnig beðið um skýrsluna um Grunnskólann í Borgarnesi. Þegar þetta er ritað hefur hún ekki verið afhent. ■

# Neyð ríkir hjá fjölda fólks fyrir jólin

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Áslaug Guðný Jónsdóttir segir mikla neyð ríkja hjá fjölda fólks fyrir jólin. Hún stjórnar Facebook-síðunni Matarhjálp Neyðarkall, þar sem fjöldi fólks hefur falast eftir aðstoð fyrir jólin.

„Margir þeirra sem hafa leitað til okkar hafa einhverra hluta vegna ekki átt rétt á aðstoð hjá hjálparstofnunum og verið vísað þaðan án aðstoðar. Dæmi eru um að fólk eigi engan eða sáralítinn pening, geti hvorki keypt mat né jólagjafir fyrir börnin sín,“ segir Áslaug.

Í inngleggi á Matarhjálp segist Áslaug hafa fengið bæði skilaboð og hringingar frá fólki sem sé við það að gefast upp vegna fátæktar. Þar biðlar hún til fólks að leggja fram hjálparhönd.

> Ef að þetta fólk hefði fengið eingreiðsluna sem það hefur verið að kalla eftir myndi það bjarga jólunum hjá ansi mörgum.
>
> Áslaug Guðný Jónsdóttir, stýra Facebook-hópsins Matarhjálp.

„Við erum nú þegar búin að hjálpa 30 manns með mat og gjafir, en ég er enn með hérna fyrir framan mig lista yfir 21 manneskju sem hefur beðið um hjálp en við getum ekki hjálpað öllum,“ segir Áslaug.

Hún segir að þrátt fyrir að hún geti ekki hjálpað öllum sé það vel hægt. „Ef að þetta fólk hefði fengið eingreiðsluna sem það hefur verið að kalla eftir myndi það bjarga jólunum hjá mörgum,“ segir Áslaug. „Ég held að ég myndi fara þarna niður eftir og kyssa hann Bjarna Ben á kinnina ef það yrði af henni.“ ■

**Sprotasjóður**
**leik-, grunn- og framhaldsskóla**
Umsóknarfrestur til **15. febrúar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla vegna skólaársins 2022-2023. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Leikskólastjórar, skólastjórar eða skólameistarar fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn umsókn. Aðrir aðilar en skólar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

**Áherslusvið sjóðsins fyrir tímabilið 2022-2023 eru verkefni sem styðja við innleiðingu menntastefnu í eftirfarandi þáttum:**
- Virkt nemendalýðræði
- Gagnrýnin hugsun, sköpun og skilningur með áherslu á læsi
- Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Sjá nánar í fyrstu aðgerðaáætlun Menntastefnu 2030 á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, *https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/24/Fyrsta-adgerdaaaetlun-nyrrar-menntastefnu-kynnt-/* .

Í umsókn þarf að skilgreina hvernig verkefnið tengist ofan greindum áherslum ásamt því hvernig nemendur verða virkir þátttakendur í verkefninu sjálfu.

Umsóknir sem falla utan ofangreindra áherslusviða fá sérstaka umfjöllun í ljósi áhrifa verkefna á menntun og skólastarf.

Umsóknir sem fela í sér samstarf skóla, skólastiga eða skóla og annarra stofnanna njóta alla jafna forgangs við úthlutun styrkja.

Fyrir skólaárið 2022-2023 verða til úthlutunar allt að 55 milljónum kr. Finna má frekari upplýsingar um sjóðinn á www.rannis.is/sjodir/menntun/sprotasjodur/.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2022 kl. 15.00.**
Umsókn skal skilað á rafrænu formi gegnum mínar síður á rannis.is.

**Nánari upplýsingar veitir**
Skúli Leifsson, sími 5155843,
sprotasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


KRÓNAN
Ekkert ves í des
Nú er tími til að njóta...
Gómsætur veislumatur fyrir alla!
Kalkúnaskip salvíusmjöri
4199 kr. kg
NÓATÚN
Nóatúns Hamborgarhryggur
1998 kr. kg
Krónu wellington, 65% kjöt
7990 kr. pk.
Nóatúns waldorf salat 500 g
1099 kr. pk.
Nóatúns rauðkál 250 g
649 kr. pk.
Nóatúns rjóma sósa 420 ml
569 kr. stk.
VEGAN
Jömm OUMPH! Wellington
1798 kr. pk.
Happ hnetusteik
2699 kr. pk.
VEGAN
Happ vegan wellington
3299 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Tjara á bílskúrsgólfi í Kópavogi í október. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Blæðingar verða norðanlands

arib@frettabladid.is

**SAMGÖNGUMÁL** Gera má ráð fyrir bikblæðingum á vegum á Norðurlandi um helgina miðað við veðurspár. Samkvæmt Vegagerðinni hefur orðið vart við blæðingar á Þverárfjalli og Hámundastaðahálsi.

»

**Rúmlega 230 ökutæki urðu fyrir bikblæðingatjóni í desember 2020.**

Rúmlega 230 ökutæki urðu fyrir tjóni af völdum bikblæðinga á Norður- og Vesturlandi í desember í fyrra. Greiddi Vegagerðin tjón upp á tæpar 30 milljónir króna.

Fram kemur í svari Vegagerðarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins að örfáar tilkynningar hafi borist í haust, en í þeim tilfellum hafi ekki verið staðfest að um blæðingar hafi verið að ræða. ■

# Kindaskítur kollvarpar vitneskju vísindamanna um landnám Færeyja

Ný rannsókn á setlögum á Austurey sýnir að kindur, og þar með fólk, var í Færeyjum í kringum 500 eftir Krist, áður en víkingarnir komu til eyjanna. Nýlátinn vísindamaður hafði áður komið fram með sams konar tilgátur.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Ekki er líffræðileg vitneskja um nein spendýr í Færeyjum fyrir landnám. MYND/HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR

**FÆREYJAR** Rannsóknir á færeyskum kindaskítsleifum hafa leitt í ljós að landnám í eyjunum hófst fyrr en áður var talið. Nánar tiltekið í kringum árið 500 eftir Krists burð, en ekki um 800, þegar vitað er að Norrænir menn námu land. Rannsóknin var gerð af vísindamönnum við Wyoming-háskóla í Bandaríkjunum á setlögum úr stöðuvatni.

„Hvert okkar í teyminu notar mismunandi aðferðir til að greina setlögin og við fáum skilning á því hvernig umhverfið hefur breyst, meðal annars með tilkomu fólks,“ sagði jarðfræðingurinn Lorelei Curtin, sem leiddi rannsóknina, við sjónvarpsstöðina CNN. En teymið naut stuðnings fornleifafræðingsins Simun Arge hjá þjóðminjasafni Færeyja. Rannsóknin var birt á fimmtudag í tímaritinu Communications Earth & Environment.

Til eru skriflegar heimildir frá munkum á Bretlandseyjum, sem segja frá tilvist eyja sem gætu vel verið Færeyjar, eldri en landnám Norrænna manna. Hin nýju gögn renna stoðum undir þessar frásagnir þó að þau segi ekki til um hverrar þjóðar fólk átti umræddar rollur.

Rannsóknin fór fram á setlögum í stöðuvatni við bæinn Eiði á Austurey, næststærstu og næstfjölmennustu eyju Færeyja. Borað var tæplega þrjá metra ofan í botn stöðuvatnsins til að sækja setlög, sem sýna 10 þúsund ára umhverfissögu vatnsins og umhverfisins í kring.

Klár ummerki um kindaskít fundust í setlögunum, á dýpi sem hægt var að rekja til árabilsins 492 til 512 eftir Krist. Hægt er nema dýrategundina út frá líffræðilegum eiginleikum skítsins og greiningu á erfðaefni, en engin spendýr voru á Eyjunum fyrir þennan tíma. Hið þekkta íslenska landnámsöskulag, úr stórgosi á Veiðivatna- og Torfajökulssvæðinu með miklu gjóskufalli, var notað til þess að reikna út ártöl sem kindaskíturinn varð til á.

Skoski fornleifafræðingurinn Kevin Edwards rannsakaði bygg í Færeyjum árið 2013 og kom þá með tilgátu um að breytingarnar á gróðri væru slíkar að mjög líklegt væri að landnám eyjanna hefði orðið löngu fyrir tíma víkinga, jafnvel 300 árum eftir Krist. Gögn úr hinni nýju rannsókn eru meira afgerandi, en sú rannsókn er tileinkuð Edwards, sem lést fyrr á þessu ári.

Rannsóknin sýnir hins vegar engin merki um kindur eftir þennan tíma. Það rímar einnig vel við rannsókn Edwards, sem sýndi byggið hverfa á tiltölulega skömmum tíma. Miðað við þetta má gera ráð fyrir því að landnám þessa ókunna fólks hafið dáið út milli 500 og 600 eftir Krist, 200 árum fyrir landnám víkinganna. ■


## Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs
um þróunarsamvinnu




Hefur fyrirtæki þitt áhuga á að vinna að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífs um þróunarsamvinnu.

Fyrirtæki leggja þannig af mörkum við að draga úr fátækt og stuðla að sjálfbærni með eflingu atvinnu- og viðskiptalífs í þróunarlöndum. Um leið auka þau samkeppnishæfni sína á framtíðarmörkuðum. Sérstaklega er hvatt til þess að verkefni stuðli að jafnrétti kynjanna og að jákvæðum umhverfis- og loftslagsáhrifum.

- Allar upplýsingar er að finna í verklagsreglum og lista yfir gjaldgeng samstarfslönd undir **www.utn.is/atvinnulifssjodur**
- Umsóknir þurfa að berast í gegnum miðlæga þjónustugátt hins opinbera: **www.island.is/atvinnulifssjodur**
- Styrkir verða auglýstir þrisvar sinnum á árinu 2022 með umsóknarfresti **3. febrúar**, **3. maí** og **3. október 2022**.
- Fyrirspurnir um sjóðinn skal senda á netfangið **atvinnulifssjodur@utn.is**

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

**Stjórnarráð Íslands**
Utanríkisráðuneytið




Bensínleki úr tanki N1 olli mengunarslysi fyrir meira en tveimur árum síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Þolendur bensínlekans ósáttir við matsgerðina

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Hreinsun hefst brátt á svæðinu á Hofsósi þar sem bensínleki úr tanki N1 olli miklu mengunarslysi fyrir meira en tveimur árum síðan. Matsgerð er nýlokið fyrir tjón sem tvær fjölskyldur urðu fyrir.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður annarrar fjölskyldunnar, segir umbjóðendur sína ósátta við matsgerðina, því ekki hafi verið komið til móts við þörf þeirra fyrir nýtt hús. Verið sé að reyna að ná samkomulagi við N1 en upphæðir verði ekki gefnar upp að svo stöddu.

„Húsið var metið óíbúðarhæft og verðlaust,“ segir Ragnar. Fjölskyldan hafi ekki getað verið heima hjá sér í meira en tvö ár og fari ekki þangað á næstunni. Þau hafi búið í uppgerðu sumarhúsi í nágrenni Hofsóss þennan tíma.

Í nóvember gaf Umhverfisstofnun N1 út fyrirmæli um hreinsun, byggðum á úrbótaáætlun sem N1 lét gera. Sveitarfélagið hefur samþykkt framkvæmdaáætlunina og hreinsun getur hafist. Forsvarsmenn sveitarfélagsins eru hins vegar ekki að öllu leyti sáttir við málalyktir.

„Þarna eru fyrirmæli um loftskipti, undirþrýsting og slíkar aðgerðir sem geta tekið allt að tveimur árum. Við vildum frekar jarðvegsskipti,“ segir Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Skagafjarðar.

Hann segir þetta ekki tekið úr lausu lofti, heldur hafi sú verkfræðistofa sem unnið hafi rannsóknir fyrir sveitarfélagið, talið jarðvegsskipti mun öruggari. Harmar sveitarstjórnin að Umhverfisstofnun hafi ekki tekið tillit til óska sveitarfélagsins nema að litlu leyti.

Samkvæmt Sigfúsi hafa kærumál gagnvart N1 ekki verið útilokuð. „Við erum að skoða það. Við höfum ráðist í mikinn kostnað vegna rannsókna og lögfræðivinnu. Við erum eigendur lóðanna og götunnar þannig að við áskiljum okkur allan þann rétt til að endurkrefja allan þann kostnað sem fellur á okkur,“ segir hann. ■

**„Húsið var metið óíbúðarhæft og verðlaust.“**

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður




## Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 18. desember | 11.00 - 18.00 |
| Sunnudagur 19. desember | Lokað |
| Mánudagur 20. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 21. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| **Miðvikud 22. desember**<br>***Kringlan og Smáralind***<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | **11.00 - 19.00**<br>**11.00 - 20.00**<br>10.00 - 20.00 |
| **Fimmtud. 23. des. – Þorláksmessa** | **10.00 - 22.00** |
| **Föstud. 24. des. – aðfangadagur** | **9.00 - 13.00** |
| Laugardagur 25. des.– jóladagur | Lokað |
| Sunnudagur 26. desember – annar í jólum | Lokað |
| Mánudagur 27. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 28. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 29. desember<br>*Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 11.00 - 18.00<br>10.00 - 20.00 |
| **Fimmtudagur 30. desember** | **10.00 - 20.00** |
| **Föstudagur 31. des. – gamlársdagur** | **9.00 - 14.00** |
| Laugardagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár
og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN

**VERSLUM TÍMANLEGA FYRIR HÁTÍÐIRNAR**
Það er rólegra hjá okkur fyrri hluta dagsins og vikunnar

EXTRA

VINSÆL VARA




6999 kr.stk.

Krinner Jólatrésfótur



COSTCO vara

3699 kr.pk.

Hallmark Gift Bags 16 stk

EXTRA ÓDÝRT




2499 kr.stk.

Q.S. Mackintosh Tin 2 kg

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

# Covid-jól í skugga Omíkron

Omíkron-afbrigðið virðist ætla að skyggja á jólavertíðina víðs vegar um heiminn. Víða um lönd hafa samkomutakmarkanir verið hertar.

thorvardur@frettabladid.is

**COVID-19** Hátíðahöld um jól og áramót verða í skugga Covid-faraldursins annað árið í röð, faraldurs sem er í sókn víðast hvar. Omíkron-afbrigðið fer sem eldur í sinu um heimsbyggðina og víða um heim annar framboð af örvunarskömmtum ekki eftirspurn.

Fjölmörg ríki hafa gripið til hertra sóttvarnaaðgerða, meðal annars tilkynntu dönsk stjórnvöld um slíkt í gær. Þar hefur smitum fjölgað hratt að undanförnu og er nú fimmta hvert smit sem þar greinist af völdum Omíkron. Aðgerðirnar taka gildi klukkan átta í fyrramálið.

Í Osló í Noregi hefur herinn verið kallaður út til að aðstoða við bólusetningar og skimanir. Í Bretlandi greindist í gær metfjöldi smita, þriðja daginn í röð. Þau voru 93 þúsund og í London greindist einn af hverjum fimmtíu íbúum með Covid í síðustu viku.

Nú hafa 800 þúsund Bandaríkjamenn látist af völdum Covid og hvergi hafa fleiri látist af þeim sökum. Af þeim eru þrír fjórðu 65 ára og eldri. Í Kanada hafa sóttvarnaaðgerðir verið hertar í mörgum fylkjum þar sem metfjöldi smita greinist dag eftir dag.

Í Suður-Afríku, þar sem vísindamenn komu fyrst auga á afbrigðið, er smitum að fækka og ólíkt fyrri bylgjum hefur sjúkrahússinnlögnum ekki fjölgað í takti við smitfjölda.

Samkvæmt nýrri breskri rannsókn bendir hins vegar ekkert til þess að smit af völdum Omíkron séu minna alvarleg en af Delta. Líkur á að smitast aftur af Covid séu fimm sinnum meiri af völdum Omíkron en af öðrum afbrigðum.

„Samkvæmt rannsókninni eru engar sannanir fyrir því að Omíkron sé minna alvarlegt en Delta, hvort sem horft er á fjölda þeirra sem smitast og finna fyrir einkennum, eða fjölda þeirra sem eru lagðir inn eftir smit,“ segir Neil Ferguson, smitsjúkdómafræðingur og ráðgjafi bresku ríkisstjórnarinnar, sem fór fyrir rannsókninni, í yfirlýsingu. Þó séu gögn um innlagnir „enn mjög takmörkuð“. ■




Covid-smitum í New York fjölgar stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Í Bretlandi greindist í gær metfjöldi smita, þriðja daginn í röð. Óvíst er um næstu skref ensku úrvalsdeildarinnar þar sem rúmlega helmingur liðanna glímir við smit í leikmannahóp.

## ÚTVISTUN Á REKSTRI FAGGILTRAR MÆLIFRÆÐISTOFU OG FAGGILTAR KVÖRÐUNARÞJÓNUSTU

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun starfrækir nú faggilta mælifræðistofu og faggilta kvörðunarþjónustu á grundvelli VIII. kafla laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Hefur stofnunin hafið undirbúning að því að útvista rekstri faggiltrar mælifræðistofu og faggiltrar kvörðunarþjónustu.

Vegna þessa er óskað eftir umsóknum frá aðilum sem vilja taka að sér rekstur faggiltrar kvörðunarþjónustu eða tryggja aðgang að slíkri þjónustu þar sem öllum sem þess óska verður veittur aðgangur að rekjanlegum kvörðum og faggiltri kvörðunarþjónustu auk þess að framkvæma almennar, ófaggiltar kvarðanir og löggildingar.

Einungis kemur til greina að semja við aðila sem hefur reynslu og víðtæka þekkingu af rekstri faggiltrar mælifræðistofu og/eða faggiltri kvörðunarþjónustu.

Gert er ráð fyrir því að sá aðili sem samið verður við taki yfir tímabundinn leigusamning Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um 307 m2 húsnæði á jarðhæð að Borgartúni 21, þar sem mælifræðistofa stofnunarinnar er nú starfrækt. Jafnframt er gert ráð fyrir að sá aðili sem samið verður við skuldbindi sig til að bjóða þeim starfsmönnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem starfa við mælifræðistofu og faggilta kvörðunarþjónustu starf. Þá er gerð krafa um að sá aðili sem gengið verður til samninga við taki á leigu þau tæki sem eru á mælifræðistofu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Ólafsson framkvæmdastjóri hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Johann.Olafsson@hms.is.

Óskað er eftir því að umsóknir berist til Landslaga slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík eða á netfangið aslaug@landslog.is eigi síðar en 6. janúar 2022.




**MG EHS Plug-in Hybrid – 7 ára ábyrgð**
**Verð frá 5.190.000 kr.**

Einstaklega sparneytin bensínvélin og viðbragðsgóður rafmótor MG EHS Plug-in Hybrid skila samanlagt 258 hestöflum og eldsneytisnotkun upp á aðeins 1,8 l/100 km. Li-ion 16,6 kWh rafhlaðan skilar 52 km drægi á rafmagninu einu saman í blönduðum akstri samkvæmt WLTP-prófunum. Saman skila þessir þættir sér í lægri rekstrarkostnaði MG EHS Plug-in Hybrid.

Komdu og reynsluaktu þessum rúmgóða og þægilega fjölskyldubíl.

FLEX

LANGTÍMALEIGA
**112.190 kr. á mánuði.**
M.v. 36 mán. og 18.000 km á ári.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L













## GJAFAVARA

**1.** Lene Bjerre meyjarstytta, gyllt. H42 cm. **11.990 kr.** Ljósgrá. H32 cm. **7.290 kr.** **2.** Nordal Rava skál. H15 cm. **8.990 kr.** **3.** Nordal Mahe kertastjaki. H17 cm. **7.490 kr.** **4.** Iittala Miranda. skál 14,5 cm. **Verð frá 6.990 kr.** **5.** Nordal Avaji vasi. H23 cm. **10.990 kr.** **6.** Nordal Avaji tertudiskur. Ø30,5 cm. **14.990 kr.** **7.** Lene Bjerre kertahús. Kirkja. H40,5 cm. ~~11.990 kr.~~ **Nú 9.592 kr.** Hús. H17 cm. ~~5.990 kr.~~ **Nú 4.792 kr.** **8.** Kare Marvelous Duo Kertastjaki. H49 cm. **12.990 kr./stk.**

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
Dalsbraut 1
**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**AFGREIÐSLUTÍMI TIL TIL JÓLA**
**18. des. 11–18 | 19. des. 13–18 | 20. - 22. des. 11–19**
**Þorláksm. 23. des. 11–20 | Aðfangad. 24. des. 10–13**
















**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

**HÚSGAGNA HÖLLIN**


Elías Svavar rær frá Dröngum á hverju sumri og leggur upp í Norðurfirði, en hann er alinn upp á Dröngum .


Drangaskörð í öllu sínu veldi. Norðan þeirra er landnámsjörð Eiríks rauða að finna og þar fæddist að líkindum Leifur sonur hans heppni.

# Friður sé með Dröngum


**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Náttúruverndarsinnar munu minnast ársins 2021 fyrir friðlýsingu Dranga á Ströndum norður, en ákvörðun Guðmundar Inga Guðbrandssonar, þáverandi umhverfisráðherra í þá veru, á síðustu dögum sínum í því embætti, þótti djörf og snöfurmannleg, svo og söguleg, en jörðin Drangar er þar með fyrsta landsvæðið á Íslandi sem friðlýst er sem óbyggt víðerni.

ser@frettabladid.is

**VESTFIRÐIR** Friðlýsta svæðið nær frá Drangaskörðum, sunnan jarðarinnar Dranga, að Bjarnarfjarðará í samnefndum firði neðan Drangajökuls og er alls 105 ferkílómetrar að stærð, en þar af eru níu ferkílómetrar í hafi.

### Í nafni síðustu bænda

Elías Svavar Kristinsson, sjómaður, sem ættaður er af Dröngum, var ásamt bræðrum sínum einn helsti hvatamaður að friðlýsingu Dranga í minningu foreldra sinna, hjónanna Önnu Jakobínu Guðjónsdóttur og Kristins Halls Jónssonar, sem voru síðustu bændur á Dröngum.

Elías segir það einfaldlega hafa verið skyldu Drangamanna að búa svo um hnútana að landshlutinn norðan skarða verði upprunalegur um aldur og ævi. „Afkomendur okkur eiga skilið að njóta náttúruupplifunar svæðisins í sama mæli og við sem komum á undan,“ segir hann og minnir á að hans kynslóð sé farin að berja nestið.

### Gjöful jörð

Hann segir jörðina einstaka á marga vegu, auðvitað við ysta haf og utan vegarsambands, en hún sé einnig áminning um hvernig forfeðurnir lifðu í afskekktustu sveitum landsins.

> „Magnaðast þykir mér þó að leggjast á bakið í eitt af skörðunum og horfa til himins. Þá fljúga múkki og rita yfir hausnum á manni eins og orrustuþotur.
>
> Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir

Og hann sýtir ekki hlutskipti æskunnar þegar um 20 manns bjuggu að Dröngum við atlæti gott, enda matinn um allt að finna, selinn í flæðarmálinu, fiskinn þar utar, hvalinn hér áður fyrr og ekki hafi fuglatekjan norður í Hornbjargi verið lítil búbót fram eftir sumri, en þess utan hafi grónar kvosirnar í grennd við bæinn verið upplagðar til fjárræktar.

### Hátt verndargildi

Í tilkynningu stjórnvalda um friðlýsingu Dranga segir að umrætt svæði austan Drangajökuls sé hluti af víðáttumiklu, samfelldu, óbyggðu víðerni á Vestfjörðum. Verndargildi svæðisins sé mjög hátt á bæði íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða og felist fyrst og fremst í víðerni, tilkomumiklu landslagi og náttúruupplifun.

Undir þetta tekur Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir, sem talað hefur fyrir friðlýsingu merkilegra náttúruvætta á Íslandi í áraraðir. „Drangavík er með fallegustu tjaldstæðum á landinu. Fjaran er skreytt rekaviðardrumbum og þarna er auðvelt að finna fallegt tjaldstæði innan um þá með fallegasta útsýni að Dröngunum.“

### Ósnortin náttúra

Hann mælir með að ganga út eftir skörðunum, en enn skemmtilegra sé að ganga í gegnum eitthvert þeirra. „Magnaðast þykir mér þó að leggjast á bakið í eitt af skörðunum og horfa til himins. Þá fljúga múkki og rita yfir hausnum á manni eins og orrustuþotur.“

Og Tómas bætir við. „Það er þessi heild og ósnortna náttúra sem er svo heillandi. Einstakir fossar úti um allt sem flestir eru nafnlausir en inn á milli frægari fossar eins og Hvalárfoss, Eyvindarfjarðarfoss, Drynjandi og Rjúkandi.“ ■


Bærinn Drangar á ystu mörkum Íslandsbyggðar, en þar var byggð til 1966 og búið þar áður, með hléum, frá því Eiríkur rauði var og hét.
MYNDIR/TG/ÓMB


Engum leiðist að líta Drangaskörðin augum. Þar undir voru verbúðir á öldum áður, en stutt var þaðan að róa til gjöfulla fiskimiða.




20% AFSL.
AF SKÍÐAPÖKKUM FRAM AÐ JÓLUM
Á AÐ SKELLA SÉR Í BREKKURNAR Í JÓLAFRÍINU?
ÚTILÍF | í jólaskapi

# **ÖLL** JÓLAVARA
# **20-60%**
# AFSLÁTTUR

## **SPARIÐ 20%**
AF ÖLLUM **SKRIFBORÐUM**
OG **SKRIFBORÐSSTÓLUM**

TILBOÐ GILDIR TIL 20.12



**OPIÐ TIL**
**22:00**
OPIÐ TIL 20:00
AÐ FITJUM

## **SPARIÐ 25%**
AF ÖLLUM **SÆNGURVERUM**

TILBOÐ GILDIR TIL 20.12



VEFVERSLUN
**RFL.IS**
ALLTAF OPIÐ

**RÚMFATA LAGERINN**

# Allir tapa



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Ólíkt hafast þeir að, Seðlabanki Evrópu og Seðlabanki Íslands, en sá fyrrnefndi vill alls ekki ógna stöðugleikanum með vaxtahækkunum á óvissutímum, á meðan sá síðarnefndi hækkar vextina ítrekað, úr 0,5 prósentum í 2 prósent á skömmum tíma.

Meginrök evrópska Seðlabankans fyrir því að halda vöxtunum áfram í 0,0 prósentum eru þau að álag farsóttarinnar á hagkerfið séu tímabundin, áhrifin muni fjara út, en engin ástæða sé til að fara efnahagslega á taugum þegar geta og sjálfbærni hagkerfisins liggi fyrir, hækkun vaxta veiki það meira en styrki.

Hjá íslenska Seðlabankanum eru rökin önnur, en slá þurfi á putta verðbólguhvatans sem einkum stafi af hækkun íbúðaverðs. Áhrifin eru augljós: Annar tveggja helstu kostnaðarliða atvinnulífsins, á eftir launum, er fjármagnskostnaður, en hækkun hans mun fara rakleiðis út í verðlagið. Og það eykur verðbólgu, fyrir nú utan hitt, að hærri vextir ræna heimilin í landinu upp undir 50 þúsundum á mánuði vegna vaxta á íbúðalánum.

Hækkun vaxta er nefnilega verðbólguhvetjandi. Hækkun vaxta veldur fyrirtækjunum erfiðleikum. Og hækkun vaxta bitnar á heimilunum.

En þetta er dæmigert. Alltaf skal Íslendingurinn tapa í ófyrirsjáanlegasta hagkerfi álfunnar. Allir tapa er nefnilega átak sem er séríslenskt fyrirbæri. ■

## Ríkis-stjórnin

Ríkisstjórnum hættir til að vera ríkissinnaðar, hampa ríkisrekstri fremur en einkarekstri, hlaða undir embættismennskuna fremur en almennan vinnumarkað. Og hættan er einkum sú að setja nýja stofnun á fót sem flýtur hægt og sofandi að feigðarósi, en eftir situr í flæðarmálinu einhver hópur ríkisstarfsmanna sem þarf á nýjum verkefnum að halda.

Ríkisvæðingin er regla, fremur en að gefa einkafyrirtækjunum aukið svigrúm og súrefni, en þau eru hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi og forsenda velferðar í landinu.

En báknið vex meira en allt annað á þessum markaði. Ríkisstarfsmönnum fjölgar sem aldrei fyrr. Og þótt sterk og öflug opinber þjónusta sé mikilvæg á svo mörgum póstum er líka spurning hvort hún hafi runnið sitt skeið á öðrum sviðum.

Ríkisstjórnarbræðingur hægri- og vinstrimanna í landinu gæti verið upplagður kokteill að enn frekari ríkisumsvifum. Með því verður fylgst næstu fjögur árin. ■

> „En báknið vex meira en allt annað á þessum markaði. Ríkisstarfsmönnum fjölgar sem aldrei fyrr.




## Gunnar




## Mín skoðun

# Hvern tilnefnir þú?



**Sif Sigmarsdóttir**

Embættismenn í þýsku borginni Potsdam gerðu vandræðalega uppgötvun nýverið. Í ljós kom að Joseph Göbbels, hinn alræmdi áróðursmálaráðherra nasista, var enn á lista yfir heiðursborgara Potsdam. Göbbels hafði verið sæmdur titlinum árið 1938. Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar voru framámenn nasistaflokksins á borð við Hitler og Göring sviptir heiðursborgarasessi. Fyrir slysni fékk Göbbels hins vegar að halda nafnbótinni í 75 ár eftir andlát sitt.

Gjarnan er sagt að rjóminn rísi upp á topp. Það gerir kúkurinn í lauginni líka.

**„Teflt við páfann“**

Fyrstu vatnsklósettin sem vitað er um eru frá um 2800 fyrir Krist, en leifar þeirra fundust í Indusdalnum þar sem nú er Pakistan. Uppfinningunni var þó lengi mætt með tregðu. Á 16. öld efaðist fólk enn um tækninýjungina, þegar guðsonur Elísabetar I. Englandsdrottningar hannaði klósett og gaf henni. Sagan segir að drottningin hafi kunnað illa við lætin sem heyrðust þegar hún sturtaði niður; hún vildi ekki að öll hirðin vissi af því þegar hún tefldi við páfann.

Enn árið 2021 valda eigin hægðir hinum viti borna manni höfuðverk. Milljarðamæringurinn Elon Musk var í vikunni valinn maður ársins af tímaritinu Time. Musk, sem þekktur er fyrir að reka rafbílaframleiðandann Tesla og geimferðafyrirtækið Space-X, gefa skít í skattheimtu og sóttvarnaaðgerðir og skrifa svo kraftmiklar Twitter-færslur (á klósettinu að eigin sögn) að þær valda brimróti á verðbréfamörkuðum, komst að því nýverið að háleitustu plön eru ekki hafin yfir lægstu þarfir. „Við þurfum að endurbæta klósettin,“ skrifaði Musk á Twitter eftir geimskot SpaceX í september, þegar fyrstu ferðamennirnir á vegum fyrirtækisins voru sendir út í geim, og skólp ógnaði geimskutlunni.

En kúkur er á ýmsu formi.

**Handleggur eða hakakross**

Uppskeruhátíð þeirra, sem skara fram úr að visku, gæsku eða atgervi, er gengin í garð. Landsmönnum gefst nú kostur á að tilnefna manneskju ársins í hinum ýmsu fjölmiðlum.

Deyr fé, deyja frændur; öllum er annt um orðstírinn. Breski blaðamaðurinn Will Storr heldur því fram að praktísk ástæða liggi þar að baki. Í nýrri bók, The Status Game, færir Storr rök fyrir því að óþrjótandi þörf okkar fyrir metorð stýri allri mannlegri hegðun. Ástæðan sé sú að mannkynið lifði af með því að vinna saman í hópum. Þeir einstaklingar, sem gátu áunnið sér virðingu hópsins, uppskáru mesta velgengni. Þeir lifðu meira að segja lengur, því metorðum fylgdi meiri matur, stærri landsvæði og betri heilsa.

Vegtyllur bæði Göbbels og Musk eru umdeildar. Markmiðið með slíkum viðurkenningum er þó ljóst. Með því að hefja þá til metorða sem taldir eru hafa með framferði sínu orðið heildinni að gagni, sjáum við hin ávinning þess að breyta rétt. En hvers vegna færum við okkur ekki í not hina hlið sama penings?

Samkvæmt Storr veldur fátt meiri angist en að færast niður metorðastigann. Könnun sýndi að 70 prósent Bandaríkjamanna myndu heldur láta taka af sér annan handlegginn en húðflúra hakakross á ennið á sér.

Í stað þess að velja manneskju ársins, af hverju ekki að velja kúk ársins og þannig letja þá, sem hneigjast til framferðis sem skaðar hagsmuni heildarinnar, frá slíkri hegðun? Listi yfir tilnefningar gæti innihaldið:

- Blóðmerabændur sem tappa blóði af fylfullum hryssum svo að sæða megi gyltur í svínabúum aðeins örar.
- Skæruliðadeild sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja sem seldi sál sína fyrir sæmilega borgaða innivinnu.
- KSÍ.
- Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.

Hvern tilnefnir þú kúk ársins? ■

> „En kúkur er á ýmsu formi.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

SR30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

TILVALIN JÓLAGJÖF!




NÝÁRSTÓNLEIKAR

# GULLÖLD SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir nýárstónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

- **9. JANÚAR**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**

# Stormasamt ár í Laugardalnum

Í fyrsta íþróttaannál ársins fer Fréttablaðið yfir öll þau vandræði sem hafa ratað á borð Knattspyrnusambands Íslands á árinu. Athyglin var á hlutum sem áttu sér stað utan knattspyrnuvallarins og ásökunum um tilraun stjórnar KSÍ til að þagga niður ofbeldisbrot landsliðsmanna. Máttarstólpar gullaldarliðs karlalandsliðsins voru sakaðir um hin ýmsu brot.




Fjallað var um mál Gylfa Þórs og Ragnars í úttektarskýrslu starfsnefndar ÍSÍ sem kom út í desembermánuði.

## Meintu ósætti neitað

Í vor gaf Guðjón Þórðarson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, til kynna í hlaðvarpsþættinum The Mike Show, að ósætti milli Eiðs Smára Guðjohnsen og Gylfa Þórs Sigurðssonar hefði gert það að verkum að Gylfi gaf ekki kost á sér í fyrsta verkefni landsliðsins undir stjórn nýs þjálfarateymis. Gylfi kvað þessar sögusagnir niður í samtali við DV og sagði ekkert til í því að það væri ósætti milli hans og Eiðs.

» Gylfi kvað þessar sögusagnir niður.

## Mál Kolbeins opnaði á umræðuna

Undir lok sumars fullyrti Guðni Bergsson í samtali við Fréttablaðið að KSÍ hefði ekki borist erindi um ofbeldis- eða kynferðisbrot vegna landsliðsmanna á tíma sínum sem formaður KSÍ.

Degi síðar endurtók Guðni fullyrðinguna í Kastljósi, sem leiddi til þess að Þórhildur Gyða Arnarsdóttir steig fram og greindi frá ofbeldi af hálfu Kolbeins Sigþórssonar og gagnrýndi um leið vinnubrögð KSÍ í ofbeldismálum.

Máli sínu til rökstuðnings var Þórhildur með gögn sem sýndu fram á samskipti milli föður hennar og Guðna frá 2018, um ofbeldisbrot af hálfu Kolbeins og um þátttöku hans í landsliðsverkefnum.



Kolbeinn deilir markametinu hjá karlalandsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kolbeinn var annar tveggja leikmanna sem voru teknir úr landsliðshópnum fyrir næsta verkefni og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann staðfesti að hafa samið við Þórhildi og vinkonu hennar vegna ofbeldismálsins, en fullyrti að hann kannaðist ekki við umrædd atvik sem áttu að hafa átt sér stað.

## Grunur um heimilisofbeldi hafi átt heima á borði lögreglu

Í skýrslu ÍSÍ kom fram að lögreglan hefði verið kölluð að heimili leikmanns karlalandsliðsins árið 2016 vegna gruns um heimilisofbeldi. Lögreglan hefði verið kölluð til eftir ábendingar frá nágranna. Áður kom fram á vef Fréttablaðsins að um væri að ræða Ragnar Sigurðsson.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti í skýrslu starfshóps ÍSÍ að hún hefði vitað af málinu og látið Geir Þorsteinsson, þáverandi formann KSÍ, Magnús Gylfason og Guðna Bergsson vita um málið. KSÍ hefði hins vegar ályktað að þar sem málið átti sér stað utan landsliðsverkefnis hefði KSÍ metið það sem svo að það væri í verkahring lögreglunnar.

» Fyrrum eiginkona Ragnars lýsti yfir vonbrigðum með vinnuhætti KSÍ í skýrslu ÍSÍ.

Í skýrslu ÍSÍ fullyrti Magnús, sem sat þá í landsliðsnefnd karlalandsliðsins, að hann hefði fundað með Ragnari og eiginkonu hans degi síðar og að ekkert hefði bent til þess að þetta hefði átt sér stað.

Fyrrverandi eiginkona Ragnars leiðrétti þetta við ÍSÍ sama dag og skýrslan kom út og sagðist ekki hafa rætt við Magnús um málið. Geir sagði að málið hefði ekki verið „formlega á borði KSÍ og um einkalíf leikmannsins væri að ræða“, en sagði mögulegt að hann hefði ráðlagt Magnúsi um almannatengil sem gæti aðstoðað í slíkum málum. Umrædd eiginkona lýsti yfir vonbrigðum með vinnubrögð KSÍ í málinu.

## Stjórnin sagði af sér

Í upphafi sumars greindi kona frá kynferðisbroti, á samskiptamiðli sínum, sem átti sér stað árið 2010. Í skýrslu úttektarnefndar ÍSÍ kom fram að æðstu stjórnendur KSÍ hefðu í byrjun júní fengið upplýsingar um alvarlegt kynferðisbrot af hálfu tveggja leikmanna karlalandsliðs Íslands, eftir leik gegn Danmörku í Kaupmannahöfn 2010, frá tengdamóður fórnarlambsins, sem hefur starfað fyrir KSÍ um árabil.

» Í ljósi aðstæðna var óskað eftir því að óháð nefnd á vegum ÍSÍ myndi rannsaka háttsemi stjórnar KSÍ í málinu.

Tveimur mánuðum síðar vakti pistill Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur á Vísi athygli, þar sem Hanna sagði KSÍ beita sér fyrir því að þagga niður ofbeldisásakanir í garð karlalandsliðsins. Um miðjan ágúst ítrekaði Guðni við stjórn KSÍ að engin slík mál hefðu komið formlega inn á þeirra borð en það var ekki fyrr en undir lok mánaðarins sem stjórn KSÍ og starfsfólk fékk staðfestingu á að um væri að ræða málefni tveggja landsliðsmanna. Tveimur dögum síðar bauðst Guðni til að stíga tímabundið til hliðar á meðan úttekt yrði gerð á málinu, en þegar það hlaut ekki meðbyr sagði Guðni af sér. Degi síðar sagði stjórn KSÍ af sér.




Guðni Bergsson átti hálft ár eftir af öðru kjörtímabili sínu sem formaður KSÍ þegar hann sagði starfinu lausu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Heill heimur
af útivistarfatnaði,
skóm og fylgihlutum
ICEWEAR ICELAND
SALEWA
ASOLO
H/H
Gleðilega útivist
ICEWEAR MAGASÍN
LAUGAVEGUR 91



Enn er beðið eftir niðurstöðu rannsóknar á máli Gylfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Handtekinn um sumarið í Bretlandi

Um miðjan júlímánuð bárust fréttir af því að Gylfi Þór hefði verið handtekinn í tengslum við kynferðisbrot gegn ólögráða stúlku. Rannsókn málsins hefur staðið yfir í hálft ár, en um miðjan októbermánuð kom fram á vef Fréttablaðsins að rannsókn málsins stæði yfir og að Gylfi yrði áfram laus gegn tryggingu, en í farbanni frá Bretlandseyjum.

Hann er ekki í leikmannahópi Everton og hefur Arnar Þór Viðarsson, þjálfari íslenska landsliðsins, verið stuttorður þegar hann hefur verið spurður út í samskipti við Gylfa og sagst ekki hafa átt í neinum samskiptum við hann.



Einu sigurleikir karlalandsliðsins í undankeppni HM 2022 voru gegn Liechtenstein. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Slakur árangur karlaliðsins

Karlalandsliðið í knattspyrnu átti í stökustu vandræðum í undankeppninni fyrir HM 2022 á þessu ári.

Vandræði utan vallar leiddu til þess að Ísland þurfti að nota 36 leikmenn í tíu leikjum og var niðurstaðan níu stig af þrjátíu. Tveir sigurleikir, báðir gegn Liechtenstein, og fimm tapleikir.

»

**Karlalandsliðið féll niður um sextán sæti á heimslistanum í ár.**



Aron Einar var ósáttur við afskiptasemi stjórnar KSÍ af landsliðsvalinu.

## Fyrirliðinn tekinn úr hópnum

Arnar Þór Viðarsson viðurkenndi að hafa hætt við að velja Aron Einar Gunnarsson í landsliðið fyrir leiki gegn Armeníu og Liechtenstein eftir viðræður við stjórn KSÍ, vegna ásakana um kynferðisbrot frá árinu 2010. Aron sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagðist vera settur saklaus til hliðar í nýrri útilokunarmenningu KSÍ. Kæra er á borði hjá lögreglu um umrætt atvik en Eggert Gunnþór Jónsson er einnig með réttarstöðu sakbornings.

## Mál aðstoðarþjálfara í brennidepli

Um mitt sumar fékk Eiður Smári Guðjohnsen, aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins, skriflega áminningu vegna starfsskyldna sinna og var settur í tímabundið leyfi frá störfum. Var ákvörðunin tekin eftir að myndband af honum í annarlegu ástandi í miðbænum birtist á samfélagsmiðlum. Í yfirlýsingu sinni lýsti KSÍ yfir stuðningi við Eið og sneri hann aftur í teymið í haust. Eftir síðasta verkefni karlalandsliðsins ákvað KSÍ hins vegar að nýta sér uppsagnarákvæði í samningi hans eftir gleðskap hjá karlalandsliðinu daginn eftir síðasta leikinn gegn Norður-Makedóníu.



Eiður Smári lét af störfum sem aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins á árinu.



Vanda lék á sínum tíma 37 leiki fyrir Íslands hönd.

## Vanda tók við

Boða þurfti til aukaþings hjá KSÍ þar sem kosin yrði ný stjórn og nýr formaður, eftir að þáverandi stjórn og formaður sögðu af sér.

»

**Vanda er fyrsta konan sem gegnir starfi formanns knattspyrnusambands í Evrópu.**

Fráfarandi stjórn sinnti áfram störfum að kröfu evrópska- og Alþjóðaknattspyrnusambandsins til þess að koma í veg fyrir að Ísland ætti á hættu að missa þátttökurétt sinn á mótum innan vébanda FIFA. Fjórum vikum síðar var Vanda Sigurgeirsdóttir kosin formaður KSÍ, fyrst kvenna og fyrst kvenna til að taka við embætti formanns í aðildarsambandi UEFA. Vanda er tíundi formaður KSÍ frá upphafi, en hún lék á sínum tíma 37 leiki fyrir Íslands hönd.

### Málin sem leiddu til þess að stjórn KSÍ féll

**3. júní**

Lykilstjórnendur KSÍ fá bréf um alvarlegt kynferðisbrot tveggja leikmanna karlalandsliðs Íslands árið 2010. Starfsmaður KSÍ sem kemur bréfinu áleiðis, segist tengjast brotaþola.

**13. ágúst**

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir sakar KSÍ um kvenfyrirlitningu og þöggun, í pistli á Vísi. Guðni sendir póst til stjórnar KSÍ þar sem hann segir erfitt að ræða málið, sem sé viðkvæmt. Stjórn KSÍ spyrst fyrir en Guðni segir engin ofbeldismál inni á sínu borði.

**26. ágúst**

Guðni segir í Kastljósi að KSÍ hafi ekki borist ábendingar um brot leikmanna landsliðsins. Samdægurs sendir starfsmaður KSÍ, sem tengist brotaþola, tölvupóst á starfsmenn og stjórn KSÍ, þar sem hún kveðst senda inn opinbera ábendingu þar sem ekki hafi verið hlustað á hana.

**27. ágúst**

Guðni viðurkennir í Kastljósi að hafa farið með rangt mál um að engin ofbeldismál hafi ratað inn á borð KSÍ. Sama kvöld greinir Þórhildur Gyða Arnarsdóttir á Rúv frá ofbeldismáli af hálfu Kolbeins Sigþórssonar sem átti sér stað árið 2017.

**29. ágúst**

Guðni segir af sér sem formaður KSÍ. Það er svo tilkynnt að tveir leikmenn hafi verið fjarlægðir úr landsliðshópnum fyrir næsta verkefni.

**30. ágúst**

Stjórn KSÍ segir af sér og boðar til aukaþings. Óskað er eftir því að nefnd á vegum ÍSÍ framkvæmi úttekt á viðbrögðum KSÍ í málinu.

**30. september**

Aron Einar er ekki valinn í landsliðshópinn. Landsliðsþjálfarinn neitar orðrómi um að stjórn KSÍ hafi meinað honum að velja Aron. Aron segist ekki skilja það öðruvísi en að hann sé settur saklaus til hliðar en staðfestir að hann sé sakaður um kynferðisbrot.

**4. nóvember**

Lagt er til að landsliðsfólk skrifi undir samninga sem taki mið af siðareglum af hálfu starfshóps sem KSÍ skipaði fyrr á árinu, til að endurskoða vinnuferla.

**7. desember**

Niðurstöður skýrslu ÍSÍ kynntar. Staðfest er að KSÍ hafi haft vitneskju um fjögur mál á ellefu ára tímabili. Niðurstaða skýrslunnar segir hins vegar að framganga stjórnarinnar, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna KSÍ í málinu, beri almennt ekki einkenni þöggunar eða nauðgunarmenningar.

Samdægurs sendir Guðni Bergsson, fráfarandi formaður KSÍ, frá sér yfirlýsingu í tilefni útgáfu skýrslunnar. Þar biðst hann ekki afsökunar en segir að hann hefði getað gert betur.




# HAGKAUP




4.989 kr




4.989 kr




6.999 kr




6.999 kr




7.499 kr




4.989 kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




3.789 kr




1.499 kr




2.299 kr

# HAGKAUP




3.299 kr




3.099 kr




3.399 kr




3.899 kr




2.789 kr




3.099 kr




2.999 kr




3.799 kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




9.999 kr




7.499 kr




6.499 kr

# HAGKAUP




3.999 kr




2.999 kr




3.899 kr




3.899 kr




3.899 kr




6.899 kr




2.999 kr




4.999 kr




**4.999** kr




**5.099** kr




**4.989** kr

# HAGKAUP




**4.999** kr




**4.499** kr




**6.499** kr




**4.999** kr




**9.499** kr




**4.989** kr




**2.599** kr




**5.199** kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




4.989 kr




3.589 kr




4.799 kr

# HAGKAUP




4.999 kr




4.789 kr




3.799 kr




8.900 kr




3.999 kr




2.299 kr



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Þróun mannsins

Það vilja allir verða gamlir en það vill enginn vera gamall, hefur maður stundum heyrt fleygt. Kannski er eitthvað til í því, auðvitað vilja flestir lifa sem lengst – að því gefnu að heilsan leyfi þeim að njóta lífsins og lystisemda þess. Kristbjörg Kjeld, ein ástsælasta leikkona okkar Íslendinga, prýðir forsíðu þessa tölublaðs.

Kristbjörg er komin hátt á níræðisaldur en stendur enn á leiksviði og tekur að sér hlutverk í kvikmyndum. Hún er þakklát fyrir sitt stóra lán í lífinu: Góða heilsu og geð.

Sannarlega er það lán að halda góðri heilsu, en það sem Kristbjörg getur sjálfri sér þakkað er forvitnin, lífsgleðin og viljinn til að gera alltaf betur í dag en í gær. Hún segir samfélagið þróast og sjálf þróist hún með, Kristbjörg hefur sannarlega upplifað aðra tíma en þá sem við þekkjum í dag, en festist ekki þar heldur lifir í núinu, með alls konar fólki á ýmsum aldri.

Kannski er það lykillinn? Að þróast og taka virkan þátt. ■

**”**

**Kannski er það lykillinn? Að þróast og taka virkan þátt.**

## Við mælum með

**Fjölskyldu- og húsdýragarðinum**
Það er ævintýri líkast að ganga um Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í skammdeginu, en jólaljós hafa veri sett upp um allan garðinn. Bæði í dag og á morgun er opið í garðinum til klukkan 21, en dýrahúsunum er lokað klukkan fimm. Hægt er að kaupa sér heita súpu, kakó og smákökur í garðinum og grillin eru opin, þar er tilvalið að grilla pylsur eða sykurpúða.






**Kaffibrugghúsinu**
Kaffibrugghúsið býður upp á ýmiss konar námskeið og fræðslu varðandi kaffi, bæði fyrir almenning og fagaðila. Þar er einnig hægt að kaupa ilmandi kaffi sem brennt er á staðnum og keypt er beint frá bónda eða í gegnum hrákaffimiðlara sem stunda sanngjörn viðskipti.



Íris og Svava hafa verið vinkonur í 25 ár og þegar Svava missti vinnuna ákváðu þær að galdra til sín ný tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

# Rómantík við Ránargötuna

Vinkonurnar Íris Ann Sigurðardóttir og Svava Ástudóttir opnuðu á dögunum kaffihúsið Lólu Flórens, sem jafnframt er vintage-verslun, við Ránargötuna. Þær verða í sérlegu jólaskapi um helgina og bjóða bæði afslátt og nornaspá á spottprís.

bjork@frettabladid.is



Á Lólu Flórens má gæða sér á gómsætum veitingum og kaupa vintage fatnað og húsbúnað.

Aðspurðar hvernig hugmyndin að Lólu Flórens hafi komið upp, svarar Íris að Svava hafi misst vinnuna í byrjun árs eins og margir á Covid-tímum. „Það dugði ekkert annað en að hugsa í lausnum og galdra til okkar ný tækifæri. Við sögðum upphátt „konur eru konum bestar – við sköpum okkur störf“, og í kjölfarið sáum við auglýst húsnæðið á Garðastræti 6.“

Íris Ann og Lucas Keller stofnuðu The Coocoo's Nest úti á Granda fyrir átta árum. Síðar bættist Luna Flórens við og svo rekstrarsamstarf við Kaffi Gauk í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, svo hún er ekki óreynd í bransanum.

„Markmið okkar hefur verið að skapa nýja upplifun fyrir hvern stað þó að grunngildin séu alltaf þau sömu: Handunnin mataruppliun og sjálfbærni í skapandi umhverfi,“ segir Íris. „Lóla Flórens sameinar það sem okkur finnst skemmtilegast í lífinu. Vintage fatnað, alls konar húsbúnað, ómissandi morgunkaffibollann og upplifun í góðu samtali, fatamátun og hvers vegna ekki flösku af prosecco?“ segir hún og hlær.

**Nokkurs konar hjónaband**
Vinskapurinn hófst fyrir kvartöld og segjast þær Íris og Ásta alltaf hafa staðið saman, í gegnum súrt og sætt.



Það er allt til sölu á Lólu Flórens.

„Við höfum systrakærleik að leiðarljósi og kannski er þetta nokkurs konar hjónaband hjá okkur, en í öllum samböndum þarf að vera gagnkvæm virðing. Við höfum báðar margt til að bera og drögum fram það besta hvor í annarri, sem gefur okkur styrk til að starfa saman,“ segir Ásta einlæg.

Þær segja góð og hvetjandi samskipti lykilinn og að á starfsmannaspeglinum séu orðin „Það gengur vel“ rituð með varalit til áminningar. Eitthvað virðist hvatningin virka því nú þegar mánuður er frá opnun segja þær viðtökurnar hafa verið stórkostlegar.

„Það er svo mikil fegurð og rómantík í að opna rekstur inni í íbúðahverfi. Við höfum þegar marga fasta viðskiptavini sem heilsa okkur með nafni og að lokum verða þeir bara kærir vinir eins og reynsla okkar er á Grandagarðinum,“ segir Íris.

**Heiðra Hjálpræðisherinn**
Hjálpræðisherinn var áður í 20 ár með fatasölu í húsnæðinu og langaði þær stöllur að heiðra minningu þeirrar verslunar og um leið hnýta arfleifðina saman við það sem þeim sjálfum þykir skemmtilegast.

„Hverfinu þótti leitt að sjá þau hverfa svo það kom ekki annað til greina en að vinna með það sem áður var – en á sama tíma uppfæra og bjóða upp á nýjan heim og nýja upplifun. Við skilgreinum okkur sem sjálfbæra verslun með fatnað fyrir konur, herra og börn og seljum húsgögn og húsbúnað. Það er reyndar allt til sölu hjá okkur,“ segir Ásta.

Eins og fyrr segir eru þær stöllur komnar í jólaskap og vilja um helgina þakka góðar móttökur.

„Það ætlum við að gera með því að bjóða 20 prósenta afslátt af vintage fötum, skóm og töskum. Einnig verða tilboð á veitingum, flæðandi prosecco á tilboði og nokkrar nornir á sveimi, sem bjóða upp á tarotörspá á góðu verði,“ segja þær að lokum. ■

## ■ Í vikulokin



Ólafur Arnarson

# Dvergríkið Ísland þarf einungis sex ráðherra

Útþensla ríkisbáknsins eykst enn með topplagið í broddi fylkingar. Í dvergríki okkar virðist ekki hægt að mynda ríkisstjórn nema fjölga ráðherrum. Og nú upp í tólf. Einhvern veginn kemst stórveldið Þýskaland af með sextán ráðherra. Þjóðverjar eru 250 sinnum fleiri en við!

Í stað tólf ráðherra með verkaskiptingu milli sín, sem virðist í besta falli vanhugsuð, væri eðlilegt og skynsamlegt að smáríkið Ísland hefði skilvirka ríkisstjórn, skipaða sex ráðherrum. Ríkisstjórn af þeirri stærðargráðu væri betur við hæfi smáríkisins.

Í Sviss búa 8,7 milljónir, eða 25 sinnum fleiri en á Íslandi. Í ríkisstjórn landsins eru sjö ráðherrar og komast vel af með sína málaflokka. Færa má góð og gild rök fyrir því að Svisslendingum hafi tekist betur upp með stjórn sinna mála en okkur Íslendingum. Merkilegt nokk, þar sem þeir hafa einungis 0,8 ráðherra fyrir hverja milljón íbúa á meðan við Íslendingar erum með 34 ráðherra á hverja milljón íbúa.

Verkaskiptingu íslenska stjórnarráðsins mætti hugsa sér svo: Forsætisráðherra færi einnig með utanríkismál. Atvinnuráðherra fyrir allt atvinnulífið. Fjármálaráðherra færi einnig með viðskiptamál og umhverfismál. Velferðarráðherra hefði heilbrigðis- og félagsmál á sinni könnu. Innanríkisráðherra færi með dómsmál, samgöngur og ýmsa innviði. Menntamál, menning og nýsköpun væri í höndum sjötta ráðherrans.

**”**

**Við Íslendingar erum með 34 ráðherra á hverja milljón íbúa.**

Ofvöxtur íslenska stjórnarráðsins bendir til djúpstæðrar minnimáttarkenndar íslenskra stjórnmála- og embættismanna sem brýst fram sem mikilmennskubrjálæði. Með því að fækka ráðherrum um helming væri smáþjóðin nær því að sníða sér stakk eftir vexti og stjórnvöld sýndu gott fordæmi í baráttu við taumlausa útþenslu báknsins. Eftir höfðinu dansa limirnir. ■

# Bækur í jólapakkann

Þú finnur úrval nýrra og glæsilegra erlendra bóka í Pennanum Eymundsson




Travel Book
**9.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 11.499 KR.




Paul McCartney: The Lyrics
**11.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 15.999 KR.




Parkers' Astrology
**6.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.

## 30% afsláttur af öllum erlendum matreiðslubókum




Taco Loco
**3.429 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.899 KR.




Sugar I Love You
**4.479 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.399 KR.




Thali
**3.989 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.699 KR.




Epic Vegan Quick and Easy
**4.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




Together
**4.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




Ottolenghi Test Kitchen: Shelf Love
**5.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 20. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson



Kristbjörg hefur gaman af því að skora á sjálfa sig og settist til að mynda á skólabekk sextug. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skrítið að vera alltaf undir mælikeri



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Kristbjörg Kjeld stendur um þessar mundir reglulega á sviði Borgarleikhússins í verkinu Er ég mamma mín? Auk þess æfir hún tvö verk fyrir stóru leikhúsin tvö og undirbýr aðalhlutverk í nýju verki, sem frumsýna á árið 2023. Þetta þætti kannski ekki í frásögur færandi nema að Kristbjörg er 86 ára gömul og löngu komin á eftirlaun.**

Það var flóknara en ég gerði mér í hugarlund að finna tíma til að hitta Kristbjörgu. Nú standa yfir stífar æfingar á verkinu Ein komst undan, í Borgarleikhúsinu, en verkið verður frumsýnt snemma á nýju ári og þar fer Kristbjörg með hlutverk einnar fjögurra kvenna. Eftir vinnudaginn þarf svo að sinna ýmsu eins og að fara í Covid-próf fyrir jólahádegisverð leikhússins þar sem Kristbjörg lætur sig auðvitað ekki vanta.

Vð mælum okkur mót á heimili Kristbjargar í Skuggahverfinu þar sem hún er ein frumbyggja í háhýsunum sem þar risu fyrir nokkru. Hér líður henni vel, með útsýni yfir hafið sem augljóslega skiptir hana máli enda alin upp í nálægð við sjóinn, í Innri-Njarðvík og Hafnarfirði.

**Ekki hægt að dæma gamla tíma**

Verkið Er ég mamma mín? eftir Maríu Reyndal, er byggt á minningum höfundar um uppreisn móður sinnar gegn fastmótuðum hlutverkum húsmóðurinnar á áttunda áratug síðustu aldar. Kristbjörg fer með hlutverk móðurinnar á efri árum og hlaut fyrir það Grímuverðlaunin árið 2020.

Á sviðinu birtist heimilislíf íslenskrar fjölskyldu á áttunda áratugnum ljóslifandi og hefst spjall okkar Kristbjargar á verkinu og þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu á ekki styttri tíma.

„Það er bara ekki hægt að dæma gamla tíma út frá því sem er í dag eins og mikið er gert,“ segir hún.

„María notaði svo sniðuga aðferð við skrifin, en hún var enn að klára að semja leikritið þegar við hófum æfingar, svo hlutverkið er nánast skraddarasniðið á mann.“

Verkið fjallar töluvert um hlutverk kynjanna sem voru önnur á þeim tíma sem verkið gerist á og eru fjölmörg atriðin grátbrosleg. „Sagan er svo sönn, þess vegna hlæjum við. Það sem kemur í útvarpinu, þetta er satt, er þetta ekki magnað?“ segir Kristbjörg og er þá að tala um brot úr útvarpsþáttum þessa tíma sem leikin eru í verkinu. Brotin eru úr þáttunum Forvitin Rauð, femínískum þáttum sem voru á dagskrá RÚV upp úr 1970.

„Þetta með borðstofustólana, það var ótrúlegt,“ segir Kristbjörg, en í útvarpsþáttunum var rifjað upp hvernig á þeim tíma hefði kona ekki þótt nægilega merkileg til þess að líftryggja, en væri oft bætt sem andvirði tveggja borðstofustóla félli hún frá eða yrði varanlegur öryrki.

„Þetta er svo yfirgengilegt!“ segir hún og hlær.

**Langar alltaf að verða betri**

Kristbjörg sem er fædd árið 1935 hefur sannarlega upplifað tímana tvenna en er augljóslega ekki föst í gömlu fari, hún lifir í núinu.

„Maður er bara lifandi og einhvern veginn fylgir straumnum. Ég get ekki fráskilið einhvern tíma sem var svona og hinsegin. Þetta bara þróast áfram og maður þróast með. Eins og ég segi stundum við yngri vinkonur mínar: „Ég er ekkert eldri en þið – við erum bara að tala saman, ég og þú, og ég er bara hér og nú! Með ykkur,“ segir hún með áherslu. „Nei, í alvöru, ef maður væri alltaf að tala um hvað maður væri gamall? Ég bara get það ekki. Það er bara ekki í mér.

Leikhúsið kennir manni líka ýmislegt og það að vinna með þessu frábæra unga fólki, það er svo gaman. Það er svo flinkt þetta unga fólk í dag, svo gott. Það getur sungið og það getur dansað.“

Það er augljóst að Kristbjörg er enn að stækka og þroskast. „Mann langar alltaf að verða betri, þetta er eilífðarverkefni, að ég held í öllum störfum, alla vega skapandi störfum. Að vera í núinu og bæta við sig. Annars væri þetta náttúrulega ekki gaman. Þetta er bara áskorun.“

**Þorkelína í höfuðið á ömmu**

Kristbjörg tekur upp bók sem legið hefur fyrir framan okkur á borðinu og reynist vera nýútkomin ævisaga eldri systur hennar, Hönnu Kjeld. „Hún hefur átt svolítið sniðuga ævi, henni finnst þó erfitt að þetta komi út í bók og ég skil það svo vel,“ segir hún í léttum tón og flettir bókinni en hana prýða fjölmargar myndir, af þeim systrum sem börnum og forfeðrum þeirra.

„Þetta er móðuramma mín, Þorkelína,“ segir hún og bendir á ljósmynd. „Ég heiti Kristbjörg Þorkelína eftir henni. Ég er eina barnabarnið sem heitir í höfuðið á henni og ég naut þess. Mér þótti ógurlega vænt um hana ömmu mína, hún var svo góð kona, einstök.“

Kristbjörg er ættuð frá Færeyjum og bjó þar í eitt ár sem barn, en faðir hennar var færeyskur. „Hann kom hingað sem ungur maður til Njarðvíkur þar sem hann kynntist mömmu. Ég skil alveg að hún hafi orðið skotin í honum enda ægilega laglegur maður,“ segir Kristbjörg og þegar hún flettir upp á mynd af foreldrum sínum er ekki annað hægt en að samsinna því.

**Sviðsskrekkur í sjötíu ár**

Aðspurð segist Kristbjörg í raun hafa verið með viðvarandi sviðsskrekk í þau sjötíu ár sem hún hefur starfað sem leikkona.

> „
> **Eins og ég segi stundum við yngri vinkonur mínar: Ég er ekkert eldri en þið – við erum bara að tala saman, ég og þú, og ég er bara hér og nú! Með ykkur.**

„Ég er alltaf drullustressuð fyrir sýningar og það hefur ekkert lagast með tímanum. Svo nú þegar maður eldist bætist við óttinn við að gleyma textanum. Ég er þó ekki eins og sumir sem hreinlega kasta upp af stressi. Stressið kemur áður en maður fer inn á sviðið en svo er það búið þegar maður er þangað kominn. En vinnan gefur manni svo mikið, annars væri maður ekki að þessu, maður er ekki bara að pína sig. Það gefur manni líka mikið að sigrast á áskorunum.“

Það eru tvö og hálft ár frá því að Kristbjörg tók að sér hlutverk móðurinnar í verkinu Er ég mamma mín? og þá var lagt upp með að hún væri í tveimur til fjórum senum, en þegar æfingar hófust stækkaði hlutverkið sífellt. „Ég man að ég sagðist ætla að prufa en tók af Maríu loforð um að láta mig vita ef henni litist ekki á þetta.“

»


Gjafa kort
Gefðu tilhlökkun, magnaða upplifun og ljúfar minningar
Himneskt tilboð
Gjafakort fyrir tvo á söngleikinn Sem á himni og ljúffengar snittur í hléi.
19.900 kr.
Framúrskarandi tilboð
Gjafakort fyrir tvo á Framúrskarandi vinkona og ítalskur veisluplatti í hléi.
13.900 kr.
Kostaboð Bastíans bæjarfógeta
Gjafakort fyrir tvo á Kardemommubæinn ásamt leikskrá og tónlistinni á geisladiski.
12.900 kr.
Hádegis-tilboð
Gjafakort fyrir tvo í Hádegisleikhúsið með súpu og nýbökuðu brauði.
7.500 kr.
Gjafakort í Þjóðleikhúsið gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.
Kynntu þér valkostina og sértilboðin og kláraðu gjafakaupin á leikhusid.is
Gjafa kort
Þjóð leik húsið

» **Næg verkefni á eftirlaunum**
Árið 2005 lauk Kristbjörg formlega störfum hjá Þjóðleikhúsinu, fór af samningi eins og það kallast, en hún hafði verið fastráðin við húsið frá árinu 1956. Síðan eru liðin 16 ár og Kristbjörg langt frá því að vera sest í helgan stein.

„Það hefur bara verið svo mikið að gera síðan þá. Ég man að þegar ég var að hætta í Þjóðleikhúsinu var ég spurð út í tilfinninguna og ég svaraði galvösk: „Þetta er bara dásamlegt, nú er ég frílans,“ rifjar hún upp hlæjandi og segir einhverjum hafa þótt þetta djarft svar. „Ég segi ekki hrokafullt, en dálítið mikil bjartsýni.“

Þó svo að Kristbjörg hafi á sínum tíma svarað á þennan hátt meira í gríni en alvöru, þá hefur verkefnin ekki vantað. Til að mynda þurfti að fresta æfingum í Borgarleikhúsinu í sumar þar sem Kristbjörg var upptekin við tökur á óútkominni kvikmynd Hilmars Oddssonar.

„Það var skemmtileg upplifun enda myndin öll tekin upp á ófæruvegum mestmegnis í Arnarfirðinum og Dýrafirðinum. Náttúran þar er svo fögur að hún situr enn í manni.“

**Lengur að læra texta**
Eins og fyrr segir er Kristbjörg þessa stundina ekki aðeins að leika í verkinu Er ég mamma mín? heldur standa einnig yfir æfingar á verkinu Ein komst undan. „Þar leik ég ásamt Eddu Björgvins, Margréti Áka og Margréti Guðmundsdóttur. Verkið er eftir Caryl Churchill, í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur og þar er einfaldlega skilyrði frá höfundarins hendi að allar séu þær yfir sjötugu,“ segir Kristbjörg, um leið og hún dregur handritið upp úr veskinu og sýnir að á fyrstu síðu segir: „Þær eru allar að minnsta kosti sjötugar.“

Aðspurð hvernig gangi að læra heilu hlutverkin utanbókar svarar hún hreinskilin: „Það hefst, en ég er miklu lengur að læra texta en ég var. Þetta síaðist bara inn í mann í gamla daga án þess að maður hefði áhyggjur af þessu. Núna þarf maður að setjast svolítið niður og læra. Svo þegar maður er búinn að læra textann þá situr hann, sem betur fer.“

**Frumsýndu fjórum sinnum**
Covid reyndist sýningunni Er ég mamma mín? erfitt, enda sífellt verið að loka leikhúsinu og opna á ný, en sýningar eru ætlaðar alla vega fram í febrúar. „Þetta hefur auðvitað farið bölvanlega í mann. Sérstaklega þetta með leikhúsið, við erum búin að frumsýna þetta hvað, fjórum sinnum?“ segir Kristbjörg, aðspurð um það hvernig heimsfaraldur og aðgerðir gegn honum hafi lagst í hana.

„Ég finn þó ekki fyrir einangrun, ég er vön að vera hérna ein og umgengst bara mitt nánasta lið.“

**Maður þurfti að standa sig**
Það er augljóst að Kristbjörg er ósérhlífin og lítið fyrir að berja sér á brjóst, en hún segir vinnusemi hafa verið hluta af uppeldinu.

„Maður þurfti að standa sig og var farinn að sjá fyrir sér um fermingu. Við Hanna systir vorum sendar frá Njarðvík í gagnfræðinám við Flensborg í Hafnarfirði því mamma hafði verið þar. Fyrir henni var þetta mikil menntastofnun. Þá þurftum við að sjá svolítið fyrir okkur sjálfar.“ Aðspurð hvort þær hafi þá búið á heimavist hristir Kristbjörg höfuðið. „Heimavist? Nei, nei, leiguherbergjum, misjafnlega góðum, fyrir nútímafólk þætti þetta ómögulegt, en þetta gerði maður. Eftir það fór maður svo að vinna og sá fyrir sér algjörlega. Ég fór í Þjóðleikhússkólann og vann alltaf með. Það kom aldrei annað til greina en að standa undir sér.“

Kristbjörg fór í gegnum leiklistarskólann sem einstæð móðir en segir foreldra sína hafa hjálpað sér mikið. „Ég var sjálfrar mín þá, ég var ekki komin með mann, en ég átti Jens og fékk mikla hjálp frá mínum foreldrum með það.“ Hún var 19 ára þegar hann kom í heiminn og flosnað hafði upp úr sambandi hennar við barnsföðurinn.



Þegar Kristbjörg lét af störfum við Þjóðleikhúsið vegna aldurs, grínaðist hún með að nú yrði hún frílans leikkona, það hefur svo sannarlega ræst .



Kristbjörg hér í hlutverki sínu í verkinu Er ég mamma mín? MYND/JORRI

**”**
**Þegar við vorum í Suður-Ameríku sá maður börnin á götunni og þá læddist að mér þessi hugmynd, að ættleiða barn sem ætti engan að.**

**Ættleiddu dóttur frá Kólumbíu**
Kristbjörg kvæntist leikskáldinu Guðmundi Steinssyni árið 1962 og eignuðust þau eina dóttur, Þórunni, sem þau ættleiddu fimm ára gamla frá Kólumbíu árið 1979 þegar Kristbjörg var rúmlega fertug. „Ég fékk þessa hugmynd þegar við vorum að ferðast með Ínúk, verk sem við fórum með um allan heim. Þegar við vorum í Suður-Ameríku sá maður börnin á götunni og þá læddist að mér þessi hugmynd, að ættleiða barn sem ætti engan að. Guðmundur fór svo aftur til Kólumbíu þar sem hann þekkti fólk og komst í samband við munaðarleysingjaheimili. Í framhaldi förum við svo að sækja hana til Bógóta. Við þurftum að dvelja þar í dágóðan tíma en á endanum fór ég heim á undan því ég fór með hlutverk í Stundarfriði sem var verið að sýna. Þau komu svo saman heim.“

Aðspurð hvort það hafi ekki verið áskorun að taka við fimm ára gömlu barni, svarar Kristbjörg: „Mér fannst það ekki á þeim tíma en sé það þegar ég lít til baka að auðvitað var það svolítið erfitt, enda fimm ára barn orðið svolítið stálpað og með skrítna reynslu innra með sér. En það gekk samt allt saman vel. Guðmundur talaði spænsku svo þau gátu talað saman frá upphafi.

Þórunn á í dag einn son sem á sjálfur þrjú börn, svo ég á þrjú langömmubörn, Jens á svo tvær dætur sem eru barnlausar í háskólanum í mastersnámi.“

Það er augljóst að fjölskyldan er Kristbjörgu kær og aðspurð út í jólahefðirnar svarar hún:

„Ég er alltaf hjá syni mínum á aðfangadagskvöld og á nýárinu líka og þau eru alveg einstök að nenna að sinna mér svona vel. Svo kemur mitt fólk í hangikjöt til mín á jóladag og grjónagraut með möndlu.“

Verkið sem María Reyndal hefur samið við Kristbjörgu um að fara með aðalhlutverkið í fer á fjalirnar 2023. „Ég lofaði Maríu að tóra fram að því,“ segir Kristbjörg og hlær. „Ég treysti Maríu alveg 100 prósent.

Ferill Kristbjargar hefur sannarlega verið farsæll og langur og spannar nú heila sjö áratugi. „Ég byrjaði bara í amatöraleikhúsinu í Hafnarfirði 15 ára og lék fyrst í Þjóðleikhúsinu 1957 og var alltaf þar, fyrir utan einhver einstaka hopp, smá framhjáhöld,“ segir hún og hlær.

**Settist á skólabekk sextug**
Þegar Kristbjörg var sextug ákvað hún að næla sér í kennsluréttindi og lauk námi í uppeldis- og kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands.

„Í framhaldi tók ég aðeins að mér að kenna niðri í leiklistarskóla. Það fannst mér pínulítið erfitt og man að þegar ég fór aftur að leika eftir það fannst mér það svo rosalega létt.“

*En hvers vegna að setjast á skólabekk sextug?*

„Mig langaði að ögra mér og fannst ég þurfa að vera með einhverja háskólagráðu. Það var skrítið að setjast á skólabekk sextug og sérstaklega fyrsta prófið, ég held að það hafi verið í sálfræði og þá hugsaði ég með mér: Hvurn andskotann er ég að gera hérna? Hvað er ég búin að koma mér í?

Ég hafði verið hikandi við að gera þetta en átti svo dásamlega systur sem er nú farin. Hún örvaði alla svo mikið og hvatti – svo þegar ég var búin að sækja um og fór að efast, sagði hún: „Byrjaðu – þú getur alltaf hætt.“ Svo byrjar maður og ég man eftir að hafa hugsað að mér væri alveg sama um einkunnir. En svo verður maður allt í einu svo metnaðargjarn og ég varð að klára þetta.“

En þó að það lægi ekki fyrir Kristbjörgu að færa sig yfir í kennsluna segir hún reynsluna hafa nýst sér vel í leiklistinni.

„Maður lærir mikið af því að kenna. Eins prófaði ég smávegis að leikstýra, en hugsaði með mér að ég ætlaði ekki að leggja það fyrir mig. En ég lærði þó rosalega mikið á því að vera hinum megin við borðið. Ég fattaði ansi margt, til að mynda hversu viðkvæmur leikarinn getur verið. En það er vandi að leikstýra og láta fólk blómstra.“

**Þetta er náttúrlega lán**
***Talandi um viðkvæmni leikarans, það hlýtur að vera svolítið sérstakt að vera allt ævistarfið í sviðsljósinu.***

„Ég sagði stundum við Guðmund að þetta væri eins og að setja holdrosann út. Það er skrítið að vera alltaf undir mælikeri. Maður fær svolítinn skráp, en til að byrja með var maður viðkvæmur fyrir gagnrýni. En það er venst og maður veit meira hvernig maður hefur staðið sig og treystir meira á sitt.“

Kristbjörg er ekki bara ung í anda heldur í líkamlega góðu formi, sem gerir henni kleift að leika heilar leiksýningar eftir strangt æfingaferli. Hún segir hreyfingu gera sér gott þó að hún gangi ekki jafn mikið og í gamla daga.

„En ég hef lengi verið í þjálfun í Nordica spa, það hefur reyndar setið á hakanum í smá tíma og ég finn það og þarf að fara að gera bragarbót á hvað það snertir. Maður er svo alltaf að hreyfa sig í vinnunni og í Borgarleikhúsinu þarf maður að fara upp og niður stiga alla daga. En það er rosalega gott að vera í einhverri þjálfun. Ég hugsa líka um að næra mig almennilega en ég fæ mér alveg rauðvín og súkkulaði. Eins og sagt er: „Neyttu á meðan á nefinu stendur.“ Ætli ég geri það ekki bara?

Maður er heppinn að vera kominn á þennan aldur og hafa fulla heilsu og geðið í lagi. Þetta er náttúrlega lán og maður getur verið alveg rosalega þakklátur. Maður á að vera þakklátur á hverjum einasta degi fyrir það,“ segir Kristbjörg að lokum. ■


TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI
SÍÐAN 1998
ÞG VERK
2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki
ÞG Verk byggir yfir 500 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu
Nánari upplýsingar veitir hrefna@tgverk.is | 534 8400 | tgverk.is

**Á jóladag verður fluttur á Rás 1 fyrsti þáttur af fjórum um Sonju de Zorilla en þær Sæunn Gísladóttir og Katrín Lilja Jónsdóttir vildu vita meira um þessa merkilegu konu sem lést stuttu eftir að þær komu í heiminn.**



Katrínu Lilju og Sæunni lék forvitni á að vita meira um lífshlaup og arfleifð Sonju de Zorilla og ekki síst hvað varð um auð hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Heimsborgarinn Sonja de Zorilla



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Katrín Lilja heldur úti Lestrarklefanum, vefsíðu þar sem fjallað er um bækur, og þar er Sæunn Gísladóttir reglulega með pistla. Það var Sæunn sem las ævisögu Sonju sem kom út árið 2002, skrásett af Reyni Traustasyni og skrifaði umfjöllun um hana fyrir síðuna. Það varð til þess að Katrín las bókina líka og voru þær sammála um að ný kynslóð yrði að fá tækifæri til að kynnast þessari merku konu. Eins langaði þær að vita meira um líf hennar og arfleifð. Ekki síst hvað varð um margra milljarða sjóðinn sem hún skildi eftir sig og lítið hefur heyrst af.

Þættirnir urðu alls fjórir og verða fluttir dagana 25. til 28. desember en Sæunn segir að auðveldlega hefði mátt hafa þá fleiri.

Sonja ólst upp í Reykjavík til 15 ára aldurs þegar hún fór fyrst út fyrir landsteinana, þá til sumardvalar í Danmörku, til að jafna sig á mænuveiki og þar með voru örlögin ráðin en Sonja var friðlaus þegar hún kom aftur heim.

„Hana langaði aftur út í heim og fékk þá að fara í húsmæðraskóla í Danmörku. Eftir það fær hún að fara til frændfólks í Noregi og kemur svo ekki heim í 35 ár.“

Leiðir Sonju lágu næst til Þýskalands, London og Parísar og þegar seinni heimsstyrjöldin braust út ætlaði hún aftur heim í gegnum Bandaríkin en ílengdist þar og bjó næstu áratugina í New York.

**Sérfræðingur í samræðulist**

Faðir Sonju, Ólafur Indriði Benjamínsson, var íslenskur en móðir hennar, María Emilie Wendel, af þýskum ættum.

„Faðir Sonju var ættaður frá Hesteyri en móðir hennar var frá Þingeyri þar sem pabbi hennar var þýskur kaupmaður. Hún er því af millistéttarættum en pabbi hennar vann sig upp í tign hjá tengdaföður sínum,“ útskýrir Sæunn og segir Sonju því alda upp við betri kjör og aðstæður en marga af hennar kynslóð, hjá millistéttarkaupmannafjölskyldunni.

„En auður hennar kemur ekki þaðan, þó að þetta hafi gefið henni tækifæri á að fara út í heim.“

Katrín bætir við að Sonja hafi lifað af peningum foreldra sinna á meðan hún dvaldi við nám í Danmörku og Þýskalandi. „En þegar hún kemur til Bretlands er ekkert hægt að senda peninga á milli landa.“

„Hún er greinilega úrræðagóð því hún fer að skrifa tískupistla frá París fyrir Morgunblaðið,“ segir Sæunn. „Í upphafi kemst hún þó ekki inn á stærstu tískusýningarnar enda þarf sambönd til þess. Hún gefst þó ekki upp og dettur meðal annars í hug að reyna fyrir sér sem módel. En á endanum komst hún á tískusýningar hjá stórum nöfnum eins og Coco Chanel í gegnum vinskap og er bara að spjalla við hana í partíum eftir sýningar. Þetta þótti okkur merkilegt, þarna er tvítug kona frá Íslandi, sem hefur svo mikla trú á sjálfri sér að henni tekst að koma sér inn. Enda flestir viðmælendur okkar sammála um að hún hafi verið algjör sjarmör og sérfræðingur í samræðulist.“

**Tískuheimurinn og Wall Street**

Sæunn bendir á að þetta hafi ekki aðeins gilt um einn stað heldur hafi Sonja hreinlega alls staðar stillt sér upp í innstu raðir.

„Þegar hún er 18 ára í Þýskalandi kynnist hún broddborgaralífinu, svo í London kemst hún strax inn í kreðsuna hjá ríkum Rússum og í París eru það aftur ríku Rússarnir og bóhemarnir sem hún er mest í kringum. Í New York er hún svo fljót að koma sér inn á Wall Street og kynnast listafjárfestum.“

Katrín er sammála, „Hún hafði ótrúlegt lag á að koma sér inn alls staðar og notaði líklega útlitið líka til þess enda leit hún út eins og kvikmyndastjarna,“ segir hún og bætir við: „Hún lærði tískuteikningu og ætlaði sér alltaf að starfa í tískuheiminum sem hún hafði brennandi áhuga á.“

Það voru þó fjárfestingar á verðbréfamarkaðinum í New York sem áttu eftir að gera Sonju vellauðuga. „Það byrjaði á því að ríkur Rússi býður henni í hádegisverð, en ríkir Rússar voru miklir örlagavaldar í hennar lífi. Í þessum hádegisverði er John Loeb, frægur fjárfestir í New York, og á milli þeirra myndast vinasamband. Loeb kennir Sonju að fjárfesta og ég hef litið svo á að hún hafi viljað læra að fjárfesta til að geta líka verið listakona,“ segir Katrín. „Hún sá ekki fram á að geta haldið uppi sama lífsstíl sem hungraður listamaður, því ákvað hún að taka þessar fjárfestingar alla leið og þéna þannig peninga.“

„Hún var sjálfstæð kona á þessum tíma sem konur voru í raun og veru ekki svo sjálfstæðar.

Katrín Lilja

Sæunn bætir við: „Pabbi hennar var hennar stærsta fyrirmynd. Hann átti að verða forstjóri Eimskipafélagsins 1929 en fékk slag og varð sjúklingur sem henni fannst erfitt að horfa upp á. Hún fékk þannig góð ráð úti en var líka slungin viðskiptakona og tengdi þetta allt við pabba sinn og hans áhrif.“

„Hún sá alltaf eftir að hafa ekki numið myndlist,“ bætir Sæunn við.

„Hún sá alltaf eftir að hafa ekki numið myndlist.

Sæunn

„Samtíðarkona hennar og vinkona var Louisa Matthíasdóttir sem bjó líka í New York svo Sonja var alltaf með tengsl inn í listamannaheiminn.“

„Þær Sonja og Louisa kynntust fyrst í Kaupmannahöfn og áttu því langt vinasamband,“ segir Katrín og bendir á að Sonja hafi málað töluvert af portrettmyndum. „Þær voru af börnum, eiginmanni hennar og John Loeb en ég veit ekki hvar þessi verk eru niðurkomin í dag.“

**Afþakkaði bónorð Onassis**

Sonja kvæntist Victoriano Alberto Zorilla, argentískum Ólympíumeistara í sundi, árið 1948. „Hún kynntist Alberto í gegnum vini en hún stundaði alla helstu skemmtistaði New York-borgar á þessum tíma og kynntist þar meðal annars Aristotle Onassis,“ segir Sæunn og bætir við að Sonja hafi átt í ástarsambandi við gríska skipakónginn um tíma sem hafi endað á því að hann bað hennar en hún afþakkaði.

„Hún taldi þau Aristotle ekki efni í hjón. Enda var hún gríðarlega upptekin af því að ráða sér og sínu lífi sjálf og segir í bókinni að með Alberto hafi hún ráðið ferðinni.“

„Það var svo árið 1946 að ástir tókust skyndilega með Sonju og Alberto, vini Aristotle, en um samband þeirra Sonju og Alberto eru ýmsar pælingar,“ segir Katrín.

„Þó að samband þeirra hafi verið óhefðbundið í okkar skilningi ríkti greinilega á milli þeirra mikil ást og gagnkvæm virðing,“ segir Sæunn. „En þau áttu þó hvort sína íbúðina á Flórída þar sem þau vörðu sumarfríum.“

„Og í stórri íbúð þeirra í New York áttu þau hvort sitt svefnherbergið,“ bætir Katrín við.

„Hann var mikið heima og stundaði æfingar enda gamall sundkappi en hún var meira fyrir samkvæmislífið,“ segir Sæunn spurð að hvernig



> **Hún taldi þau Aristotle ekki efni í hjón. Enda var hún gríðarlega upptekin af því að ráða sér og sínu lífi sjálf og hún talar um það í bókinni að með Alberto hafi hún ráðið ferðinni.**
>
> Sæunn

samband þeirra hafi verið óhefðbundið. „Þau áttu í opnu sambandi og áttu í sínum ástarsamböndum við aðra og eignuðust aldrei börn.“

**Hvað varð um milljarðana?**

Aðspurðar hvort barnleysið hafi verið val þessarar sjálfstæðu konu verður Sæunn fyrri til svars.

„Hún gefur það sterklega til kynna í bókinni að hana hafi ekki langað í börn og Alberto hafi verið samþykkur því. En hún segist líka hafa upplifað eftirsjá þegar árin færðust yfir enda lifir hún lengu lífi og er 86 ára þegar hún deyr. Vinirnir voru margir eldri en hún og voru þá fallnir frá. Margir lýstu henni sem barnagælu og hún lagði mikið upp úr vinskap við börn systur sinnar og vina.“

Það var svo ósk Sonju að auðæfi hennar rynnu í sjóð sem styrkja skyldi langveik börn hérlendis og í Bandaríkjunum og fól hún frænda sínum, Guðmundi Birgissyni frá Núpum, stjórn hans ásamt lögfræðingnum John Ferguson.

„Það hefur aðeins verið fjallað um þetta í fjölmiðlum og Kompás gerði mjög góðan þátt árið 2007 sem við erum svolítið að fylgja eftir, en það virðist lítið hafa runnið úr sjóðnum. Við erum aðeins að reyna að svara því hver raunverulegur auður hennar var,“ segir Sæunn en samkvæmt bókinni Ríkir Íslendingar ætti núvirði hans að vera í kringum 24 milljarða króna. „Eins leitum við svara við því hvað hafi orðið af þessum peningum.“

**Coco Chanel og Chaplin**

Þær eru sammála um að það sem hafi kveikt áhuga þeirra hafi verið merkilegt lífshlaup Sonju. „Hún var sjálfstæð kona á þessum tíma sem konur voru í raun og veru ekki svo sjálfstæðar,“ segir Katrín.

„Hún var frumkvöðull,“ segir Sæunn og Katrín bætir við að þær reyni að draga það fram í þáttunum hversu merkileg útþrá og ferðalög Sonju hafi verið á Íslandi þess tíma, þegar skipaferðir til landsins voru fréttaefni.

„Hún minnist þess í ævisögunni að þegar hún var 15 ára í Menntaskólanum í Reykjavík hafi aðaláhuginn legið í að sjá Chaplin í bíó og lesa í tímaritum um Coco Chanel. Ekkert svo löngu síðar er hún svo mætt á tískusýningar hjá Chanel í París og farin að hitta Chaplin í boðum í New York,“ segir Sæunn.

**Aftur heim til Íslands**

Sonja, sem hafði kvatt Ísland 17 ára, árið 1933, hélt þó alltaf tengslum og varði meiri tíma hér á landi á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Árið 1998 flutti hún svo alveg heim til Íslands, hún hafði keypt sér sumarbústað á Þingvöllum á áttunda áratugnum og síðar íbúð við Eiðistorg, og fór að rifja upp kynni við íslenska ættingja, meðal annars fyrrnefndan Guðmund frá Núpum, en hún keypti sér einmitt land við Núpa og byggði sér þar hús.

„Hún átti litla fjölskyldu, þegar faðir hennar fellur frá flytja systir hennar og móðir til Bandaríkjanna. Þrátt fyrir þetta finnur hún þessa sterku tengingu við Ísland og ver hér síðustu árum sínum. Hún var mjög hrifin af Esjunni og þar sem hún bjó á efstu hæð gat hún séð Esjuna og stillti þar upp öskunni hans Alberto sem hafði heimsótt Ísland með henni og einnig hrifist af Esjunni,“ segir Sæunn.



Sonja de Zorilla var sannur heimsborgari sem þó hélt tengingu við föðurlandið og varði síðustu árunum hér.

En hvers vegna ætli þær hafi fengið svo mikinn áhuga á konu sem lést áður en þær fæddust og var mikið eldri en ömmur þeirra og afar?

„Afi minn lánaði mér bókina og við hefjum þáttaröðina á spjalli við hann þar sem hann lýsir því þegar hann hitti Sonju árið 1976. Hann hafði aldrei heyrt á hana minnst en varð strax heillaður af henni,“ segir Sæunn og Katrín samsinnir því: „Hún hafði þessi áhrif á fólk – heillaði það upp úr skónum.“

Í þáttunum má líka heyra rödd Sonju sjálfrar en Ríkisútvarpið hefur varðveitt tvö viðtöl við hana frá árunum 1976 og 1994.

„Nú eru komin tæp 20 ár frá því að ævisagan kom út svo það er komin heil kynslóð sem þekkir Sonju ekki og okkur langaði að segja sögu merkilegrar íslenskrar konu. Þetta var kona sem stefndi hátt og fór alla leið,“ segir Katrín að lokum. ■






Unni hefur alla tíð fundist gaman að mála og fór í myndlistarskóla með Trausta syni sínum þegar hún var komin yfir áttrætt. Myndina sem hangir á bak við Unni málaði hún sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Finnur enn eplailminn



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

**Unnur Jóhannesdóttir fæddist í Reykjavík árið 1929. Hún finnur enn ilminn af jólaeplunum síðan hún var fimm ára og fékk helst bækur í jólagjöf. Unnur lærði myndlist eftir að hún varð áttræð og tók bílpróf á sextugsaldri.**

Áður fyrr var eiginlega ekkert til nema kindakjöt og það var líka borðað á jólunum," segir Unnur Jóhannesdóttir, listakona og húsmóðir, spurð að því hvernig jólin hafi verið þegar hún var lítil.

Unnur er fædd í Reykjavík árið 1929 sem gerir hana 92 ára gamla. „Á jólunum var borðað læri og hangikjöt og svo var sveskjugrautur í eftirrétt. Ég man vel eftir því þegar ég var svona sex ára og pabbi keypti trékassa fullan af sveskjum fyrir jólin," segir Unnur.

„Ég man líka vel eftir eplum í stórum tunnum þegar ég var enn yngri, ekki nema kannski fimm ára, ég finn enn þá lyktina af þeim."

Unnur á tvær yngri systur og minnist jólanna heima hjá sér með mömmu sinni, pabba sínum og systrunum. „Svo man ég eftir því að farið var að bjóða í jólaboð. Mamma mín átti tvær systur og þær skiptust á að bjóða í boð á jóladag eða á annan í jólum," segir Unnur.

„Þá var búið að baka svamptertur, rjómatertur og allt milli himins og jarðar. Svo voru náttúrulega alltaf bakaðar smákökur eins og í dag," bætir Unnur við og minnist þess að þegar hún var barn hafi ekki verið í boði að borða smákökurnar fyrr en á sjálfum jólunum.

„Ég hef alltaf leyft mínum börnum að borða kökurnar í desember," segir Unnur sem alla tíð hefur bakað fjöldann allan af smákökusortum fyrir jólin. „Eiginlega bara alveg þangað til núna."

**Lærði myndlist áttræð**

Spurð að því hvort hún eigi sér minningar um jólagjafirnar frá því hún var lítil segist Unnur ekki mikið muna eftir því hvað var í pökkunum. „Auðvitað fengum við einhverjar jólagjafir, ég held að það hafi helst verið bækur," segir Unnur sem hefur alla tíð notið þess bæði að lesa og leysa krossgátur.

„Landlæknir sagði einhvern tímann að gamla fólkið ætti að vera í krossgátum, það væri gott fyrir heilann. Ég var löngu byrjuð á því áður en ég varð gömul og ætli það hafi ekki haft einhver áhrif," segir Unnur.

„Ég man mjög vel eftir því að mamma gaf okkur alltaf sumargjöf. Þegar ég var fimm ára fékk ég æðislega strigaskó."

Unnur man vel eftir því að hafa gengið Grettisgötuna árið 1934 í fínu strigaskónum þegar skórnir slitnuðu. „Þetta var svona band yfir ristina og tala. En ég fór bara inn til skósmiðsins á Grettisgötunni og bað hann að laga þá fyrir mig og það gerði hann, festi töluna fyrir mig," segir hún og skellihlær.

Unnur giftist Vala Jóhannessyni prentara þegar hún var rúmlega tvítug og saman eignuðust þau fjögur börn. Unnur vann að mestu heima, sinnti börnum og búi, en seinna hóf hún störf við ræstingar í Háskóla Íslands þaðan sem hún ber samstarfsfólki sínu afar vel söguna.

Unnur hefur alla tíð haft mikinn áhuga á ýmiss konar handverki. Hún prjónar mikið og nýtur þess að mála. Heimili hennar er skreytt fallegum málverkum sem hún hefur málað. „Mér hefur alltaf þótt gaman að mála og ég fór í myndlistarskóla með Trausta syni mínum þegar ég var rúmlega áttræð."

Myndlist var ekki það eina sem Unnur lærði eftir að hún varð fullorðin en hún tók bílpróf þegar hún var á sextugsaldri. „Við áttum aldrei bíl. Hvorki við fjölskyldan né mamma mín og pabbi svo ég labbaði bara allt sem ég þurfti að fara alla tíð," segir Unnur sem þakkar göngunum háan aldur sinn líkt og krossgátunum.

> **Ég segi mömmu hans að gefa mér gardínurnar og úr þeim saumaði ég sjö kjóla.**

„Svo tók ég bílprófið þegar ég var fimmtíu og eitthvað ára og ég sagði engum frá því að ég væri að gera það. Ekki einu sinni börnunum mínum," segir Unnur. „Ég ákvað bara að prófa hvort ég gæti það og var ekkert að segja frá því, svo bara þagði ég alveg þangað til ég var búin."

**Margt breyst með árunum**

Unnur segir að þegar hún var lítil hafi allt í kringum jólin verið rólegra en það sé nú. Mesta breytingu segist hún sjá í mat og gjöfum til barnanna. „Mér finnst börn vera að fá allt of mikið," segir hún.

„Ég held að þetta geri þeim ekkert gott. Það er eins og krakkar í dag fæðist eldri, þau eru svo þroskuð fljótt og það er gaman að þeim en ég held að þau fái of mikið," segir Unnur sem á fjögur börn, þrettán barnabörn og bráðum 23 barnabarnabörn.

„Ég gef þeim öllum jólagjafir, nema barnabörnunum sem eru búin að eignast börn sjálf, þá gef ég barnabarnabörnunum. Ég safna alls konar litlum dollum allt árið og mála þær og set pening ofan í. Ég er alveg hætt að kaupa eitthvað handa þeim því þau eiga allt og vantar ekkert."

Eftir að Unnur fór að búa og eignaðist börn prjónaði hún mikið á krakkana og saumaði, til dæmis alla jólakjóla á dætur sínar tvær. „Svo skal ég nú segja þér eina skemmtilega sögu," segir Unnur.

„Einu sinni keypti sonarsonur minn sér íbúð og í henni voru flauelsgardínur sem hann ætlaði ekki að nota. Ég segi mömmu hans að gefa mér gardínurnar og úr þeim saumaði ég sjö kjóla," segir hún.

„Svo fór Júlía, dótturdóttir mín, á jólaball og kennarinn segir henni hvað hún sé í voðalega fallegum kjól. Þá segir hún: Amma saumaði hann upp úr gardínum. Mér finnst þetta svo frábært og fyndið," segir Unnir hlæjandi.

**Gott að vera í gallabuxum**

Þrátt fyrir að hafa saumað fjölmarga kjóla í gegnum tíðina segist Unnur sjálf aldrei hafa verið aðdáandi þess að ganga í kjólum. „Þegar ég var með krakkana litla þá voru allar konur í sokkabuxum og kjól eða pilsi en ég var í gallabuxum," segir hún.

> **Svo komst ég að því seinna að yngri dóttur mína langaði svo að eiga mömmu sem væri feit með svuntu en ég var svo mjó og gekk í buxum.**

„Það var ekki vanalegt og þótti ekki fínt en mér fannst það þægilegt. Svo komst ég að því seinna að yngri dóttur mína langaði svo að eiga mömmu sem væri feit með svuntu en ég var svo mjó og gekk í buxum, þau skömmuðust sín ofboðslega fyrir klæðaburðinn, krakkarnir," segir Unnur og skellir upp úr.

Aðspurð að því hvað hafi breyst þegar kemur að mat á jólunum segir Unnur það vera úrvalið. „Ég man til dæmis eftir því þegar ég eldaði svínakótelettur í fyrsta sinn, þá vissi ég ekkert hvernig ég ætti að gera það," segir Unnur.

„Ég sendi þá manninn minn niður í Naust og lét hann spyrja hvernig ætti að elda svona mat og hann fór og ég fékk uppskriftina, það reddaði mér og síðan hafa svínakótelettur verið í ofboðslega miklu uppáhaldi hjá krökkunum mínum," segir hún.

„Ég man líka eftir því þegar húsmæður fóru að elda hænur, áður en kjúklingarnir komu, en þær gáfust fljótt upp því þær voru svo seigar."

Unnur hefur alltaf verið mikið jólabarn og þar til fyrir tveimur árum tók hún á móti öllum sínum afkomendum á jóladag í asparssúpu, hangikjöt og frómas. Hún býr enn á heimili sínu í Vesturbænum og er afskaplega hress þrátt fyrir háan aldur. ■

# Bókaðu gleðileg jól




**Sigurverkið**
Íslenskur úrsmiður situr í höll Danakonungs og gerir upp forna glæsiklukku. Kvöld eitt rekst sjálfur einvaldurinn, Kristján sjöundi, inn til hans. Þeir taka tal saman og svo fer að úrsmiðurinn rekur fyrir hátigninni dapurlega sögu föður sins og fóstru.

4.798 kr.




**Sextíu kíló af kjaftshöggum**
Sjálfstætt framhald verðlaunaskáldsögunnar *Sextíu kíló af sólskini*. Sagan hefst í Segulfirði, árið 1906. Áfram vindur furðuríku ferðalagi Íslendinga út úr myrkum torfgöngum inn í raflýstar stofur. Lesandinn er hrifinn með í dans á síldarpalli, í ólgandi takti sem dunar í huganum.

4.799 kr.




**Náhvít jörð**
Á hvítum vetrarmorgni finnst yfirgefinn flutningagámur í Rauðhólum við Reykjavík. Þegar hann er opnaður blasir hryllingurinn við: fimm lífvana konur sem augljóslega hafa verið fluttar í þessum gámi yfir hafið. Hvernig getur svona lagað gerst og hverjir standa að baki þessari óhæfu?

4.798 kr.




**Merking**
Skáldsagan *Merking* er margradda verk sem fjallar um afstöðu og pólariseringu, fordóma og samkennd. Þjóðin er klofin í afstöðu sinni til samkenndarprófsins, byltingarkenndrar tækni sem spáð getur fyrir um andfélagslega hegðun; annar helmingurinn vill öruggara samfélag, hinn vill réttlátt samfélag.

4.999 kr.




**Rætur – Á æskuslóðum minninga og mótunar**
*Rætur* birtir nýjar hliðar á forseta sem flestir telja sig þekkja vel. Meitluð mynd, sannfærandi, hreinskilin og opinská. Hér leitar Ólafur Ragnar Grímsson upprunans og svara við fjölmörgum spurningum. Óvænt bók sem lengi verður lesin.

4.798 kr.




**Bærinn brennur**
Árið 1828 myrti Friðrik bóndasonur í Katadal nágranna sinn, bóndann og lækninn Natan Ketilsson á Illugastöðum í Húnavatnssýslu. Ráðskona Natans, Sigríður, og vinnukona hans, Agnes, lögðu á ráðin með Friðriki. Nákvæmar yfirheyrslur eru hér raktar en þær varpa nýju ljósi á málið.

4.798 kr.




**ADHD: Bannað að eyðileggja**
Alexander Daníel Hermann Dawidsson er með ADHD, en það er allt í lagi – nema þegar lífið tekur upp á því að fara á hvolf. *Bannað að eyðileggja* er spennandi saga um Alexander, Sóleyju, bekkjarsystur hans, og litríku fjölskyldurnar þeirra.

3.498 kr.




**Þín eigin ráðgáta**
*Þín eigin ráðgáta* er öðruvísi en aðrar bækur. Hér ert þú söguhetjan og stjórnar ferðinni. Einn daginn vaknarðu og ekkert er eins og áður. Allir símar eru ónýtir. Samfélagsmiðlar eru hættir að virka. Tölvuleikir hafa þurrkast út. Hvað í ósköpunum gerðist?

3.498 kr.




**Verum ástfangin af lífinu**
Bók fyrir ungt fólk, stútfull af hvatningu og ráðum til að verða sinnar eigin gæfu smiður – meðal annars er fjallað um samskipti við vini og fjölskyldu, mikilvægi hreyfingar, töfra markmiðasetningar, hvernig á að rækta hæfileika sína, baráttuna við kvíða og hvernig ÞÚ getur orðið betri manneskja.

3.698 kr.




**Lára bakar**
**Lára lærir á hljóðfæri**
Nýjustu bækurnar í bókaflokki Birgittu Haukdal um kláru hnátuna Láru og knáa bangsann hennar Ljónsa, sem lifnar við og er hennar tryggasti félagi.

Nú kemur Lára fjölskyldunni á óvart með því að útbúa sparimorgunmat og síðan lærir hún líka að spila á hljóðfæri.

1.399 kr.



## Jólainnkaupin

**hafa aldrei verið eins leikandi létt.**
**Þú færð jólabækurnar á netto.is**

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu.
Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.
*Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.*

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



# Öðruvísi heimili sem halda jól

**Jólin, jólin alls staðar, sungu þau Elly og Villi. Og jólin koma, hvar sem fólk er statt hverju sinni. Margir verja jólunum í faðmi fjölskyldu og vina, en þó eru ýmsar stéttir í samfélaginu sem standa vaktina um hátíðirnar, þurfa að ferðast vegna vinnu eða gegna störfum sem eru beintengd jólahaldi landsmanna. Heimili sem halda jól eru líka af ýmsum toga og þar má nefna dvalar- og hjúkrunarheimili, sjúkrahús og hótel sem dæmi.**

ninarichter@frettabladid.is

## Jól í háloftunum og hinum megin á hnettinum



Draupnir Rúnar Draupnisson.

Draupnir Rúnar Draupnisson hefur starfað við ferðaþjónustu í 20 ár sem flugþjónn og fararstjóri.

Hann segir hátíðirnar vera háannatíma í faginu og að alltaf komi það í hlut einhvers að standa vaktina.

Ósjaldan hefur hann verið staðsettur erlendis um hátíðarnar í tengslum við vinnu. Honum er sérlega minnisstæð ferð til Póllands árið 2006.

„Það var þegar ævintýrið í Kárahnjúkum stóð sem hæst, en þá voru mörg hundruð Pólverjar að vinna þar við að byggja virkjunina,“ segir Draupnir.

Hann segir að í upphafi hafi það komið honum óþægilega á óvart, að vera settur í leiguflug milli Egilsstaða og Póllands, og þurfa að eyða jólunum í vikustoppi í Kraká.

„En þetta voru á endanum stórkostleg jól með yndislegri áhöfn,“ segir hann.

„Við borðuðum fisk að hætti Pólverja á aðfangadagskvöld, en ég er alinn upp við að borða fisk í öll mál heima í Neskaupstað,“ segir Draupnir.

Hann segir áhöfnina hafa notið sín á jólamörkuðum í Kraká og farið í styttri ferðir að skoða menningu og sögu svæðisins.

„Þessi jól í Póllandi voru algjörlega æðisleg,“ segir hann.

Hann nefnir einnig minnisstæða jólaupplifun við Kyrrahafs-strönd Mexíkó fyrir 20 árum síðan, þar sem hann var í tengslum við verkefni tengt fararstjórn.

„Vinkona mín og frænka, Sigurborg Ragnarsdóttir, kom og var hjá mér. Við sátum á jóladag á sundfötunum og hún spilaði jólalög á flautu,“ segir hann og hlær.

Hann segir að jólin í Mexíkó hafi verið fyrstu jólin erlendis, en fram að því hafði hann alltaf varið jólunum með fjölskyldunni í Neskaupstað. ■

## Löng hefð fyrir jólahaldi á Grund

Sigrún Faulk, framkvæmdastjóri hjúkrunar á dvalarheimilinu Grund, segir að mikið sé gert úr aðventunni þar á bæ.

„Við erum með aðventustundir og viðburðatengt jóladagatal,“ segir hún. Sigrún bætir við að vegna heimsfaraldurs kórónaveiru sé minna um heimsóknir listamanna en áður, sem séu annars mjög algengar á þessum árstíma. Þó komi vissulega alltaf einhver og Sigrún segist eiga von á sönghópi barna frá Vesturbæjarskóla þann daginn. „Það er alltaf skemmtilegt og gleður,“ segir hún.

Hvað veisluhöld varðar segir Sigrún að borin sé fram skata á Þorláksmessu, lambafille á aðfangadag og hangikjöt á jóladag. Sumt heimilisfólk fari og verji hátíðinni með fjölskyldu sinni utan húss, en aðrir kjósi að vera inni í rólegheitum og fá frekar heimsóknir á aðfangadag eða jóladag. „Við hvetjum til þess að fólk komi í rólegheitum. Gamla fólkinu



Guðrún Gísladóttir og Sigrún Faulk.

finnst þetta oft svo stressandi tími,“ segir hún. „Allir að flýta sér og svona, þannig að margir kjósa að vera hérna. Þeim finnst það þægilegra tempó.“

Löng hefð er fyrir jólahaldi á Grund, sem verður 100 ára á næsta ári.

Fyrrverandi forstjóri Grundar, Guðrún Birna Gísladóttir, er fædd á heimilinu og vann þar alla tíð. „Í áratugi hefur verið kveikt á jólaljósunum sem sett eru á suðurhlið hússins sem allir Vesturbæingar tengja við,“ segir hún og vísar í skilti þar sem stendur Gleðileg jól.

Guðrún bætir við að áður hafi verið dansað í kringum jólatréð í garðinum og sungnir jólasöngvar. „Þetta var hefð sem börnin í hverfinu tóku ávallt þátt í,“ segir hún.

„Hér var líka oft einkar sérstakur andi í kringum jólin. Þá var flokkaður jólapóstur og kveðjur sem við bárum til heimilisfólksins,“ segir Guðrún.

„Það voru líka alltaf litlar jólagjafir handa fólkinu. Allra fyrst man ég að það var gefið epli og appelsína. Þá sátum við að pússa eplin og svo töldum við brjóstsykur í poka,“ segir hún og bætir við að síðan hafi verið gengið með gjafirnar í öll herbergin.

Á aðfangadag messaði afi Guðrúnar og eftir það fóru hún og systir hennar með föður sínum á öll herbergin, tóku í höndina á öllum og buðu gleðileg jól.

„Á gamlárskvöld voru svið í matinn. Þá fór fólk með kjammana inn á herbergin og stakk úr þeim með vasahníf,“ segir hún. ■

## Hótelið eins og stórt heimili



Salvör Lilja Brandsdóttir.

„Það er rosalega gefandi að fá gesti hingað á þessum tíma,“ segir Salvör Lilja Brandsdóttir, hótelstjóri á Grand hótel í Reykjavík.

„Hingað kemur alls konar fólk í gistingu sem hefur mismunandi væntingar,“ segir Salvör.

Hótelið hringir inn jólin klukkan sex á aðfangadagskvöld, fyrir gesti og starfsfólk. Þó segir Salvör flesta gesti minna upptekna af þeim degi, og að fókusinn sé heldur á jóladag. „Við erum með alþjóðlegt jólahlaðborð sem við keyrum hérna, en svo eru aðrir sem eru bara á sinni klúbbsamloku og öli,“ segir hún.

„Þetta er svo misjafnt og fólk er almennt ekki að taka þessa jólahátíð rosalega alvarlega,“ segir Salvör. „En við Íslendingar tökum þetta alltaf alla leið.“

Hún segir að það gerist að íslenskar fjölskyldur komi út að borða á aðfangadag en gjarnan séu þeir hópar tengdir gestum á hótelinu.

„Það eru alltaf svona tvær eða þrjár stórfjölskyldur sem koma yfirleitt, og eru með tengingu,“ segir Salvör.

„Svo eru hjón sem eru að kíkja í heimsóknir um kvöldið en vilja kannski ekki dvelja þar og kjósa að vera sjálfstæð.“

Hún man sérstaklega eftir íslenskum gesti sem kom einn til þeirra á aðfangadag. „Hann vildi gera vel við sig, kom og var út aðfangadag. Bjó einn og hafði ekki annan stað, hann var bara orðinn vinur okkar,“ segir Salvör.

„Þetta er mjög fjölbreytt líf og það leggst yfir húsið einhver hátíðarblær, þegar við erum búin að lofta út eftir skötuna!“ Að sögn Salvarar býður hótelið gestum upp á skötu á Þorláksmessu og þetta árið eru 300 gestir skráðir til borðs í þeirri veislu.

Hún segir að bónorð séu vinsæl meðal ferðamanna á þessum árstíma. „Menn eru að setja trúlofunarhringa í desertana og sérstaklega um áramótin,“ segir Salvör og bætir við að nánast sé fullt hjá þeim um áramótin.

Hún nefnir að hótelið slái upp risastórri gala-veislu á gamlárskvöld, en þá búi fólk sig upp. „Það er stemning og við skreytum rosa mikið.

Þetta er eins og risastórt heimili með mismunandi unglingum,“ segir hún að lokum. ■

## Hátíð barnanna á Hringnum



Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir.

Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir hjúkrunarfræðingur er deildarstjóri á legudeild Barnaspítala Hringsins.

Hún segir um það bil sjö starfsmenn í húsi að kvöldi aðfangadags.

Þó að ætíð sé reynt að koma öllum inniliggjandi heim á aðfangadag, þó að ekki sé nema í tvær klukkustundir, þá séu alltaf einhverjir sem komast ekki heim. „Þá reynum við að gera aðstæðurnar eins hátíðlegar og hægt er,“ segir Jóhanna Lilja.

„Foreldrarnir koma þá og borða með barninu og stundum ömmur og afar og systkinin líka,“ segir hún.

Hún segir að heimsfaraldur kórónaveiru hafi verið krefjandi í því tilliti. „Við erum með takmarkanir inn á deildina og núna eru bara þeir sem eru fullbólusettir, 12 ára og eldri, sem mega koma og bara einn í einu,“ segir Jóhanna Lilja.

„Við höfum alltaf fengið mikið af heimsóknum dagana fyrir jól og á aðfangadag, frá fólki úti í bæ,“ segir hún.

Þar hafi fyrirtæki lagt sig fram og sjálfir jólasveinarnir hafi einnig heimsótt börnin. Undanfarið hafi þeir þó þurft að skemmta krökkunum úr garðinum fyrir utan, og fylgist krakkarnir með þeim úr gluggunum.

„Maður reynir að gera þetta eins kósí og hægt er. Mér finnst alltaf voðalega hátíðlegt að vinna á aðfangadag og það er sérstök stemning sem myndast,“ segir Jóhanna.

„Við erum með jólatré og deildin er skreytt.“ Tvö fyrirtæki stóðu fyrir því, þetta árið, að skreyta garðinn fallega. Segir hún það hafa vakið mikla lukku hjá börnum, foreldrum og starfsfólki.

„Við fengum líka gefins jóladagatöl og útbýttum þeim fyrir alla. Það eru ótrúlega margir að hugsa til okkar,“ segir Jóhanna Lilja. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 18. desember 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Last Christmas er uppáhalds jólalag hunda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hundar elska Wham!

oddurfreyr@frettabladid.is

Uppáhalds jólalag hunda er Last Christmas með Wham!, samkvæmt könnun sem góðgerðarsamtökin Guide Dogs UK gerðu, en 1.000 hundaeigendur tóku þátt.

Last Christmas fékk 10 prósent atkvæða, en næst á eftir kom Jingle Bells með 9 prósent atkvæða og All I Want for Christmas is You með Mariah Carey, sem fékk 6 prósent atkvæða. Önnur lög sem eru vinsæl hjá hundum eru Driving Home for Christmas með Chris Rea, It's Beginning to Look a Lot Like Christmas með Michael Bublé og A Wonderful Christmas Time með Paul McCartney.

Þátttakendur í könnuninni sögðu að hundarnir þeirra væru hrifnir af hressandi lögum með hröðum takti, frekar en rólegum, hægum lögum eða lögum með engum söng.

**Tónlist róar hunda**

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda, eða 90 prósent, sögðu að hundar væru hrifnir af tónlist og að hún gæti haft ólík áhrif á þá, allt frá því að hressa þá við (23 prósent) að því að hjálpa þeim að sofna (11 prósent). Fjórðungur hundaeigendanna sagði líka að tónlist kæmi að gagni við að hjálpa hundum að vera rólegir eða líða þægilega. Þetta getur verið sérlega gagnlegt um jólin, þegar rútína margra hunda breytist, og um áramótin, þegar flugeldalætin byrja. ■






Starfsmenn nýrrar verslunar, Kultur menn, í Smáralind. Valtýr Helgi Diego (fremst), Björn Sveinbjörnsson, Jóhann Karl Ásgeirsson, Jóel Þór Jóelsson, Hrafnkell Diego og Birgir Einar Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kultur menn nú líka í Smáralind

Kultur menn var opnuð nýlega á annarri hæð í Smáralind en verslunin er einnig í Kringlunni. Kultur menn leggur áherslu á vandaðan fatnað fyrir herra sem vilja vera vel klæddir.

Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC, segir að mikill uppgangur sé í Smáralind en fyrirtækið hefur rekið þrjár verslanir þar undanfarin tíu ár. „Okkur fannst vanta meira af flottum herrafatnaði í Smáralind en við höfum rekið Kultur menn í Kringlunni í 15 ár. Kultur menn var fyrst opnuð á Laugaveginum árið 2005 en flutti í Kringluna 2006. Verslunin á marga fasta viðskiptavini sem geta nú valið um tvo staði til að versla á."

Björn segir marga hafa viðrað þá hugmynd að setja upp Kultur menn í Smáralind. „Við ákváðum að láta slag standa og sjáum ekki eftir því. Verslunin hefur farið mjög vel af stað. Kultur menn er fyrir alla karlmenn yfir tvítugt. Stærsti hópurinn er á aldrinum 30-60 ára en okkur þykir vænt um að sjá alla aldurshópa. Við fáum líka þó nokkuð af enn eldri flottum mönnum og það er sannarlega gaman að sjá hversu karlmenn á Íslandi eru farnir að huga vel að klæðnaði sínum og tilbúnir til að prófa nýja liti," segir Björn og bætir við að tekið sé vel á móti öllum í versluninni.

**Golffatnaður frá J. Lindeberg**

„Við leggjum mikið upp úr að veita afburðaþjónustu, erum með breitt úrval af fatnaði, jafnt í verði sem útliti. Verslunin býður gott úrval af finni merkjum í þremur verðflokkum svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þá erum við jafnframt með umboð fyrir hið vinsæla golfmerki J. Lindeberg fyrir dömur og herra og erum með sérstakt horn í nýju búðinni sem er eingöngu með golffatnað. Því hefur verið gríðarlega vel tekið enda margar jólagjafir þar að finna fyrir golfarann," segir Björn og bætir við:

„Það er gaman að segja frá því að einn besti kylfingur landsins, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir,

> Verslunin hefur farið mjög vel af stað. Kultur menn er fyrir alla karlmenn yfir tvítugt. Stærsti hópurinn er á aldrinum 30-60 ára en okkur þykir vænt um að sjá alla aldurshópa.

»




Stefán Arnar Stefánsson, Haukur Jónsson og Þórður Úlfar Ragnarsson eru starfsmenn Kultur menn í Kringlunni og taka vel á móti gestum þar.




Nýja verslunin í Smáralind er glæsileg og með mikið úrval af fallegum jólafatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Kultur menn er á efri hæðinni í Smáralind.

ritaði nýlega undir samning við J. Lindeberg við hátíðlega athöfn í nýju Kultur menn versluninni í Smáralind. J. Lindeberg er einn helsti söluaðili kven- og karlalínu í golfi á Íslandi. Ólafía hefur lengi verið ein fremsta íþróttakona Íslands en hún var meðal annars kosin íþróttamaður ársins árið 2017 og er margfaldur Íslandsmeistari í höggleik. Það er sannkallaður heiður að fá þessa glæsilegu íþróttakonu til liðs við J. Lindeberg og við hlökkum til að styðja við hennar vegferð og fylgjast með henni á vellinum á nýju ári," segir Björn.

**Vel klæddir á jólum**

„Önnur glæsileg og þekkt merki sem eru vinsæl hjá Kultur menn eru Tiger of Sweden, Paul Smith, Eton, Samsøe Samsøe, Matinique, Tommy Hilfiger, Diemme, Hundred og Royal Republic auk golffatnaðarins frá J. Lindeberg. Mér sýnist að herrarnir séu frekar að kaupa sér sparifatnað núna en venjulega seljum við meira af hversdagsfatnaði. Það eru margir að fá sér ný jólaföt og mun fleiri en fyrir jólin í fyrra."

Þegar Björn er spurður hvers konar fatnað fólk sé helst að velja til jólagjafa, svarar hann: „Það er alltaf vinsælt að gefa fallegar peysur, skyrtur, buxur, trefla og síðan vandaða skó. Við vorum meðal annars að taka inn nýtt merki í handgerðum ítölskum skóm, Brecos, og sjáum strax að þeir eru að fara í jólapakkana. Við erum búin að vera að fá svo mikið af fallegum vörum núna í desember svo það er nóg til."

**Fagleg ráðgjöf**

Björn bendir á að veitt sé persónuleg ráðgjöf í Kultur menn og það kunni fólk vel að meta. „Herrarnir vilja koma í verslunina og eiga gott spjall við starfsmenn sem

> J. Lindeberg er einn helsti söluaðili kven- og karlalínu í golfi á Íslandi.

þekkja vöruna vel og vita hvað hentar hverjum og einum. Það virðast vera fatajól núna, mjög margir eru að kaupa fallegan fatnað til gjafa. Ég get nefnt að í Kultur menn er mikið úrval af glæsilegum frökkum og jökkum. Matinique frakkarnir hafa alltaf slegið í gegn enda vandaðir en á sama tíma á svo fínu verði. Paul Smith er dýrasta merkið okkar og eru karlmenn mjög hrifnir af því líka. Tiger of Sweden er að okkar mati eitt mest kúl jakkafatamerkið og skyrturnar flottar. Þá get ég líka nefnt frábærar gjafir eins og Paul Smith strigaskó í hvítu sem hafa verið mjög vinsælir, sömuleiðis fínni buxur sem eru með teygjanleika og mjög þægilegar frá Matinique og Eton skyrturnar. Allt vörur sem hafa verið afar vinsælar að undanförnu," upplýsir hann.

„Við íslenskir karlmenn erum farnir að kunna vel við okkur í fallegum litum. Við viljum vera vel klæddir og höfum meiri áhuga á tískunni í dag en áður. Vel klæddur herra er miklu öruggari með sig enda gefur góður fatastíll sjálfstraust. Til dæmis hafa brúnir skór verið lengi í tísku og alltaf vinsælir. Ætli megi ekki segja að dökkblátt, mosagrænt og brúnt séu litir sem hafa verið söluhæstir. Það er frábært að sjá hvað karlar eru orðnir meðvitaðir um tískuna," segir Björn. ■




Verslunin er fallega hönnuð. Til hægri sést golfdeildin fyrir dömur og herra.

> Við íslenskir karlmenn erum farnir að kunna vel við okkur í fallegum litum. Við viljum vera vel klæddir og höfum meiri áhuga á tískunni í dag en áður.




J. Lindeberg er þekkt vörumerki í golffatnaði. Kultur menn býður upp á mikið úrval af glæsilegum golffatnaði.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Icebreaker

**Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.**

icebreaker®



**Everyday ♂**
Síðerma
**12.990 kr.**



**Everyday ♂♀**
Leggings
**12.990 kr.**



**Oasis ♂♀**
Síðerma
**14.990 kr.**



**Barna leggings**
**8.590 kr.**



**Barna bolur**
**8.590 kr.**



**Zone ♀**
Síðerma
**19.990 kr.**




**Anatomica ♂**
Nærbuxur
**6.590 kr.**



**Flexi Chute ♂♀**
Hlý buff
**4.990 kr.**



**Hike+ Light ♂♀**
Sokkar
**3.990 kr.**



**Sprite Racerback ♀**
Toppur
**8.490 kr.**



**Vertex ♀**
Leggings
**17.990 kr.**



**Vertex ♀**
Hálfrennd
**22.990 kr.**



**Quantum ♂♀**
Rennd
**27.990 kr.**



**Siren Tank ♀**
Hlýrabolur
**8.390 kr.**



**Sonebula ♀**
Upphár kragi
**15.990 kr.**



**Tech Lite ♂♀**
Stutterma
**11.990 kr.**



**Tech Lite ♂**
Póló
**13.990 kr.**



**Oasis ♂**
Hálfrennd
**15.990 kr.**

**GG SPORT**
*Stingum af ...*

**Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!**

@ggsport.is    @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

# Appelsínuönd gefur jólakeiminn

Jólaappelsínuöndin hefur verið fastur gestur á jólaborðinu hjá Eddu Jensdóttur frá því að hún kynntist honum fyrir fjörutíu árum hjá vinkonu sinni.

jme@frettabladid.is



Edda Jensdóttir notast við fjörutíu ára gamla uppskriftabók þegar hún eldar appelsínuöndina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vinkonurnar bjuggu á sínum tíma í sama húsi á Seltjarnarnesi. „Sjálf átti ég líka uppskriftabók frá Danmörku með sams konar uppskrift og hef ég nýtt mér hana gríðarlega mikið,“ segir Edda.

Jólaappelsínuöndin var fastur liður hjá Eddu og fjölskyldu hennar í um fimmtán ár og gerði mikla lukku hver einustu jól. „Jólaöndin er ekki lengur hefð hjá okkur og núorðið er ég vön að bjóða upp á rjúpu í matinn á aðfangadag í staðinn. Þegar rjúpan fæst ekki er öndin alltaf vænlegur kostur, enda sívinsæl og mikill jólabragur yfir henni. Svo er klassískt að vera með hamborgarhrygg á jóladag og hangikjöt annan í jólum. Við erum ekki mikið „hefðarfólk“, og förum ekkert í mínus yfir því að eitthvað fáist ekki.

Það hefur aldrei verið vandamál að fá endur fyrir jólin. Ég kaupi danskar peking-endur. Ein önd er nóg fyrir svona þrjá til fjóra.“ Edda segir algert lykilatriði að vera með heimagert rauðkál með öndinni, en uppskriftin er ættargersemi og kemur frá móður hennar. „Ég fer samt aldrei eftir skrifaðri uppskrift. Ég bara sker niður rauðkál og steiki upp úr smjöri. Svo helli ég brúnu lagerediki yfir og set púðursykur. Stundum skvetti ég smá balsamediki með. Þá finnst mér mjög jólalegt að bæta við 1-2 heilum anísstjörnum eða kanilstöng. Kryddið gefur ómótstæðilegan hátíðarblæ. Svo salta ég og pipra eftir smekk.

Brúnaðar kartöflur eru nauðsynlegar og jólaölið, þetta í brúsanum með bláa miðanum. Jólaölið er líka frábært til að elda pottrétti upp úr, í staðinn fyrir stout- eða porterbjór.

Ef ég næli mér í rjúpu fyrir jólin reyni ég að elda appelsínuöndina stuttu fyrir jól. Hún er hátíðleg og ilmurinn fyllir húsið. Annars er hefð hjá fjölskyldunni að leigja bústað í nóvember og elda appelsínuönd.

Við eigum þrjá syni og dóttur. Synirnir eru orðnir miðaldra karlar í dag og dóttirin býr í Noregi. Í ár komst ég yfir skoskar rjúpur fyrir jólin. Ég kaupi þær snemma til að lenda ekki í vöruskorti. Þessar skosku eru alveg jafngóðar og þessar íslensku, maður tekur bara haminn af áður en þær eru eldaðar. Það getur nefnilega komið smá brækja af fitunni ef hún er ekki hamflett. Annars eru þær alveg eins og okkar rjúpur.“


Appelsínuöndin er hátíðleg og falleg á jólaborðið. Edda mælir sérstaklega með að nota Peking-önd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Jólaappelsínuönd

**uppskrift miðast við eina önd**

### Fylling

1 poki niðursneiddir þurrkaðir ávextir (epli, sveskjur, apríkósur og perur. Fæst t.d. í Hagkaupum).

Skerðu smá af fitu af öndinni og geymdu. Öndin er næst þerruð og salti og pipar stráð inn í og utan á. Fyllingunni er troðið í holið og lokað fyrir með tannstönglum eða bandi bundið um leggina. Leggið öndina, með bringurnar upp, í eldfast mót með loki og eldið við 250°C í 15 mínútur. Lækka hitann niður í 190°C og elda í um 1 til 1,5 tíma með lokinu á. Það er lykilatriði að ausa soðinu sem lekur af henni yfir kjötið til að halda öndinni safaríkri og svo hún fái stökka puru.

### Sósan

Gott er að gera sósuna á meðan öndin er í ofninum.

**1. skref**

1 háls af önd
1 laukur, saxaður
3 dl vatn
Steinselja
Rósmarín
Salt og pipar

Brúna hálsinn og lauk í smá smjöri. Bætið við 3 dl af vatni, steinselju og rósmarín, salt og pipar og sjóðið.

**2. skref**

Soð af önd
4 msk. hveiti

Þegar öndin er steikt skal hella soðinu af henni í pott, leyfa því að botnfalla og fleyta smá af fitunni ofan af. Skildu þó eftir næga fitu til að drekka í sig 4 msk. af hveiti sem er stráð yfir og látið botnfalla ofan í soðið. Síðan er þessu hrært saman saman og soðið varlega ásamt soðinu af hálsinum.

**3. skref**

1 appelsína
1-2 dl rauðvín
Appelsínusafi eða Grand Marnier, smá skvetta ef vill

Svo er það aðalgaldurinn. Börkur af einni appelsínu, helst lífrænni, annars þveginni, er sneiddur af og skorinn í fína strimla. Passa að ekkert hvítt komi með. Rauðvín sett í pott og appelsínubörkurinn með og látið sjóða í nokkrar mínútur. Þetta má bragðbæta með nýkreistum appelsínusafa eða ekki verra, Grand Marnier. Þetta er svo sigtað og sett út í soðsósuna. Einnig má sleppa þessu með appelsínuna og rauðvínið og setja væna skeið af rifsberjahlaupi og gráðosti út í sósuna.

Með þessu er best að bera fram brúnaðar kartöflur, heimagert rauðkál og steikt epli. Epli eru þá skræld, skorin í báta og steikt með timían og smá hlynsírópi, upp úr andafitu sem skorin er innan úr öndinni áður en hún er elduð. ■




ÍSLANDS HÓTEL
Grand HÓTEL REYKJAVÍK
HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM
FOSSHOTEL
17 HÓTEL UM ALLT LAND
GJAFABRÉF ÍSLANDSHÓTELA
Gjafabréfin gilda á Fosshótelum, Grand Hótel Reykjavík og Hótel Reykjavík Centrum
GEFÐU GJÖF
SEM GLEÐUR
– Verð frá 17.900 kr. –
• Gisting með morgunverði
• Gisting með morgunverði og kvöldverði
• Reykjavík Spa meðferðir
• Sérsniðin gjafabréf
Hentar einnig vel í fyrirtækjagjafir
ÍSLANDSHÓTEL
Birt með fyrirvara um prentvillur.
EINFALT AÐ BÓKA: ISLANDSHOTEL.IS/GJAFABREF
gjafabref@islandshotel.is | islandshotel.is/gjafabref

# Eldhúsið tekið úr samhengi

Grafíski hönnuðurinn og nútímafræðingurinn Guðrún Lárusdóttir opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu í Litla Galleríi í Hafnarfirði í gær. Þemað er eldhúsið.

sandragudrun@frettabladid.is


Guðrún opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrúnu líður best í eldhúsinu og sýningin endurspeglar það. Hún hefur glímt við veikindi undanfarið og hefur því ekki getað varið eins miklum tíma í eldhúsinu og hún hefði viljað.

„Eldhúsið hefur alltaf verið sá staður þar sem mér líður best og mér finnst ég örugg þar. Ég hef mikið leitað í eldhúsið til að finna ró. Þar get ég bakað eitthvað sem ilmar vel og deilt með mínum nánustu,“ útskýrir Guðrún.

„En undanfarið hef ég ekki getað verið nógu lengi í eldhúsinu til að geta búið eitthvað til þar. Svo þá fór ég að mála hluti sem eru í eldhúsinu. Kosturinn við að mála er að ég get farið frá málverkinu þegar ég verð þreytt, það brennur ekki við.“

**Notar bara fimm liti**

Sýningin sem var opnuð í gær á verkum Guðrúnar heitir Úr samhengi og er opin núna um helgina. Þar verður hægt að berja augum málverk Guðrúnar af mat og eldhúsáhöldum.

Guðrún valdi hluti af handahófi úr eldhúsinu sem hún málaði. Hún notaði matta gvassmálningu til að mála hluti sem flestir eru glansandi.

> **Undanfarið hef ég ekki getað verið nógu lengi í eldhúsinu til að geta búið eitthvað til þar. Svo þá fór ég að mála hluti sem eru í eldhúsinu.**
>
> Guðrún Lárusdóttir

„Ég notaði CMYK-litina, eða prentaralitina, sem eru gulur, blár, bleikur og svartur og hvítur. Ég þurfti svo að nota þessa liti til að búa til glans og áferð. Ég ákvað að nota bara þessa liti til að hafa smá áskorun fyrir sjálfa mig og æfa mig að nota bara þessa liti,“ útskýrir Guðrún.

Hlutirnir úr eldhúsinu fá nýtt hlutverk í myndunum. Rammarnir sem myndirnar eru í eru allir keyptir notaðir og þeir eignast nýtt líf í nýju hlutverki í sýningunni.

„Eins og myndirnar eignast nýtt líf á nýjum veggjum til að setja hlutina í samhengi hjá þeim,“ útskýrir hún.

**Einstök sýn á samfélagið**

Guðrún segir að sú blanda að vera grafískur hönnuður og nútímafræðingur hafi veitt henni einstaka sýn á samfélagið og haft áhrif á hvernig hún horfir á það dag frá degi.


Flysjarinn hennar ömmu fær að vera með á sýningunni um helgina.

„Eftir að ég var skikkuð í veikindaleyfi þá hjálpaði það mér að skoða og greina breyttan veruleika í annarri birtingarmynd,“ segir hún.

Guðrún segist spennt fyrir því að opna sínu fyrstu myndlistarsýningu og fá tækifæri til að sýna fólki það sem hún hefur verið að vinna að. Sýningin er opin í dag frá 12-17 og á morgun frá 13-17 og vonast Guðrún til að sem flestir gestir sjái sér fært að mæta og njóta myndlistarinnar. ■





SBS - Mbl. 12. des. 20121

## Gunni Þórðar – Lífssaga

Gunnar Þórðarson er einn fremsti tónlistarmaður Íslendinga og í þessari bók rekur Ómar Valdimarsson lífshlaup hans, allt frá æskuárum á Hólmavík og í Keflavík til dagsins í dag.

Bókin veitir einstaka innsýn í sögu dægurmenningar á Íslandi síðastliðin 60 ár.

Hljómatíminn, Trúbrot, Lonlí Blú bojs, Guitar Islancio, klassíkin, og ekki síst einkalífið, allt er á sínum stað og ekkert dregið undan.

Frábærlega vel skrifuð og skemmtileg ævisaga um ævintýralegan lífsferil.

**Komin í hljóðbók!**

SKRUDDA
skrudda.is
skrudda@skrudda.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

## INFORMATION MANAGEMENT ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Information Management Assistant lausa til umsóknar.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Information Management Assistant. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)




Lyfjaval
Apótek

## Okkur vantar lyfjafræðing

Lyfjaval auglýsir eftir lyfjafræðingi til starfa.
Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi fyrirspurnir eða umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið lyfjaval@lyfjaval.is.

**Viltu vera með okkur í spennandi vegferð?**
Lyfjaval er nú hluti af Lyfsalanum sem rekur 6 apótek.

Lyfjaval Apótek LYFSALINN

# MATREIÐSLUMAÐUR

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

## VIRK auglýsir eftir matreiðslumanni

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan og kraftmikinn matreiðslumann til starfa hjá VIRK. Matreiðslumaður ber ábyrgð á rekstri mötuneytis þar sem að jafnaði borða um 60 til 90 manns.

VIRK er heilsueflandi vinnustaður þar sem leitast er við að elda hreinan og hollan mat frá grunni. Verkefnin eru fjölbreytt en auk þess að matreiða hádegismat tekur matreiðslumaður þátt í ýmsum öðrum viðburðum þar sem veitingar eru fram bornar.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun á sviði matreiðslu er skilyrði
- Reynsla af stjórnun mötuneytiseldhúss er skilyrði
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Snyrtimennska og hreinlæti er skilyrði
- Metnaður í starfi
- Mjög góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í samskiptum
- Framúrskarandi þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og góð ástundun



### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á rekstri mötuneytis, þ.m.t. hádegismat og fundaveitingum
- Ábyrgð á innkaupum og birgðahaldi
- Gerð hreinlætisáætlunar
- Ábyrgð á kæla- og tækjaeftirliti
- Samskipti við eftirlitsaðila
- Ábyrgð á vörumóttöku
- Ábyrgð á vinnuskipulagi starfsfólks

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is

### Upplýsingar veitir:

Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir
yrsa@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2021.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.




FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2021 VR · JAFNLAUNAVOTTUN 2021 - 2024 · bsi ISO 9001 Quality Management · Mannauðshugsandi vinnustaður 2021 HR MONITOR · Framúrskarandi fyrirtæki



EFLA

# Sérfræðingur á Vesturlandi

EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum aðila til starfa á Vesturlandi. Í dag er starfsstöð á Hvanneyri, en vilji er til að byggja upp þjónustu víðar á svæðinu. Starfið er tilvalið fyrir aðila sem er nú þegar búsettur á svæðinu eða sem horfir til þess að flytja þangað. Framundan eru fjölbreytt tækifæri og áhugaverð verkefni.

**STARFSSVIÐ**

- Framkvæmdaeftirlit; gatnagerð, byggingar, veitur
- Hönnun bygginga
- Líkan- og skýrslugerð
- Þéttbýlistækni, skipulags- og umhverfisráðgjöf
- Ráðgjöf og verkefnavinna
- Samskipti við viðskiptavini og hagaðila

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af framkvæmdaeftirliti og hönnun bygginga
- Þekking á helstu teikniforritum
- Góð færni í textagerð og upplýsingamiðlun
- Góð hæfni í íslensku og ensku
- Afburða hæfni til samskipta og samvinnu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

*EFLA leggur mikla áherslu á að bjóða upp á nærþjónustu um allt land og starfrækir öflugar starfsstöðvar á landsbyggðinni þar sem fjórðungur starfsfólks starfar. Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Gildi EFLU eru hugrekki, samvinna og traust.*

21. des. kl: 11-20
22. des. kl: 11-20
23. des. kl: 11-20
24. des. kl: 10-13



Selena

Selena undirfataverslun • Bláu húsunum við Faxafen • Sími 553 7355

# Guðdómlegt hreindýr og steikt andabringa

**Jólin nálgast óðfluga og í tilefni þess bauð Hinrik Örn Lárusson matreiðslumaður og landsliðskokkur til hátíðarveislu á heimili sínu og unnustu sinnar Ólafar Eirar Jónsdóttur og sonar.**

sjofn@frettabladid.is

Í þættinum Matur og heimili eldaði hann og reiddi fram jólamatinn sem fjölskyldan ætlar að snæða á aðfangadagskvöld.

Í þættinum fór Hinrik yfir helstu trixin þegar elda á villibráð eins og hreindýr og önd og gaf góð ráð. Hinrik byrjaði snemma að taka þátt í matreiðslunni fyrir jólin og yfirtók eldhúsið mjög fljótt enda hefur hann haft ástríðu fyrir því að elda og framreiða kræsingar frá því að hann man eftir sér.

„Ég var ungur þegar ég byrjaði að hjálpa til og eiginlega bara síðan ég man eftir mér hef ég verið fyrir í eldhúsinu. Ég hef verið svona um 17 ára þegar ég tók að mér jólamatinn í fyrsta skipti, í minningunni var það alveg greinilegt að ég væri að taka hann í fyrsta skipti sjálfur," segir Hinrik og veit fátt skemmtilegra en að matreiða jólamatinn fyrir fjölskyldu sína.

Hinrik segir að það hafi ekki verið mikið af jólahefðum og -siðum í bernsku sinni.

„Í minningunni hefur ekki verið mikið af jólahefðum eða -siðum sem við höfum haldið, jólin hafa aðallega snúist um samveru, góðan mat og góðan félagsskap. Það eru jólin fyrir mér." Hann segist þó halda í matarhefðirnar sem voru í hans æsku. „Yfir jólin held ég í uppáhaldshefðirnar, auðvitað breytist eitthvað í gegnum árin og nýjar hefðir þróast en í grunninn eru sömu matarhefðir yfir hátíðarnar." Á áramótunum er það kalkúninn hvort sem hann er heima eða hjá tengdaforeldrum sínum og það finnst Hinrik ómissandi.

Hinrik deilir hér með lesendum uppskriftunum að hátíðarréttunum sem hann framreiddi í þættinum Matur og heimili á dögunum sem hittu svo sannarlega í mark hjá matargestum.


Hinrik Örn Lárusson býður hér upp á afar girnilegar uppskriftir að jólamatnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Hreindýr og önd, tvíréttuð jólaveisla að hætti Hinriks Arnar.


Gómsæt og bragðmikil fylling með hægelduðum andalærum.


Hunangsristað rósakál með heslihnetum. Ljúffengt meðlæti.

## Pönnusteikt hreindýr í hvítlauk og rósmaríni

- 2 stk. hreindýralundir
- 3 stk. hvítlauksgeirar
- Smá rósmarín
- 100 g smjör
- Salt og olía eftir smekk

Kryddið hreindýrið með salti eftir smekk og setjið út á heita pönnu með olíu.

Steikið í um 2-3 mínútur á hvorri hlið eða þar til kjötið er orðið fallega brúnað.

Bætið næst við smjöri, rósmaríni og hvítlauk út á pönnuna og haldið áfram að steikja í 2-3 mínútur og snúið lundinni reglulega.

Takið af pönnu og setjið í eldfast mót.

Notið kjarnhitamæli og eldið steikina inni í ofni á 180°C þar til að kjarnhitinn nær 42°C gráðum.

Hvílið og skerið niður.

## Hunangssteikt barbarian andabringa

- 2 stk. andabringur
- 1 msk. hunang
- 2 msk. smjör
- Salt og olía eftir smekk

Skerið rákir í fituna á andabringunni.

Hitið pönnu í miðlungs hita.

Bætið smá olíu út á pönnuna og byrjið að steikja andabringuna á fituhliðinni.

Þegar fitan á öndinni er byrjuð að bráðna má hækka hitann í botn á pönnunni.

Þá nærðu fallegri steikingu og skinnið verður stökkt.

Næst er smjöri, hunangi, rósmaríni og hvítlauk bætt við út á pönnuna og andabringan steikt á hinni hliðinni.

Gott að velta smjörinu með skeið yfir andabringuna meðan hún steikist.

Takið af pönnunni og setjið í eldfast mót.

Setjið ofn á 180°C gráður og eldið þar til kjarnhiti er kominn í 58°C gráður.

Takið út og látið hvíla í um það bil 5-6 mínútur.

## Gómsæt fylling með hægelduðum andalærum

- 3 stk. andalæri hægelduð
- 300 g svínahakk
- 1 stk. laukur
- 6 stk. sveppir
- 1 hvítlauksgeiri
- 1 bolli brauðteningar
- 1 bolli mjólk
- Smjör eftir smekk

Kjötið af andalærum rifið niður í skál

Hakk, laukur, hvítlaukur og sveppir steikt saman á pönnu.

Andalærunum bætt út á pönnuna með smjöri.

Næst er brauðteningum og mjólk bætt saman við.

Öllu saman blandað í skál.

Bakað í 25-30 mínútur í eldföstu móti.

## Brokkolísalatið hennar mömmu

- 1 stk. brokkolíhaus
- ½ rauðlaukur
- 200 g sýrður rjómi
- 200 g majónes
- 2 msk. þurrkuð trönuber
- 1 msk. hunang
- Sítrónusafi eftir smekk
- Salt eftir smekk

Saxið brokkolíið og rauðlaukinn smátt niður.

Blandið saman rest af hráefni við brokkolíið.

## Hunangsristað rósakál með heslihnetum

- 500 g rósakál
- 2 msk. smjör
- 1 msk. hunang
- 2 msk. ristaðar heslihnetur
- Salt og olía eftir smekk

Rósakálið er soðið í 2 mínútur í potti og svo snöggkælt með klaka eða undir köldu vatni.

Næst er panna hituð vel með olíu, rósakálið sett á pönnuna og steikt.

Smjöri og hunangi bætt út á pönnuna og steikt þar til rósakálið verður karamellíserað.

Heslihneturnar eru muldar niður.

## Rjómasoðnar gular baunir

- 2 dós gular baunir
- 500 ml rjómi
- 100 g smjör

Allt sett í pott og soðið saman þar til rjómablandan byrjar að þykkna.

## Sykurbrúnaðar kartöflur með rósmaríni og appelsínuberki

- 1 kg soðnar kartöflur, skrældar
- 200 g sykur
- 100 g smjör
- 200 g rjómi
- 3 stilkar rósmarín
- 1 stk. appelsína

Sykur hitaður á pönnunni þar til hann brúnast vel. Rjómanum bætt út á pönnuna og rjómi og sykur soðið saman. Næst er smjörinu bætt rólega saman við og hrært vel á meðan. Saxið rósmaríntoppa og rífið börkinn af appelsínunni út í karamelluna. ■

AVON SNYRTIVÖRUR
avonsnyrtivorur.is
VERÐ MEÐ VERSLUNINA OPNA
Í Hrísrima 35 112 Grafarvogi

| | |
|---|---|
| Laugardaginn | 18. des. frá 12-16 |
| Mánudaginn | 20. des. frá 14-18 |
| Þriðjudaginn | 21. des. frá 14-18 |
| Miðvikudaginn | 22. des. frá 14-18 |
| Fimmtudaginn | 23. des. frá 14-20 |






vfs.is
Milwaukee
RYOBI
GEFUM
HARÐA
PAKKA
Hultafors
KNIPEX
Wera
Rafmagns- og handverkfæri í úrvali
frá heimsþekktum framleiðendum.
brennenstuhl
YATO
MICHELIN
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Jólapeysur eru ekki sérlega góðar fyrir umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Jólapeysur menga mikið

oddurfreyr@frettabladid.is

Margir klæðast jólapeysum yfir jólatímann, en þær eru ekki sérlega góðar fyrir umhverfið því þær fá yfirleitt mjög skamman líftíma og valda plastmengun í þvotti.

Tískuiðnaðurinn veldur nær 10 prósentum af allri kolefnislosun heims og um 20 prósent af menguðu vatni koma þaðan. Mikið af fatnaði er svo notað mjög lítið eða ekkert áður en hann endar í landfyllingu. Nýleg rannsókn umhverfisverndarsamtakanna Hubbub leiddi í ljós að jólapeysur voru með verstu dæmunum um þessa sóun, því tvær af hverjum fimm peysum eru bara notaðar einu sinni áður en þeim er hent. Samt eru þær keyptar í milljónatali ár hvert.

Hubbub tók líka sýni úr 108 jólapeysum sem voru seldar í 11 ólíkum verslunum og 95 prósent þeirra voru að hluta eða öllu leyti úr plastefnum. Meirihlutinn var úr akrýl, plasttrefjum sem eru mikið notaðar í fjöldaframleidd og ódýr föt. Rannsókn við Plymouth-háskóla komst að þeirri niðurstöðu að 730 þúsund örtrefjar komi úr akrýlpeysu í hverjum þvotti, sem er til dæmis fimm sinnum meira en úr peysu úr blöndu af pólýester og bómull. Þær verða því til þess að mikið af plastmengun fer í sjóinn. ■



Elton John, Ed Sheeran og LadBaby ætla að ná fyrsta sætinu á jólalagavinsældalista Bretlands. MYND/SKJÁSKOT

## Syngja inn jólin

elin@frettabladid.is

Poppstjörnurnar Elton John og Ed Sheeran hafa tekið höndum saman með parinu og YouTube-stjörnunum í LadBaby um nýtt jólalag til að freista þess að ná 1. sæti vinsældalistans í desember. LadBaby hefur átt vinsælasta jólalagið síðustu ár í Bretlandi og það er mikil keppni um fyrsta sætið sem verður upplýst um á jóladag. Keppnin um vinsælasta jólalagið var auk þess þráðurinn í kvikmyndinni Love Actually.

**Veðjað um sigurlagið**

Svo mikill er slagurinn að veðbankar hafa ekki undan að taka á móti veðmálum um hver verður í fyrsta sætinu. Nú eru það engir aðrir en Elton og Ed sem ætla að bera sigur úr býtum með fjörugu jólalagi í gamansömum stíl. Lagið heitir Sausage Rolls For Everyone og hægt er að hlusta á það á YouTube.

Allur ágóði af laginu fer til góðgerðarmála. LadBaby leitaði til stórstjarnanna til að afla enn meira fjár. Enginn tónlistarmaður hefur náð því að eiga jólasmell Bretlands fjögur ár í röð en LadBaby gæti orðið fyrst til þess núna. ■

## Konfekt með rjómaosti, hnetum og þurrkuðum ávöxtum

starri@frettabladid.is

Hér er einföld uppskrift að konfekti sem gott er að eiga á aðventunni.

300 g súkkulaði
100 g rjómaostur frá Gott í matinn
100 g smjör
100 g hnetusmjör
150 g rúsínur (eða aðrir þurrkaðir ávextir að eigin vali)
150 g döðlur
200 g hnetur að eigin vali

Saxið fyrst hneturnar og döðlurnar og blandið saman við rúsínurnar. Súkkulaðið er brætt og blandað saman við rjómaostinn, smjörið og hnetusmjörið.

Blandið öllu saman í skál og setjið í konfektform og kælið. Einnig má setja blönduna í form með plastfilmu í botninum. Þegar



Gómsætt konfekt á aðventunni gleður alla. MYND/MS



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

AÐALKAUP
Bílasala



**GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!**

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgerð 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. Drægni 270km. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120626. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP
Bílasala



**GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!**

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgerð 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. Drægni 270km. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120628. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

AÐALKAUP
Bílasala



**ALGJÖR DRAUMUR!!!**

VOLVO XC60 T8 Twin engine 4x4. Árgerð 2019, ekinn 39þ.km., bensín/rafmagn, Sjálfskiptur. Ný þjónustaður af Brimborg. 19" Álfelgur, Leður, Lúga, Bakkmyndavél o.fl o.fl. Litur virkilega vel út. Verð aðeins kr.7.977.000. Rnr.120571. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c.

**Aðalkaup - Bílasala**
**Skeifan 3C, 108 Reykjavík**
**Sími: 888 3715**
**adalkaup@adalkaup.is**
**http://adalkaup.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

+++ EÐALVERK +++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsaviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirki s: 778-7171

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



**Nýr 2022 Ford Transit 350 Trend**

Verð:

**5.300.000,- án vsk.**

**Double Cab 7 manna**
með 3,2 m. palli.

Þessir bílar eru ófáanlegir í dag en við eigum þennan til afhendingar strax !

SPARI bíll
**www.sparibill.is**
Fiskislóð 16 · Sími 577 3344



## Keypt & Selt

### Til sölu


Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi



mýranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára ábyrgð
JS LJÓSASMIÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.


## Heilsa

### Heilsuvörur




gott cbd.is


## Heimilið

### Barnavörur


Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is


## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði


**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is
HAGVANGUR


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



FYRIR EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

**Formbólstrun**
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is



**LOK Á HEITA POTTA**



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
*www.fjardarbolstrun.is*
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com



**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is



**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



gott cbd.is




Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

# Bókaðu gleðileg jól




**Horfnar**
Það er sumarbjart og sólin skín við Kirkjubæjarklaustur. Tvær þýskar vinkonur á bakpokaferðalagi heillast af stórbrotinni náttúrunni. Undir friðsælu yfirborðinu við Klaustur leynast þó myrk leyndarmál sem stúlkurnar tvær vilja ekki vita af.

4.459 kr.




**Skaði**
Rannsóknarlögreglumaðurinn Guðgeir er kallaður að tjaldsvæðinu í Herjólfsdal þegar ljóst er að þar hafa átt sér stað voveiflegir atburðir. Skemmtiferð vinahjóna virðist hafa farið á annan veg en til stóð. Rannsóknin teygir anga sína víða, allt frá eldfjallaeyjunni til frumskóga Mið-Ameríku.

4.899 kr.




**Kynslóð**
Hin tvítuga Maríanna vinnur í Skálanum – á milli þess sem hún skemmtir sér með kærastanum og aðstoðar ömmu sína og afa við bústörfin. Svo þarf að tækla foreldrana. En framtíðin lúrir handan við hornið og Ransí á Giljum sér breytingar í bollunum sínum. Og svo birtist nýr strákur í þorpinu...

5.799 kr.




**Veistu, ef þú vin átt**
Haustið 1946 fluttist Aðalheiður Hólm af landi brott með hollenskum eiginmanni sínum. Þá stóð hún á þrítugu en hafði engu að síður komið víða við sögu. Átján ára stofnaði hún Starfsstúlknafélagið Sókn sem sameinaði konur í lægstu stéttum þjóðfélagsins í baráttu þeirra fyrir mannsæmandi lífi.

5.399 kr.




**Milli vonar og ótta**
Íslenskar ljósmæður þurftu í aldanna rás að brjótast í öllum veðrum, oft um erfiðar leiðir, til að sinna fæðandi konum sem biðu milli vonar og ótta eftir aðstoð. Þær tóku á móti börnum við alls konar aðstæður á misjafnlega búnum heimilum.

5.999 kr.




**Skipskaðar á svörtum söndum**
Sandarnir miklu á suðurströndinni hafa orðið grafreitur margra skipa í aldanna rás. Barátta sjómanna í brjáluðu brimi fyrir lífi sínu hefur oftar en ekki verið tvísýn. Margir komust ekki lifandi frá borði. Þeirra sem náðu í land beið oft erfið ganga í leit í að byggð.

4.899 kr.




**Gunni Þórðar – Lífssaga**
Lífshlaup Gunnars Þórðarsonar er í senn furðulegt og stórkostlegt. Fáir núlifandi íslenskir tónlistarmenn komast með tærnar þar sem hann hefur hælana. Þetta er saga um strák, kominn af veðurbitnum bændum og sjómönnum norður á Ströndum, sem kemur suður og verður undrafljótt fremsti dægurtónlistarmaður landsins.

4.799 kr.



**Af nótnaborði náttúrunnar**
Það er eins og úrið hægi á sér þegar Páll á Húsafelli er sóttur heim, enda er tíminn í hans húsakynnum ekki af klukkuverki þessa heims. Ljúfmennskan ræður þar mestu, í bland við háttvísi og æðruleysi, en samfundir með listamanninum eru þeirrar náttúru að allt um hægist.

5.499 kr.




**Íslenskar draugasögur**
Er þetta einungis vindurinn að berja á gluggann þinn? Er brakið í gólffjölunum ekkert annað en dragsúgur? Er þetta bara skuggi þarna í horninu? Eða er þetta kannski eitthvað ískyggilegra, eitthvað óhugnanlegra, eitthvað ekki af þessum heimi?

4.598 kr.




**Útkall – í auga fellibylsins**
Þrír menn eru á leið frá Kanada til Íslands á litlili skútu, á einu hættulegasta hafsvæði veraldar, þegar brestur á fárviðri. Tveir Íslendingar, sem aldrei hafa kynnst siglingum áður, verða að liggja á gólfi káetunnar í ofsanum í tugi klukkustunda.

4.759 kr.



## *Jólainnkaupin*

hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu.
Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.
*Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.*

**nettó**
**Lægra verð – léttari innkaup**



Skyrtutaska unnin úr notuðum skyrtum, úr smiðju Ásu Bríetar. MYND/AÐSEND

# Heldur lífi í handverkinu hjá Chanel í París



Ása Bríet Brattaberg segir mikilvægt að unga fólkið í tískuiðnaðinum viðhaldi handverkshefðinni og óskar þess að fólk velti fyrir sér virði hverrar flíkur og beri meiri virðingu fyrir tímanum sem fer í að búa til föt. MYND/BETHANY MARKS



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

**Ása Bríet Brattaberg er fatahönnunarnemi sem starfar hjá Chanel-tískuhúsinu í París. Hún er þar í starfsnámi í gegnum Central Saint Martins hönnunarskólann í London. Hún segir sjálfbærni og samvinnu lykilinn að framtíð tískubransans og leggur áherslu á að halda lífi í handverkshefðinni.**

Það var alltaf draumur að fara til Parísar í Mekka tískunnar, að vinna," segir Ása Bríet. „Skólinn minn er rosalega tengdur atvinnulífinu og bransanum. Tískuhúsin koma í skólann og velja nemendur úr skólanum," segir hún.

„Ég sótti um í gegnum kennarana mína, sem velja nemendur sem fá að senda ferilskrána sína áfram á tískuhúsin." Ása Bríet sótti þannig um hjá Chanel í júní, fékk vinnuna og var ráðin fram í mars á næsta ári.

### Bratt bjarg varð Brattaberg

Ása Bríet er hálf-færeysk og segir skemmtilega frá tilurð ættarnafnsins.

Færeyski langafi hennar hafði vaknað einn daginn á sveitabænum og langað að fjölskyldan ætti ættarnafn. „Svo hann leit út á haf og sá þar stórt bjarg sem var mjög bratt, et voilà! Brattaberg, slegið!"

Hún segir handverkshefðina ríka í fjölskyldunni. „Allar konurnar í lífi mínu; mamma, amma í sveitinni, Kolla frænka, amma mín og langamma í Færeyjum, eru miklar handverkskonur," segir Ása Bríet.

„Ég hef alltaf verið umkringd konum sem eru alltaf með eitthvað á prjónunum, ætli ég hafi ekki verið mjög heilluð frá unga aldri af því að það væri bara hægt að vinna með höndunum og búa til flík sem maður getur klæðst," segir hún.

### Ástríðan glæddist snemma

Áhuginn á fatahönnun byrjaði þannig snemma og strax í grunnskóla var Ása Bríet farin að stefna á nám í Central Saint Martins.

„Ég fór beint úr grunnskóla í Tækniskólann í Reykjavík og lauk þaðan sveinsprófi í kjólasaum 2016," og hún tekur fram að hún hafi viljað ljúka tæknilegra námi áður en hún fór í hönnunarnám.

„Ég fór í Myndlistarskólann í Reykjavík og kláraði þaðan diplómanám í textíl," segir Ása Bríet.

Næst tók hún árs pásu frá námi, en nýtti tímann vel. „Ég var með stúdíó niðri í bæ og vann í ferilmöppu fyrir Saint Martins, vann með listafólki og saumaði sérsaumaðar flíkur."



Fyrirsætan Eva Þóra sýnir kjólinn sem Ása Bríet hannaði í tengslum við verkefni fyrir Balenciaga-safnið á Spáni. MYND/VIÐAR LOGI

### Eins skapandi og hún vill

Ása Bríet hlær, þegar blaðamaður biður hana að lýsa fyrsta vinnudeginum hjá Chanel. „Ég var löngu búin að plana fötin sem ég ætlaði að vera í fyrsta daginn. Fyrstu vikuna þorði ég varla að snerta neitt þarna inni, en svo liðu mánuðirnir og ég kynntist fólkinu."

Hún segir hafa tekið tíma að læra á allt kerfið. „Það er fyrst núna sem ég er komin heila hringrás í ferlinu. En það sem ég læri helst hérna er að sjá hvernig stórt tískuhús virkar," segir Ása Bríet.

„Ég get verið eins skapandi og ég vil og svo er einhver annar sem þarf að sjá um að selja flíkina, markaðssetja hana og sjá um reikningana," segir hún.

### Ekki að raða tölum allan daginn

Ása Bríet segir að vinnustaðurinn sé gríðarlega stór, en þrátt fyrir það nái hennar vinna til flestra þátta í sköpunarferlinu.

> „Ég brenn mest fyrir sjálfbærni. Að finna nýjar leiðir til að gera nýtt úr því gamla.

„Það fer eftir því hvar við erum í season," segir hún. „Í byrjun tek ég þátt í rannsóknarvinnu og bý til moodboards, svo förum við að gera efnisprufur og það er mest skapandi hlutinn. Að sauma út og lita og búa til efnin," segir Ása Bríet.

„Eftir það förum við að kynna línuna fyrir öðrum deildum innan hússins og það er mjög skemmtilegt. Hjá Chanel er mikil hefð fyrir textíl. Þó að flíkurnar séu kannski einfaldar í sniðum er textíllinn rosalega vandaður. Það er mjög mikil hugsun á bak við öll efnin."

Ása Bríet segist einnig koma að samskiptum við framleiðendur efnanna. „Ég er ótrúlega ánægð og hissa á hvað ég fæ að vera mikið inni í allri starfseminni. Ég er ekki að raða tölum allan daginn, sem var alveg eitthvað sem ég óttaðist þarna í upphafi. Maður hefur alveg heyrt hryllingssögur frá öðrum í bransanum," segir hún.

### Áherslan á sjálfbærni

Tískubransinn og textíliðnaðurinn hefur á síðustu árum sætt gagnrýni og verið kallaður til ábyrgðar varðandi umhverfismál. Hún svarar því til að gríðarlega mikið sé lagt upp úr sjálfbærni í náminu.

„Ég er mikið að vinna með endurnýtingu. Í verkefni sem ég vann fyrir Christóbal Balenciaga-safnið á Spáni bjó ég til flík úr tveimur brúðarkjólum og notaði svokallaða zero waste-vefnaðartækni. Engu er þar hent," segir hún.

Ása Bríet bætir við að afi hennar og amma séu sauðfjárbændur og hún hafi nýtt það tækifæri og sótt efniviðinn sem henni stóð næstur. „Ég er með fleiri kíló af ull sem ég mun kemba og spinna fyrir lokalínuna mína. Ef maður er ekki að hugsa um þessa hluti, þá er maður ekki í tísku," segir hún.

„En þó að mikil áhersla sé lögð á sjálfbærni í skólanum er það mismikið hvað hver og einn ætlar sér að taka mikla ábyrgð."

Ása Bríet segir skilaboðin sem hún vilji helst senda með sinni hönnun snúa að sjálfbærni. „Ég brenn mest fyrir sjálfbærni. Að finna nýjar leiðir til að gera eitthvað nýtt úr því gamla. Og að velja betri flíkur og virða handverkið."

Ása Bríet segist óska þess að fólk beri meiri virðingu fyrir tímanum sem fer í að búa til föt, og velti fyrir sér raunverulegu virði hverrar flíkur.

Ása Bríet segir svokallað metaverse mikið til umræðu í tískuheiminum núna. „Að fólk fari að klæðast fötum stafrænt, í gegnum filtera. Þannig verði fötin í framtíðinni," segir hún.

### Tengingin við handverkið

„Síðasta lína Chanel hét Métier d'Art, og kom á markað núna 7. desember." Þar kom handverkslistafólk saman og sýndi vinnu sína og mátti þar finna útsaum, vefnað, hattagerð, skósmíði og hanskagerð.

Ása Bríet segir gesti hafa fengið lítinn túr um stúdíóin, sem miðaði að því að kynna fyrir gestum vinnuferlið að baki handsaumuðum flíkum. „Þar var verið að sýna að þó að við séum kannski að fara í eitthvert meta-verse næstu árin, þá megum við ekki missa tenginguna við handverkið. Það fylgir því sérstök tilfinning," segir hún.

Ása Bríet bætir við að mikilvægt sé að unga kynslóðin viðhaldi handverkshefðinni.

„Ég fékk að fara í gegnum sýninguna og ég tók eftir því að þetta var allt eldra fólk sem var að vinna þarna og mjög fáir á mínum aldri. En það er svo mikilvægt að yngri kynslóðir haldi þessu á lífi," segir hún. ■

Nánar á frettabladid.is

# SKEMMTILEG SPIL Í JÓLAPAKKANN




## Krakkar um víða VERÖLD

Við erum öll jöfn en þó oft á tíðum mjög ólík hvert öðru. Í þessu spili gefst börnum kostur á að læra um framandi heimshluta og mismunandi menningu ólíkra þjóða.

Þetta skemmtilega og fræðandi spil er vel til þess fallið að svala meðfæddri forvitni barnanna.



UPPLIFÐU HEIMINN Í SKEMMTILEGU SPILI




## GULLEYJAN

Fjársjóðsleitin fer fram á smárri eyju í miðju hafinu og gengur út á að fylla fjársjóðskistu af góssi.

Kastið teningum til að mynda samstæður og hljótið gullpeninga að launum.



SKEMMTILEG FJÁRSJÓÐSLEIT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




## Evrópa

Hvaða staðreyndir um Evrópu ættu allir að þekkja? Hvað veistu um evrópska íþróttamenn? Þekkir þú sögu meginlandsins og eyjanna í kring? Ertu vel að þér í evrópskum dægurmálum og tónlist?

**Spurningar eftir**
Stefán Pálsson



Trönuhraun 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 534 0400 • www.myndform.is

MYNDFORM

# Öfgar fæða af sér meiri öfgar



Brynja Huld og Guðmudur Björn fóru yfir erlendar fréttir ársins yfir kaffibolla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Brynja Huld Óskarsdóttir, öryggis- og varnarmálafræðingur, og Guðmundur Björn Þorbjörnsson, útvarpsmaður hjá RÚV, settust á rökstóla Fréttablaðsins og gerðu upp heimsmálin á árinu 2021 sem senn líður hjá.



Þorvaldur S. Helgason
tsh@frettabladid.is

Árásin á bandaríska þinghúsið, valdataka Talibana í Afganistan, stíflan í Súesskurði, aðgerðaleysi heimsveldanna í loftslagsmálum og vaxandi öfgahyggja er meðal þess sem ber á góma.

**Brynja:** „Árið byrjaði pínu með hvelli í rauninni. Það byrjar náttúrlega á þessari árás á þinghúsið og öllu í kringum það. Þar létust fimm manns og svo tveimur dögum fyrr var málinu hans Julian Assange áfrýjað í Magistrate Court í Bretlandi þannig að hann var ekki framseldur til Bandaríkjanna. Þetta gerðist allt bara í sömu fyrstu vikunni."

**Guðmundur:** „Já, þetta mál í Bandaríkjunum – það var náttúrlega ótrúlegt að fylgjast með þessu því það var alveg búinn að vera svolítið langur aðdragandi. Trump var ítrekað búinn að grafa undan niðurstöðum kosninganna og ýja að því að hann myndi ekki láta friðsamlega af völdum. Svo er hann þarna að espa upp stuðningsfólk sitt með beinum og óbeinum hætti á Twitter.

Að horfa á þetta í beinni útsendingu, maður var orðinn vanur svo miklu rugli. Þegar ég spóla til baka og hugsa um þetta, hvað þetta var algjörlega fáránlega absúrd að vera að horfa á þetta í beinni útsendingu. Bara sitjandi í sófanum: „Heyrðu, það er eitthvað skrýtið að fara að gerast. Já, ætli þeir séu ekki að fara að ráðast inn í þinghúsið?" Manni fannst það bara nokkuð beisik miðað við það sem á undan hafði gengið."

**Brynja:** „Það sem er líka svo skrýtið í þessu samhengi er að þetta var bara augljóst framhald af öllu bullinu sem er búið að byggjast upp svo lengi í Bandaríkjunum. International Crisis Group var búið að gefa út að hættan á pólitísku ofbeldi í Bandaríkjunum og einhverju svona kosningaofbeldi hefði aldrei verið meiri, sem er eitthvað sem maður sér vanalega í samhengi við lönd sem eru nýkomin með lýðræði. Írak, Afganistan, eða nýstofnuð ríki eins og Suður-Súdan. Bandaríkin eru einhvern veginn allt í einu á þeim stað að það er varað við kosningaofbeldi."

**Dystópísk heimsmynd**

*Þið talið um hversu absúrd það sé að maður sé orðinn vanur svona rugli.*

**Guðmundur:** „Akkúrat og þessu tengt þá voru fréttamyndir sem bárust frá Brussel, minni gömlu heimaborg, þar sem aprílgabb var sett inn á Facebook. Það var einhver klúbbur sem auglýsti að það yrði úti-rave í garði í Brussel. Svo var smáaletur þar sem stóð: „Þetta er aprílgabb, ekki mæta, það er útgöngubann." En það mættu bara tugir þúsunda. Svo sérðu vídeóklippur af þessu þar sem löggan kemur á hestum inn í garðinn með vatnsúðara og kylfur. En þetta fólk er ekki að gera neitt annað en það sem það gerði vanalega, bara safnast saman í einhverjum garði, það voru engin mótmæli."

**Brynja:** „Mér finnst líka bara með þessa árás á Capitol Hill í Bandaríkjunum eða bara allt sem er búið að vera að gerast þar undanfarin ár. Mér finnst eins og það hafi bara sprungið að endingu í þessari árás. Það sýnir bara einhvern veginn hvað Bandaríkin eru á ógeðslega flóknum stað. Hvað hægri öfgahyggjan er rísandi, með Proud Boys og öllum þessum alt-right hópum og hvað Bandaríkin eru ólík okkur og Evrópu í mentalíteti. Eins og núna er verið að endurskoða þungunarrofslöggjöfina. Þau eru að taka rosa mikið af skrefum í afturhaldsátt."

**Guðmundur:** „En þetta er allt saman svo ofboðslega mikil afleiðing stjórnartíðar Trumps. Hann er bara búinn að tvískipta Bandaríkjunum. Auka á þessa pólaríseringu, eða skautun eins og við höfum kallað það. Skipta þessu í við og hinir. Þessi ríki þar sem Repúblikanar hafa alltaf verið í meirihluta eins og til dæmis Texas þar sem þessi þungunarrofslöggjöf var samþykkt upphaflega. Þetta er svo skýr afleiðing af þeim popúlisma sem Donald Trump hefur búið til."

**Brynja:** „Alveg algjörlega, bara klárlega. Hann er líka samt að einhverju leyti birtingarmynd einhvers sem var búið að vera að byggjast upp og svo kemur hann og er eins og einhver svona hvati eða catalyst á þetta allt saman."

**Guðmundur:** „Bandaríkin verða í mörg ár að vinda ofan af þessu ef þau ná því einhvern tíma. Joe Biden tekur við náttúrlega bara alveg klofinni þjóð. Hans fyrsta verk í embætti er að skrá Bandaríkin aftur inn í Parísarsáttmálann og svona hreinsa upp eftir forvera sinn. En það er ofboðslega fátt sem bendir til þess að Joe Biden sé eitthvað að fara að laga ímynd Bandaríkjanna út á við. Það eru engar stórar stefnubreytingar í neinu."

**Harmleikurinn í Afganistan**

*Harmleikur ársins var án efa fall Afganistan. Brynja, þú hefur náttúrlega sjálf starfað í Afganistan.*

**Brynja:** „Að mínu mati er fall Afganistan klárlega viðburður ársins. Þessar tvær, þrjár vikur í ágúst voru auðvitað mjög átakanlegar en allt sumarið var það náttúrlega líka. Að fylgjast með Afganistan bara versna og versna og versna síðastliðna mánuði og horfa á þjóðina núna á barmi hungursneyðar og undir gífurlega ofríki Talibana. Þetta er pínu eins og fall Berlínarmúrsins en mér finnst smá eins og fólk sé ekki alveg að átta sig á því hversu stór þessi viðburður er."

**Guðmundur:** „Náttúrlega það sem er svo sérstaklega sorglegt í þessu er að þetta var vitað. Ég tók viðtal við Brynju í júní þar sem hún er að segja nákvæmlega þetta. Talibanar eru búnir að vera að vinna alveg gríðarlega á, alveg frá því að Bandaríkjastjórn og Talibanar skrifa undir samkomulag í Doha 2020 um að Bandaríkin fari gegn því að Talibanar uppfylli einhver ákveðin skilyrði. Þú varst að benda á þetta í þessu viðtali. Mig minnir að þú hafir sagt við mig þá að það væri talið að afganski herinn gæti haldið í svona einn til tvo mánuði ef Talibanar myndu láta til skarar skríða. Það reyndust svo vera fimm dagar á endanum, þegar þeir svo gerðu það."

**Öfgar í allar áttir**

*Hvaða áhrif mun fall Afganistan hafa á heiminn og Vesturlönd?*

**Brynja:** „Mér finnst eitt svolítið áhugavert í þessu, af því þarna erum við með öfga-íslam, bókstafstrú Talibana og svo náttúrlega Al-Shabaab, Boko Haram og aðra hópa. En svo á sama tíma er uppgangur hægrisins sem sést svo mikið í árásinni á Capitol Hill í Bandaríkjunum. Það eru svo miklar öfgar og mér finnst eins og við séum að sjá þá togast einhvern veginn í allar áttir, fjær miðjunni í átt að meiri öfgum sitt í hvora áttina. Þetta er ekki einu sinni hægri, vinstri, heldur bara lengra frá miðjunni í allar áttir."

> **Það eru svo miklar öfgar og mér finnst eins og við séum að sjá þá togast einhvern veginn í allar áttir, fjær miðjunni í átt að meiri öfgum sitt í hvora áttina.**
>
> Brynja

**Guðmundur:** „Já, algjörlega. Við lifum gríðarlega öfgafulla tíma. Í hugmyndafræðinni á hinu geopólitíska sviði eru ofboðslegar öfgar, það er alveg rétt."

**Brynja:** „Við lifum í hnattvæddum heimi og mér finnst vera svona innprentað í okkur flest að hnattvæðingin sé góð og við séum öll að færast nær. En svo koma upp svona krísur og þá er maður bara: „Af hverju erum við að skipta okkur af svona mikið? Hvar er hjólið brotið?" Til dæmis þegar Ever Given gámaskipið festist í Súesskurðinum. Mér finnst 2021 vera svolítið svona ár. Það eru þúsundir hjóla sem þurfa að ganga saman og ef eitt stoppar, eins og gerðist með Súesskurðinn, þá fer allt á hliðina."

**Guðmundur:** „Covid sýnir þetta líka, hvað þessar keðjur eru brothættar. Það er enn þá verið að vinna upp framleiðsluskort. Fólk getur ekki keypt sér Playstation-tölvur af því framleiðsla á einhverjum skrúfgangi stoppaði í Kína í tvo mánuði."

**Brynja:** „Og bara þessir sex dagar sem Ever Given stoppaði í Súesskurðinum eru enn þá, hálfu ári seinna, að valda seinkunum á alls konar varningi."

**Guðmundur:** „En af því við vorum að tala um alls konar öfgar áðan. Þá er kannski svolítið táknrænt að einn mesti málamiðlari evrópskra stjórnmála er núna nýfarinn frá. Angela Merkel, sem sat á kanslarastóli næstlengst allra kanslara sameinaðs Þýskalands. Hana vantaði bara nokkra daga til að slá met Helmut Kohl. Við sjáum hana fara út á sama tíma og allir þessir hlutir eru að gerast, þessar öfgar og þessi popúlismi er að rísa upp. Reyndar er sá sem er að taka við af henni mjög líkur henni, Olaf Scholz, þannig séð. En við höfum líka séð á síðustu árum að AFD, þjóðernispopúlistum í Þýskalandi, þeim hefur vaxið fiskur um hrygg."

**Brynja:** „Hægriöfgahyggjan er náttúrlega á leiðinni upp í allri Evrópu og ég held að það verði mjög áhugavert á næsta ári af því það eru forsetakosningar í Frakklandi í maí. Ég held það verði gífurlega áhugavert að sjá hvað gerist þar."

> **Ég heyrði nú síðast bara í vikunni að ein birtingarmynd veðurfarsöfga á Íslandi væri að það eigi eftir að rigna meira hérna. Þannig að við njótum ekki einu sinni góðs af heimsendi.**
>
> Guðmundur

**Málfrelsi og blaðamennska**

**Guðmundur:** „Það sem ég held að sé kannski ein stærsta fréttin í ár. Það birtist nýlega skýrsla frá fjölmiðlum án landamæra, þar sem kemur fram að á Covid-tímum hefur málfrelsi og frjáls blaðamennska skerst til muna um allan heim. Svo á föstudaginn í síðustu viku, þá var áfrýjunardómstóll í Lundúnum að snúa við ákvörðun héraðsdóms um »




VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS Laugavegur 37 Hólmaslóð 2 / Grandi

**WWW.FARMERSMARKET.IS**

» að breskum stjórnvöldum beri ekki að framselja Julian Assange. Þau komast að þeirri niðurstöðu núna að þau megi framselja hann til Bandaríkjanna ákveði innanríkisráðherra að gera svo.

Þetta er náttúrlega alveg fordæmalaus dómur því í fyrsta lagi er Assange ákærður á grundvelli mjög gamallar njósnalöggjafar þar sem Bandaríkjastjórn hefur reynt að sýna fram á að hann sé ekki blaðamaður heldur sé hann hryðjuverkamaður sem er að stunda njósnir. Þetta setur það fordæmi fyrir blaðamenn um allan heim, fari það svo að hann verði framseldur og dæmdur í fangelsi í Bandaríkjunum, að Bandaríkjastjórn gæti ákært hvaða blaðamann sem er, hvar sem er fyrir að skrifa gegn sér eða deila upplýsingum sem varða þjóðarhagsmuni Bandaríkjanna.“

**Brynja:** „Þetta þýðir í rauninni að lögsaga nái út fyrir landamæri landsins varði það blaðamenn og upplýsingar sem snerta þjóðaröryggi og þjóðarhagsmuni hvers ríkis.“

**Loftslagsbreytingar**

***Náttúruhamfarir urðu víða um heim á árinu. Erum við ekki svolítið farin að sjá á eigin skinni afleiðingar loftslagsbreytinga?***

**Guðmundur:** „Jú, ég held það, því miður. Allavega ef maður hlustar á vísindamenn, jarðvísindamenn og veðurfræðinga, það sem þeir hafa verið að tönglast á síðustu ár er að þessar öfgar í veðurfari muni bara ágerast. Ég heyrði nú síðast bara í vikunni að ein birtingarmynd veðurfarsöfga á Íslandi væri að það eigi eftir að rigna meira hérna. Þannig að við njótum ekki einu sinni góðs af heimsendi.

Eins bjartsýnir og margir sérfræðingar voru eftir COP26 þá er gríðarlegt verkefni fram undan að fá þessa stærstu umhverfissóða heims, Kína, Indland, Bandaríkin og Ástralíu meðal annars, til þess að standa sig í stykkinu. Þetta eru svona stærstu existensíalísku ákvarðanir örugglega í sögu mannkynsins sem verða teknar á næstu árum. Og þær eru í höndum stjórnmálamanna. Það verður mjög athyglisvert að sjá hvort markaðsöflin sigri sköpunina.“

**Brynja:** „Ég er ekkert gífurlega bjartsýn á að það náist. Þetta er auðvitað bara ógeðslega stórt vandamál og það þurfa svo mörg púsl að ganga upp til að leiðtogar í þessum stóru löndum nái að komast að samkomulagi og gera eitthvað sem skiptir máli. Það fóru allir inn í COP26 með rosa hugmyndir en svo virðist einhvern veginn á endanum að búið sé að þynna þetta svolítið út. En svo mun tíminn leiða í ljós hversu mikið fólk stendur við hlutina.“

**Guðmundur:** „Það er stundum sagt í siðfræðinni að til þess að öll stríð á jörðinni myndu hætta og það kæmist á friður milli þjóða þá þyrfti utanaðkomandi óvin sem væru geimverur sem væri hægt að koma sér saman um að berjast gegn. Þetta er utan að komandi óvinur mannkyns og jarðarinnar en þrátt fyrir það virðist ekki hægt að vinna bug á honum. Það er náttúrlega búið að vinna alveg ótrúlega gott starf og það er ótrúlegt hvað þó miklum árangri mörg ríki hafa náð en þetta lítur ekki vel út.“



Aðgerðaleysi heimsveldanna í loftslagsmálum og vaxandi öfgahyggja var meðal þess sem bar á góma. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

> Vesturlönd eru kannski svolítið að hamstra bóluefni og þá kemur það náttúrlega og bítur okkur í rassinn.
>
> Brynja

**Covid aukið pólaríseringu**

***Við siglum nú inn í þriðja árið þar sem veiran heldur áfram að plaga okkur. Ástandið er ágætt hér á landi en víða annars staðar í heiminum er það þó enn mjög slæmt.***

**Brynja:** „Mér finnst þetta tengjast þessum pælingum með hnattvæðinguna. Við búum í mjög hnattvæddum heimi og það að það er alltaf að koma nýtt og nýtt afbrigði er kannski að gerast af því það er ekki búið að bólusetja svo mikið í þróunarlöndum. Vesturlönd eru kannski svolítið að hamstra bóluefni og þá kemur það náttúrlega og bítur okkur í rassinn. Eins og Omíkron-afbrigðið, af því við búum í hnattvæddum heimi þá getum við ekki bara bólusett okkur öll en ekki þróunarlöndin.“

**Guðmundur:** „Og aftur, þetta er eitthvað sem var búið að vara við. Forstöðumaður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar skammaði Vesturlönd fyrir að hamstra bóluefni, meira að segja fyrir að gefa örvunarskammta á meðan það voru kannski 20 prósent heimsbyggðarinnar bólusett. Á meðan þetta er svona, á meðan þetta Covax-samkomulag er ekki virkt og það er ekki staðið við það þá losnum við ekkert við þessa veiru. Það er bara þannig og þetta er bara nákvæmlega sama dæmi og við sjáum með umhverfisvána eða loftslagsbreytingar. Að þú hugsar fyrst um þinn eigin hag áður en þú lítur á heildarsamhengið og það bítur þig í rassinn.“

**Brynja:** „Akkúrat. Af því í rauninni í þessu þá snýst þetta ekki um að setja súrefnisgrímuna á sjálfan sig fyrst. Það þarf að bólusetja alla eða finna einhverja lausn fyrir alla en ekki bara fyrir Evrópusambandið og Bandaríkin.“

**Guðmundur:** „En það sem er líka áhugavert við Covid og við höfum séð mjög mikið á þessu ári er hvernig þessi ógn hefur jafnvel aukið enn frekar á pólitíska pólaríseringu á milli fólks og skipt fólki upp í hópa. Þá er ég ekki bara að tala um andstæðinga bóluefnis og þá sem finnst bóluefni allt í lagi, andstæðingar bóluefnis eru auðvitað í miklum minnihluta. En miklu frekar þá fólk sem finnst einhvern veginn að frelsi sínu og réttindum vegið. Það er í sjálfu sér jákvætt að fólk sé áhugasamt um sín lýðræðislegu réttindi og gangi ekki að þeim sem vísum eða finnist það sjálfsagt að ríkisstjórnir hamli eða setji einhverjar skorður á frelsi sitt. Þetta hefur dregið það fram í dagsljósið, þennan núning, og jafnvel alið enn meira á ósætti og óeiningu á milli fólks sem ætti að vera að reyna að vinna að sama markmiði.“

**Brynja:** „Ég held einmitt að þegar maður horfir til baka á 2021 þá er það þessi svakalega skautun í stjórnmálum, sérstaklega vestrænum stjórnmálum, ég myndi alveg setja hana sem mjög stóran áhrifavald á 2021. Þó svo að fall Afganistan og árásin á þinghúsið í Bandaríkjunum séu klárlega svona stóru, stóru fréttirnar. En skautunin og þessi ímyndarstjórnmál eru einhvern veginn undir þessum atburðum.“

**Guðmundur:** „Án þess að ég vilji gerast of háfleygur þá, út frá trúarlegu samhengi, væri hægt að færa rök fyrir því að við séum að lifa endatímana. Heimsendir í flestum trúarritum er af mannavöldum, þar sem maðurinn einhvern veginn keyrir sköpunarverkið í þrot eða elur á óeiningu sín á milli. Kannski er þetta normið, við erum náttúrlega ekkert sérstaklega gömul, kannski hefur þetta alltaf verið svona en síðustu ár hafa verið alveg sérstaklega mikið í þessa átt.“ ■

> Án þess að ég vilji gerast of háfleygur þá, út frá trúarlegu samhengi, væri hægt að færa rök fyrir því að við séum að lifa endatímana.
>
> Guðmundur





Íslenskur kalkúnn
í veisluna
FRÁ FJÖLSKYLDUNNI Á REYKJABÚINU
ÍSFUGL
KALKÚNN FRÁ
ÍSFUGLI ER
REKJANLEGUR
TIL BÓNDA
Uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á isfugl.is
ÍSFUGL

# Jóla útsala



## 20-50% afsláttur

### Allar jólavörur, seríur, jólaljós og jólaskraut

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum

Jólaljós **20%** • Jólaseríur **20%** • Ljósahús **50%** • Aðventuljós **50%** • Dagatalakerti **50%**
Jólatré **20%** • Gervijólatré **20%** • Jólakúlur **25%** • Jólakerti **25%** • Kerti **25%**
Servíettur **25%** • Jólaservíettur **25%** • Jólakúlur **25%** • Jólalengjur **25%** • Jólakransar **25%**
Jólaskreytingaefni **25%** • Jólatrésdúkar **25%** • Jólakertastjakar **25%** • Jólastyttur **25%**
Jólapappír og pakkabönd **25%**

---

Fæst eingöngu í Skútuvogi og husa.is



**27%**

eta since 1943

**Vínkælir**
42 ltr., 16 stórar flöskur,með þremur króm-hillum sem eru með viðarframhlið, hitastig 5-18 ° C. **1854090**

**39.990kr**
~~54.990kr~~

---



BerlingerHaus

**Pottasett**
Black Rose, 7 stk.
**2003071**

**30%**

**14.690kr**
~~20.985kr~~

---

Electrolux



**Ryksuga**
650W, tekur 3 ltr., vinnslu-radíus 7,5 m, rafmagnsnúra er 5 m, 80 dB, orkuflokkur A.
**1870000**

**17.490kr**

---

eta since 1943



**Töfrasproti**
Twist, tilvalinn í rjóma-súpuna, sósur, grauta eða ávaxta- eða græn-metismauk. 400W.
**1851302**

**3.990kr**

---

## Gæða vöfflujárn
í jólapakkann



cloer

**Vöfflujárn**
Vandað 930W, klassískt hjartalaga vöfflujárn, með hitastillingu, tekur lítið pláss í skápnum. **1841291**

**9.990kr**

---



NEO

**Verkfærataska**
22". **5024483**

**4.755kr**

---

## Jólagjafahandbók 2021

Frábærara hugmyndir af flottum jólagjöfum, skoðaðu á husa.is




---

Vinsæl vara

**20%**



HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

**Borvél 18V + 100 fylgihlutir**
2 stk., 2.5Ah Li-Ion rafhlöður, 2ja gíra , hersla 52Nm, 22 átaksstillingar sn./mín., 0-450/1250, Led ljós HSC II taska. **5247085**

**39.995kr**
~~49.978kr~~

---

**31%**



BLACK+DECKER

**Borvél, 18V**
Rafhlaða 1.5Ah, hraði 0-600 sn./mín., hersla 37Nm, Led ljós. **5245573**

**10.995kr**
~~15.995kr~~



blómaval
HÚSASMIÐJAN
JÓLIN FYRIR ÞIG
Opið
til kl. 20
í Skútuvogi
Sjá nánar husa.is
Jólatré
20% afsláttur
Alla helgina
Gervijólatré
Margar stærðir og gerðir
af fallegum gervijólatrjám.
Normannsþinur
Margar stærðir af sérvöldum,
fyrsta flokks Normannsþin.
Íslensk stafafura
Beint frá bónda, sérræktuð
fyrir Blómaval.

## Merkisatburðir

**1897** Leikfélag Reykjavíkur sýnir sína fyrstu uppsetningu en það var stofnað í byrjun þessa árs.
**1939** Í bifreiðaskála Steindórs í Reykjavík fer fram fyrsti flutningur óratoríu á Íslandi. Það er Sköpunin eftir Haydn.
**1949** Laugarneskirkja í Reykjavík er vígð.
**1970** Evrópska flugvélasmiðjan Airbus er stofnuð.
**1970** Skilnaður verður löglegur á Ítalíu eftir að ný lög ganga í gildi.
**1973** Stjörnubíó brennur til kaldra kola er eldur kemur upp skömmu eftir að sýningu lýkur.
**1974** Hitaveita Suðurnesja er stofnuð af sveitarfélögum á Suðurnesjum og íslenska ríkinu.
**1982** Í Ríkisútvarpinu eru lesnar auglýsingar samfellt í sjö klukkustundir og er það met.
**1982** Kvikmyndin **Með allt á hreinu** eftir Stuðmenn, í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar, er frumsýnd.
**1998** Vísindamenn geta í fyrsta sinn fylgst með eldgosi undir stórum jökli er gos hefst í Grímsvötnum.




# Geopólitík á mannlegu nótunum

Helgi Steinar Gunnlaugsson heimsótti Úkraínu við gerð nýrra heimildaþátta sinna, Ragnarök.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég myndi lýsa þessu sem geopólitískum og sagnfræðilegum þáttum með grínbrag að leiðarljósi,“ segir Helgi Steinar Gunnlaugsson, stjórnandi þáttanna Ragnarök. „Fólk þolir ekki að láta predika yfir sér þegar kemur að stjórnmálum, en skemmtir sér venjulega ef það er grínbragur yfir þeim.“

Helgi er bæði lærður alþjóðastjórnmálafræðingur og uppistandari og notar þættina til að tvinna ólíkan bakgrunn sinn saman.

„Þegar ég var að túra á uppistandsviðburði víðs vegar um heiminn byrjaði ég að taka með mér upptökugræjur, með það að leiðarljósi að gera heimildarþátt um landið sem ég var að gigga í,“ segir hann. „Ég reyndi í mörg ár að fá þessa hugmynd inn til sjónvarpsstöðva á Íslandi en fékk hvergi inni, svo ég hélt áfram að gera þetta bara fyrir sjálfan mig og setti inn á YouTube.“

Þættirnir fengu síðar inni á nýtilkominni streymisveitu, Uppkasti, þar sem þeir verða aðgengilegir skömmu fyrir áramót.

Þegar Fréttablaðið náði í Helga var hann á leið frá Úkraínu þar sem hann hafði gert þátt um stríðið í Donbas sem hófst árið 2014 og stendur enn yfir.

„Ég vissi að þetta yrði hættulegt og ég spurði sjálfan mig alveg hvað ég væri að gera, sérstaklega þar sem ég er nýorðinn faðir,“ segir hann. „Ég er í raun að gera þessa þætti fyrir son minn. Heimurinn í dag er orðinn uppfullur af þjóðernisrembingi og mig langar að geta sýnt heiminum og syni mínum mannlega mynd af þessum stöðum og þessu fólki.“

### Vopnahléð er brandari

Helgi tók lest í fjórtán klukkutíma frá Kíev til austustu borgar Úkraínu, Maríupol, sem er ein sú fyrsta sem varð fyrir barðinu á innrásinni 2014.



Helgi er bæði lærður alþjóðastjórnmálafræðingur og uppistandari. MYND/AÐSEND

„Þetta er kannski klisjukennt svar, en þetta er eitthvað sem er ekki hægt að lýsa fyrr en maður sér það sjálfur,“ útskýrir hann. „Vopnahléð, sem var komið á ári eftir að stríðið hófst, er bara einhver brandari, það er enginn sem virðir það. Einn heimamaður sem var með mér útskýrði snemma fyrir mér að við þyrftum að vera komnir heim fyrir myrkur því þeir byrja að skjóta klukkan 17.“

Helgi segir eitt það sorglegasta við stöðuna hvað fólkið á svæðinu sé orðið vant ástandinu.

„Þetta er búinn að vera raunveruleiki fyrir það í sjö ár og þau vita að þau geta ekki reitt sig á Evrópu,“ segir hann. „Úkraína er eins konar reynslusvæði fyrir umheiminn til að sjá hversu langt Pútín gengur.“

Á ferðum sínum um Úkraínu þurftu Helgi og tökuliðið að stöðva tökur til að gæta sín á ýmsum stríðshættum.

„Á einum stað ætlaði ég að setja frá mér upptökuvélina á malarveg, þegar mér var sagt að hann aðgreindi hið svokallaða græna svæðið við átakasvæðið, þar sem maður væri orðinn að bráð fyrir leyniskyttur, sem eiga það til að skjóta bæði hermenn og fréttafólk,“ segir hann. „Svo þurftum við stundum að stöðva tökur þegar stórskotalið voru að æfa sig í fjarlægð sem nemur frá Laugardagslaug og upp í íbúðina mína Hlíðunum.“ ■


Helgi heimsækir Tsjernobyl.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað

Jóhanna Eiríksdóttir

Sverrir Einarsson

Jón G. Bjarnason
Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Skúlason**
frá Hnífsdal,
Furugrund 15, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum, þriðjudaginn 14. desember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 22. desember klukkan 14.
Kirkjugestir þurfa að framvísa neikvæðu hraðprófi sem er ekki eldra en 48 klst. gamalt. Streymt verður frá útförinni á vef: www.vkikborg.is
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kiwanisklúbb Akraness.

**Jóhanna Einarsdóttir**
**Helga Pálsdóttir** **Valur Þór Einarsson**
**Einar Árni Pálsson** **Sigrún Sveinsdóttir**
**Elísabet Ösp Pálsdóttir** **Sólberg Ásgeirsson**
**og afabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn, afi okkar, langafi, langalangafi,

**Björgvin Magnússon**
f. 1923 -
skólastjóri,

lést 13. desember.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 22. desember kl. 15.00.

Kirkjugestir þurfa að framvísa neikvæðu hraðprófi sem er ekki eldra en 48 klst. Útförinni verður streymt. Hlekkurinn er: https://hljodx.is/index.php/streymi2

**Edda Björgvinsdóttir**
**Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** **Bjarni Ákason**
**Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir** **Sigurður Rúnar Sigurðarson**
**Björgvin Frans Gíslason** **Berglind Ólafsdóttir**
**Róbert Oliver Gíslason** **Sigga Eydís Gísladóttir**
**og barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðfinna Kristín Kristjánsdóttir**
kennari,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 15. desember.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju, miðvikudaginn 22. desember kl. 11. Gestir eru velkomnir og beðnir að framvísa neikvæðu Covid hraðprófi sem er ekki eldra en tveggja sólarhringa gamalt.

**Einar Ólafsson**
**Ólafur Einarsson** **Margrét Blöndal**
**Kristján Einarsson** **Helga Jóhanna Bjarnadóttir**
**Sigurður Einarsson** **Sigrún Ragna Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Stefánsson**
hljóðfærasmíðameistari,
Sléttuvegi 17,

lést laugardaginn 11. desember.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju, þriðjudaginn 21. desember klukkan 13.00.
Gestir eru beðnir um að framvísa neikvæðu Covid-prófi sem er ekki eldra en 48 klst. Athöfninni verður streymt á https://youtu.be/T4GGP3IyRWo

**Sigríður Guðmundsdóttir**
**Ragnar Daníel Guðmundsson**
**Björn Eysteinsson** **Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir**
**Örn Eysteinsson** **Margrét Sverrisdóttir**
**og barnabörn.**

Opið til kl 22 öll kvöld til jóla

Smart Boutique

Opið til kl 22 öll kvöld til jóla

Kringlunni, s:551-1040

www.smartboutique.is















Vandaðar ferðatöskur frá Wings
Tilboð á settum
2 töskur í setti frá 33.800.kr
3 töskur í setti frá 48.000.kr
5 töskur í setti 69.900.kr




Stjörnubíó reis tvisvar upp úr öskunni.

**Þetta gerðist:** 18. desember 1973

# Stjörnubíó brann aftur

Rétt fyrir miðnætti 18. desember var slökkvilið Reykjavíkur kallað út þar sem eldur hafði kviknað í Stjörnubíói. Þak kvikmyndahússins var tvöfalt og virtist eldurinn sem stóð þar upp úr því vera minni en hann var í raun.

Þegar neðra loftið féll niður í bíósalinn braust eldurinn út af miklum krafti og tók það slökkviliðið tvo tíma að ráða niðurlögum hans, en þá var kvikmyndahúsið allt brunnið, utan sýningarvélaherbergis sem var eldtraust. Þetta var í annað skipti sem eldur kviknaði í bíóinu, en fyrra skiptið var í janúar 1954.

Stjörnubíó var byggt upp aftur á mettíma og var enduropnað 8. júní 1974. Allri innri skipan hússins var gjörbylt undir yfirstjórn upprunalegs arkitekts hússins, Aðalsteins Richter. Meðal mynda sem sýndar voru skömmu eftir enduropnun voru X Y and Zee með Elizabeth Taylor og Michael Caine.

Stjörnubíó var starfrækt til 28. febrúar 2002 og var rifið í október sama ár. Á reitnum stendur nú hálfnafni kvikmyndahússins, bílastæðahúsið Stjörnuport. ■



Hjartans pabbi okkar, sonur, afi, bróðir, mágur og frændi,

**Fjölnir Geir Bragason**
*húðflúrlistamaður,*

lést laugardaginn 11. desember. Útför að hætti ásatrúar verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 21. desember kl. 13.00. Gestir þurfa að framvísa neikvæðu hraðprófi sem er ekki eldra er 48 klst. við komu. Í ljósi fjöldatakmarkana og hve Fjölnir var vinmargur, eru vinir hans hvattir til að safnast saman og fylgjast með útförinni í streymi: https://youtu.be/M98ky-QMc0U

**Atli Freyr Fjölnisson**
**Fáfnir Fjölnisson**
**Fenrir Flóki Fjölnisson**
**Kolbrún Benediktsdóttir**
**Fjölnir Myrkvi, Ísabel Dimma og Indíana Nótt**
**Bragi Agnar (Brian), Júlía, Ásgeir Reynar og Helga María,**
**Símon Jóhann, Kolbrá Þyri og systkinabörn.**



Ástkær móðir okkar,

**Elín Halldóra Lúðvíksdóttir**
*Dvalarheimilinu Sauðárkróki,*

lést 15. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurbjörg** **Anna Jóna**
**Pétur** **Elín Berglind**
**Birkir Lúðvík**
**Guðmundarbörn og fjölskyldur.**



Elsku besti eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**Jóhann Gunnar Jóhannesson**
*Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði,*

lést í faðmi fjölskyldunnar 14. desember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 21. desember kl. 14. Gestir eru hjartanlega velkomnir en eru beðnir um að framvísa gildu neikvæðu Covid prófi sem er ekki eldra en 48 klst. gamalt.

**Sóley Guðrún Sveinsdóttir**
**Jóhannes Rúnar Jóhannsson** **Vilborg Ólöf Sigurðardóttir**
**Sveinn Líndal Jóhannsson** **Þórhildur Rún Guðjónsdóttir**
**Alda Hrönn Jóhannsdóttir** **Gestur K. Pálmason**
**Bára Hildur Jóhannsdóttir** **Arnar Ægisson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Sæmundsson**
*frímerkjakaupmaður, Strikinu 4,*

lést á Landspítalanum 5. desember eftir skammvinn veikindi.

Útförin hefur farið fram. Aðstandendur þakka samúð og hlýjar kveðjur.

**Helga Haraldsdóttir** **Hróðmar I. Sigurbjörnsson**
**Hrefna Haraldsdóttir** **Björn B. Björnsson**
**Halla Haraldsdóttir** **Viðir Sigurðsson**
**Hrafn Sveinbjörnsson**
**Kristín Sigurlína Scheving**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Inga H. Ágústsdóttir**
*snyrti- og fótaaðgerðafræðingur,*

verður jarðsungin frá Neskirkju, mánudaginn 20. desember kl. 13.

Allir eru velkomnir í kirkjuna en vegna sóttvarna þurfa kirkjugestir að sýna neikvætt hraðpróf við innganginn sem er ekki eldra en 48 klst. Hraðpróf er pantað fyrir fram á covidtest.is eða testcovid.is. Athöfninni verður streymt á slóðinni: www.hljodx.is/index.php/streymi

**Ágúst Guðmundsson** **Þuríður Reynisdóttir**
**Lýður Guðmundsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Kristján Kristjánsson**
**Lovísa Ágústsdóttir**
**Ágústa, Tómas, Alexander og María**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

**Þráinn Þór Þórarinsson**
*Ásvöllum 12, 301, Akranesi,*

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 14. desember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju, fimmtudaginn 23. desember klukkan 11.00. Kirkjugestir þurfa að framvísa neikvæðu hraðprófi sem er ekki eldra en 48 klst. gamalt. Streymt verður frá útförinni á vef Akraneskirkju www.akraneskirkja.is.

**Berglind Guðmundsdóttir**
**Kolbrún Hrund Þráinsdóttir** **Jökull Harðarson**
**Þórdís Þöll Þráinsdóttir** **Árni Snær Ólafsson**
**Særós Ýr Þráinsdóttir**
**Ísak Orri, Aron Örn, Katrín Efemía,**
**Hilmir Hrafn, Emil Snær**
**Emilía Hulda Óskarsdóttir**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Halldóra Ágústsdóttir**
*frá Laugum í Sælingsdal, verslunarstjóri,*

lést þriðjudaginn 14. desember.
Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ágúst, Steinunn**
**Lára, Ragnar**
**Kristján, Rannveig**
**Rut, Valtýr, Úlfar, Kristján, Thelma, Arnar, Sævar og Sindri**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Hafberg**
*dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,*

lést föstudaginn 10. desember. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 21. desember kl. 12.00. Allir velkomnir en kirkjugestir eru beðnir um að framvísa neikvæðu Covid hraðprófi sem ekki er eldra en 48 tíma. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, akraneskirkja.is

**Anna D. Tryggvadóttir Tausen** **Gísli Björnsson**
**Vilborg Á. Tryggvadóttir Tausen** **Ásbjörn Jensson**
**Marteinn Ó. Tryggvason Tausen** **Vignir Ljósálfur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**Helena María Ágústsdóttir**
*Stillholti 2, Akranesi,*

lést á heimili sínu, miðvikudaginn þann 15. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Hildur María Sævarsdóttir**
**Ágúst Ingi Sævarsson**
**Ingvar Ágústsson** **Heiður Sigurðardóttir**
**Ágúst Guðmundsson** **Erna K. Þorkelsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Alma Þorvarðardóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 6. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu, þriðjudaginn 21. desember klukkan 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir en athöfninni verður streymt og hægt að nálgast streymið á www.mbl.is/andlat.

**Fanney Sigurgeirsdóttir** **Þórir Ólafur Skúlason**
**Helena Melax** **Jón Berg Jónasson**
**og barnabörn.**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Helgason**
*verktaki,*

lést á Landspítalanum við Hringbraut, þriðjudaginn 14. desember.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 21. desember kl. 13. Allir sem vilja fylgja honum eru velkomnir en vegna sóttvarna þarf að sýna neikvætt Covid-19 hraðpróf við innganginn, tekið af viðurkenndum aðila og ekki eldra en 48 tíma.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Svandís Ríkharðsdóttir**
**Guðlaugur H. Sigurjónsson** **Anna María Sigurðardóttir**
**Kristinn Þór Sigurjónsson** **Jóhanna Bogadóttir**
**Sævar Sigurjónsson** **Guðbjörg R. Jóhannesdóttir**
**Ríkharður Óskar Guðnason** **Valdís Unnarsdóttir**
**Elvar Þór Sigurjónsson** **Árný Inda Indriðadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Aðalheiður Gestsdóttir**
*Hverfisgötu 121, Reykjavík,*

lést á Hrafnistu, Laugarási, föstudaginn 10. desember. Útförin fer fram frá Seljakirkju, miðvikudaginn 22. desember klukkan 13. Gestir eru beðnir um að framvísa neikvæðu gildu Covid-prófi. Athöfninni verður streymt á slóð Seljakirkju www.seljakirkja.is/. Hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlat.

**Sigríður Gestrún Halldórsdóttir**
**Gestur Halldórsson** **Marta Lunddal Friðriksdóttir**
**Magnús Halldórsson** **María Hlínadóttir**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Björnsdóttir**
*hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,*

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þriðjudaginn 14. desember. Útför hennar fer fram með nánustu fjölskyldu og vinum, miðvikudaginn 22. desember kl. 10.30. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is

**Björn Kjartansson** **Anna Ellertsdóttir**
**Guðjón Kjartansson** **Klara Hreggviðsdóttir**
**Kjartan Kjartansson** **Björk Elva Jónasdóttir**
**börn og barnabörn.**

# Ennþá meira úrval af listavörum








AMSTERDAM dream × create

van Gogh

REMBRANDT

Liquitex

Conté à Paris

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

**Listverslun.is**

### Gagnlegar jólagjafir



### Tilvalið fyrir jólaseríurnar



### Mikið úrval af fjöltengjum



# Verkfæralagerinn

**Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is**

**Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17**

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

# JÓLAKROSSGÁTA FRÉTTABLAÐSINS



**LAUSNARORÐ**: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtast samtök (9,9) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „Jólakrossgáta“.

## LÁRÉTT

**1** Er á því að svardagar særi mína kærustu (12)
**10** Landi minn er í uppnámi vegna gimbra (6)
**13** Flý færanleg samgöngumannvirki (9)
**14** Hótar helvíti huguðum með þrælslega þverum (12)
**15** Matreiddu ekki neitt þótt þau spúðu eldi (6)
**16** Sæki bátinn í bakkann (7)
**17** Leggur fjall ást á karl frá Fonti og Horni? (12)
**19** Fúl fór sína leið á Vakra-Skjóna (8)
**20** Ægir útbýr aðstæður til glæpa (9)
**21** Held ég viðri kókaín í díoxíði (10)
**23** Friður hefur sett sinn blæ á rauðgullið skraut (8)
**24** Carpe diem segiði, en hvernig á að gera það svona rétt fyrir jólin? (10)
**26** Án skíts batnar flest (11)
**27** Klæði þolir ekki slím konu (8)
**31** Leiðum hugann ekki of mikið að fífldjörfum fólum (9)
**35** Hef snilldartök á þessari styttu (9)
**38** Þessi hitabeltisormur er orðinn volgur (7)
**39** Hrotugerð þekktra efna alheimsins (9)
**40** Tel helming jólablöndu gæta eyþjóðar (9)
**42** Tel góðan svörð halda fjöndum frá fyrirmyndunum (9)
**43** Felli illgresi af undirstöðu sinni (9)
**44** Afkvæmi þessi ær/af þeim sker ég hrygg og lær (9)
**46** Bara við með berum og einstökum börnum (9)
**47** Leiðrétti grein um réttarreglur (10)
**49** Þetta er háttur minn milli rétta og aðventu (8)
**50** Sjáum síst eftir gemsa og fundum um hann (9)
**54** Horfi á höm drottningar við landtöku hennar (8)
**56** Kjúklingar æða oft á Pestarfólkið (8)
**60** Krydda keim stinkandi steinefna (8)
**63** Öndin unga stundar steypukast og ljóðablast (4)
**64** Særi burt þoku og þrugl af einurð hins unga (8)
**66** Snyrtigræja, matur eða ruslasafnari? (8)
**67** Snuðra vegna sársauka trippa með snoppu í klípu (8)
**68** Sæki mér kvarða fyrir kvótaviðmið (9)
**69** Frygðarsetan gleður graðan (10)
**70** Klæða bæði sveitina og fólkið í henni (8)
**71** Í augnablikinu eru þau algeng í húsum fólks (9)
**72** Hús sjáenda heillar fasteignasalann (9)
**73** Blær mun ekkert borða fyrir eina sem aldrei fölnar (8)

## LÓÐRÉTT

**1** Skar skán af meiðslum og kompum (13)
**2** Allt í þessu húsi rúmast í stafla (11)
**3** Vatna músum risa á bökkum bráregnsflauma (11)
**4** Kylfuliðir kallast mosi sem heillar um harða vetur (11)
**5** Ljósaskiptaskjálfti – hvað gerir þessi norn í því? (9)
**6** Má festa stöng án auðkenna? (8)
**7** Nytjalundur eins og ég er að svipast um eftir (10)
**8** Koleinoxíð kæfir bjöllu en kætir nöðru (10)
**9** Fylgja línu mormóna í einu og öllu (10)
**10** Bora fyrir bitana og askana jóla (9)
**11** Listagyðja létt á þrepi/lagleg einsog jólaskraut (9)
**12** Því stöndugri sem stjórnin er, þeim mun frekara verður fólkið í henni (9)
**18** Elta uppi mörg og fá (2)
**22** Jaxlablóm nýtist í fastar en falskar (10)
**25** Bál er næring blóma hins gaddaða glugga (9)
**28** Nóg er af táknunum í málverkunum (9)
**29** Jafn fúlt og það er tilbreytingarsnautt (9)
**30** Guðum kunn í ákveðnum bobba og flækju (9)
**32** Þú æðir um allan fjórðung með þínar kærur! (11)
**33** Hvellur í sjónum út af sjampóinu (10)
**34** Í gleðiljóma ljónfrárra rafagna alheimsins (10)
**36** Ríf runna eins og Tóta litla trassi (9)
**37** Bræði svell skota við framleiðslu jólaskrauts (9)
**41** En mamma, þú ert dóttir hans, er hann þá ekki að tala um þig frekar en mig? (7)
**45** Gos á vaktaskiptum? Og það í svona íláti! (7)
**48** Elskar jafnt leitir sem leitarsvein (9)
**51** Myrti jarl og annan við Norðurpól (9)
**52** Flytja margt góðgætið í jökulgerðið (9)
**53** Hærra fer letur hins liðtæka bakara (9)
**55** Held að ljómi flokki flest sem var ljómandi (8)
**56** Um fyrir skaut og eftir ef við breytum um stefnu (7)
**57** Gljái sem ýtir undir hreyfingu er besti gljáinn (7)
**58** Vísaði þeim á dyr með sinn sleða og skepnurnar sem drógu hann (7)
**59** Tekst skepnu að skapa það sem heitir nánd? (7)
**61** Snjóbráðin hafði vinninginn (7)
**62** Tek upp þráð eftir stutt hlé og skoða skil í texta (7)
**65** Grafið gort, heitreyktur hroki og fleira matarkyns (6)

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og í þetta sinn fær vinningshafi eintak af **Ferðalag Cilku** eftir **Heather Morris** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Einar G. G. Pálsson, Borgarnesi.**




FORLAGIÐ

Lausnarorð síðustu viku var

**TRÖLLADYNGJA**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

# Engin umhugsun skiptir máli

Bridgefélag Reykjavíkur spilar árlega svokallaðan „Jólasveinatvímenning“, síðustu keppnina fyrir jól. Sú keppni fór fram þriðjudaginn 14. desember og höfðu Gunnlaugur Karlsson og Ísak Örn Sigurðsson þar fyrsta sætið naumlega. Þar skipti miklu máli þetta spil. Flestir spiluðu sex spaða, nokkrir fjóra spaða en Gunnlaugur og Ísak fóru alla leið í sjö spaða á NS spilin. Austur var gjafari og enginn á hættu.

**Norður**
♠ Á1084
♥ -
♦ AKG76
♣ D984

**Vestur**
♠ 7
♥ ÁKG10843
♦ D3
♣ K73

**Austur**
♠ G53
♥ 652
♦ 952
♣ 10652

**Suður**
♠ KD962
♥ D97
♦ 1084
♣ ÁG

Þeir sem spiluðu sex spaða (og fjóra) svínuðu laufi og köstuðu tígli í laufdrottninguna. Gunnlaugur opnaði á einum spaða, vestur sagði fjögur hjörtu og norður fimm hjörtu. Gunnlaugur tók því sem sagnvenjunni „voidwood“ (eyða, litarstuðningur og spurning um lykilspil utan hjartalitarins). Gunnlaugur sagði því sex tígla, sem þýddi tveir ásar og trompdrottning (trompkóngur talinn sem ás). Norður ákvað þá að veðja á sjö spaða, þar sem tígulliturinn var æði góður. Vöntun á tíguldrottningu gerði hins vegar samninginn mikið verri. Gunnlaugur mátti engan slag missa í alslemmu. Útspil vesturs var hjartaás sem var trompaður í blindum. Þá var laufadrottningu spilað og austur setti, án umhugsunar, lítið spil. Gunnlaugur bjóst allavega við umhugsun, ef kóngur lá fyrir svíningu, þar sem laufgosi var ekki sjáanlegur. Hann fór því upp með ás (bjóst við að vestur ætti kónginn) og ákvað að treysta á fimm tígulslagi. Þeir myndu nægja fyrir alslemmuna, 7 á spaða, 5 á tígul og laufás. Gunnlaugur trompaði því annað hjarta, tók spaðaás, tígulás og spilaði trompunum í botn. Þegar hann spilaði tígli aftur birtist drottningin og allir slagirnir í húsi. ■

## Sudoku

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |












## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg eða breytileg átt. Víða skýjað með köflum norðan og austan til og úrkomulaust eftir hádegi. Þungbúnara veður og hætt við minniháttar vætu suðvestan og vestan til, einkum síðdegis. Hiti 0-7 stig, mildast sunnan til.

KORT/SIGGI STORMUR

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 °C, 4 | 5 °C, 4 |
| Ísafjörður | 7 °C, 15 | 5 °C, 2 |
| Akureyri | 5 °C, 2 | 5 °C, 2 |
| Egilsstaðir | 2 °C, 3 | 1 °C, 5 |
| Kirkjubæjarklaustur | 3 °C, 3 | 2 °C, 6 |

## Fornar veðurspár



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is

Fyrir tíma nútíma veðurvísinda reyndu menn að finna út aðferðir við að spá fyrir um veðurhorfur. Mikið var spáð í ýmis merki frá náttúrunni og ein leið var að lesa úr háttalagi dýra, sem þótti vera góð vísbending um komandi veðurlag.

Eitt merki um hvaða veðurátt myndi ríkja að sumarlagi var úr hvaða átt heyrðist fyrst í hrossagauk að vori. Kæmu fyrstu hljóð hrossagauksins úr suðri, myndi sunnanátt ríkja það sumarið.

Þegar hani galar oftar en venjulega þá bendir það til að fram undan sé úrkomutíð. Þorskur sem spriklar mikið þegar hann er dreginn um borð, er nokkuð örugg vísbending um að vindasamt sé fram undan.

Hrafnar þóttu vera spámenn góðra og slæmra tíðinda hvað veðurhorfur áhrærir. Ef hrafn gargaði og lét almennt illum látum, var von á ókyrru veðri. Hins vegar var von á góðu veðri, flygi hann hátt og léti sig svífa um loftin blá. Öllu verra var ef hrafn settist á bak hrossa eða sauðfjár því þá máttu menn búa sig undir slæmt veðurfar, mikla kulda, jafnvel var það fyrirboði um það allra versta: hafís og náttúruhamfarir. ■

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Norðlenskt kofareykt hangikjöt

**Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er taðreykt upp á gamla mátann, eins og gert hefur verið í sveitum landsins í gegnum aldirnar. Það hefur unnið til fjölda verðlauna og er eitt vinsælasta hangikjöt landsins.**

KJARNAFÆÐI











Að öllum líkindum endar Toyota RAV4 sem söluhæsti bíll ársins 2021 en tæp sex hundruð eintök voru seld um miðjan desembermánuð. Hann er boðinn sem bensínbíll, tvinnbíll og tengiltvinnbíll. MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

# Rúm þriðjungs aukning í sölu nýrra bíla á árinu

**Þegar árið er skoðað í sölu nýrra bíla má sjá að bílaleigur eiga sinn þátt í aukinni sölu. Mest seldi bíll ársins um miðjan desember er Toyota RAV4 en mest seldi rafbíllinn er sem áður Tesla Model 3.**

njall@frettabladid.is

Árið sem senn er að líða er ansi athyglisvert í sölu bíla, svo ekki sé meira sagt. Meðal þess sem bílaframleiðendur hafa þurft að glíma við er skortur á íhlutum og lokanir á verksmiðjum, sem verða þess valdandi að skortur er á nýjum bílum. Þrátt fyrir að við séum enn að glíma við heimsfaraldur hefur talsverð aukning orðið hérlendis í sölu bíla, en á fyrstu 11 mánuðunum var aukningin tæp 35% frá árinu áður. Það má telja víst að hefðu umboðin haft fleiri bíla aflögu hefði talan verið umtalsvert hærri, því að sumir bílar eru mjög eftirsóttir og fá færri en vilja, sérstaklega sumir rafbílar.

Bílaleigur eiga sinn þátt í þeirri söluaukningu sem hefur orðið, en þar var komin mikil endurnýjunarþörf og ferðamenn farnir að taka við sér. Sem dæmi var aukningin í nóvembermánuði milli ára 353,8% en í lok nóvember höfðu 4.218 bílar selst til bílaleiga á móti 1.919 á árinu áður.



Rafmagnið er komið til að vera á íslenska bílamarkaðinum en hlutfall hreinna rafbíla í sölu er komið í 26,34% í liðnum nóvembermánuði. Svokallaðir nýorkubílar eru rúm 70% allra seldra bíla, en í fyrra var hlutfallið rúm 55% en hlutfall þeirra í sölu nóvembermánaðar er 87,33%. Þar er helst eitt merki sem stendur upp úr og nær tveimur bílum inn á söluhæstu 10 einstöku bílana, en það er Tesla með 472 Model 3 og 375 Model Y þegar desembermánuður er hálfnaður, en þeir eru líka einu rafbílarnir á listanum. Söluhæsti bíllinn er hins vegar Toyota RAV4 sem er bæði seldur sem bensínbíll, tvinnbíll og tengiltvinnbíll, en á sama tíma voru 597 slíkir seldir. Ekki er líklegt að annar bíll velti honum úr sessi sem mest seldi bíll ársins. ■

### Topp 10 listinn

| | |
|---|---|
| 1. Toyota RAV4 | 597 |
| 2. Tesla Model 3 | 472 |
| 3. Hyundai Tucson | 418 |
| 4. Kia Niro | 402 |
| 5. Toyota LC | 386 |
| 6. Tesla Model Y | 375 |
| 7. Toyota Yaris | 314 |
| 8. Kia Ceed | 313 |
| 9. Kia Sportage | 275 |
| 10. Volvo XC40 | 260 |

# Toyota og Lexus kynna línu rafbíla

njall@frettabladid.is

Það bárust stórfréttir frá Toyota í vikunni, eftir blaðamannafund með forstjóra fyrirtækisins, Akio Toyoda. Toyota frumsýndi á fundinum 11 nýja tilraunabíla sem allir eru rafdrifnir. Meðal þeirra voru fjórir í bZ-línunni, sem eru fjölskyldubílar sem munu fara í fjöldaframleiðslu. Meðal þeirra má nefna minni blendingsbíl með bogadreginni þaklínu sem líkist mjög CH-R bílnum. Einnig var minni blendingsbíll sem minnir á Aygo X frumsýndur, en hann verður næsti framleiðslubíll Toyota í rafbílum og frumsýndur endanlega í lok ársins 2022. Næsti bíll á eftir honum verður miðlungsstór fjölskyldubíll, en sá fjórði verður stór jepplingur með þremur sætaröðum.



Toyota- og Lexus-merkin hafa hingað til verið gagnrýnd fyrir að vera sein að taka við sér í rafvæðingunni en koma nú inn með látum. MYND/TOYOTA

Toyota ætlar sér greinilega stóra hluti þegar kemur að rafbílum og að sögn Akio Toyoda er markmiðið að bjóða rafbíla fyrir alla. Ætlar Toyota að selja 3,5 milljónir rafbíla áður en þessi áratugur er úti. Þess vegna mun rafbílavæðingin einnig ná til Lexus merkisins og verða allir bílar Lexus rafdrifnir. Frá Lexus var nýr sportbíll frumsýndur sem verður með upptak undir þremur sekúndum í hundraðið. Að sögn Akio Toyoda verður drægi hans yfir 700 km. Meðal annarra tilraunabíla sem frumsýndir voru Toyota megin var pallbíll í anda Hilux, jeppi sem minnir mikið á FJ-Cruiser, Toyota sportbíll, tveir aðrir blendingsbílar og tveir sendibílar. Toyota áætlar að verða kolefnishlutlaust merki árið 2035 með þessum aðgerðum og fleirum. ■

**»** **Næsti rafdrifni framleiðslubíll Toyota verður minni blendingsbíll sem minnir á Aygo X.**

# GÓÐAR GJAFIR

## Stórvirki um bíla






320 síðna bílabók eftir **Örn Sigurðsson** með 1200 ljósmyndum sem margar hafa hvergi sést áður.

**Almenningsbílar / Lögreglubílar**
**Slökkviliðsbílar / Trukkar / Eðalvagnar**
**Jeppar / Vörubílar / Húsbílar**

## Gerðu vel við þig alla daga






Í bókinni *Borð fyrir einn* gefur **Nanna Rögnvaldardóttir** uppskriftir að ljúffengum, hollum og einföldum réttum sem hún ber á borð fyrir sig eina – allan ársins hring.

**Pottréttir / Súpur / Fiskréttir / Meðlæti**
**Kökur / Eftirréttir / Kjötréttir**

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

# Umbreyting Reykjavíkur

BÆKUR

**Nýja Reykjavík**
**Dagur B. Eggertsson**
**Útgefandi:** Veröld
**Fjöldi síðna:** 352

Björn Þorláksson




Það er ljóst að stakkaskipti Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands eru Degi B. Eggertssyni, höfundi Nýju Reykjavíkur, mikið ástríðuefni.

Nýútkomin bók hans ber öll merki þess. Hún er kannski engin Njála byggingarsögu en upplýsandi rit að mörgu leyti. Texti bókarinnar og myndaval er oft af persónulegum toga. Þannig mætti segja að sumpart sé um að ræða ákveðinn ævisöguhluta Dags sem hann kýs að segja sjálfur, auk skipulagsfróðleiks. Það er dálítil kúnst að troða þessu tvennu undir einn hatt. Sumt gengur vel upp en á köflum vantar kannski ögn upp á jafnvægi þar sem persónusagan verður full ágeng.

Dagur er vitaskuld umdeildur maður, líkt og flestir aðrir þaulsætnir foringjar. En minna umdeildur en búast mætti við. Ástæðu þess má eflaust þakka þeim eiginleikum sem hann býr yfir sem manneskja. Fæstir efast um brennandi áhuga hans á umhverfismálum og sem brautryðjanda í femínískum áherslum. Kemur hvort tveggja fram með skýrum hætti í bókinni. Ráðandi áhersla er á framtíðarsýn sem illu heilli skortir oft hjá stjórnmálamönnum. Höfundur er óhræddur við að læða tilfinningum í textann. „Ráðhús hinna sterku kvenna er ein millifyrirsögnin“. „Ástfanginn af skipulagsmálum“ er kaflaheiti.

Það kann að vekja athygli hve Dagur hnýtir lítt í pólitíska andstæðinga sína. Hvað það varðar kallast bókin á við Rætur Ólafs Ragnars Grímssonar. Dagur veit, líkt og fyrrverandi forseti Íslands, að samhent átak þarf til umbóta, hvort sem um ræðir skipulagsmál eða framtíð barnanna okkar. Þá er oft best að halda sig á uppbyggilegum nótum.

Loftslagsmálin og Borgarlínan fá eðli máls samkvæmt nokkurt vægi. Hluti bókarinnar útskýrir og réttlætir hvers vegna almenningssamgöngur eru það sem koma skal. Dagur stígur þó ekki skrefið um of sem sölumaður eigin hugmynda. Afstaðan liggur eigi að síður skýrt fyrir: Einkabílnum er nú á tímum gert of hátt undir höfði.

„Til viðbótar þessu öllu fylgja virkum ferðamátum betri loftgæði, færri alvarleg umferðarslys og regluleg og góð hreyfing sem hefur ótvíræð jákvæð áhrif fyrir einstaklinginn en einnig lýðheilsu og heilbrigði þjóðarinnar,“ skrifar Dagur.

Ætlar einhver að mótmæla lækninum Degi svo bragð sé að? ■

**NIÐURSTAÐA:** Bók sem á mikið erindi við samtímann. Samfélagsfróðleg og persónuleg í senn og vekur lesendur til umhugsunar.

# Ástin á tímum drensins

BÆKUR

**Tilfinningar eru fyrir aumingja**
**Kamilla Einarsdóttir**
**Útgefandi:** Veröld
**Fjöldi síðna:** 141

Brynhildur Björnsdóttir



Kamilla Einarsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir skáldsögu sína Tilfinningar eru fyrir aumingja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Skáldskapur er mikilvægur fyrir sálina og andann, til að hjálpa okkur að gleyma dagsins amstri um stund og týna okkur í öðrum heimum og tímum þar sem lífið rímar kannski að einhverju leyti við okkar. Hann er þó enn mikilvægara tæki til að greina samtímann og tíðarandann og mikilvægasta tannhjólið í þeirri vél er húmor og greiningarhæfni á eigið umhverfi, eins konar fjarsýnisgleraugu á það sem stendur fólki næst.

Kamilla Einarsdóttir hlaut mikla athygli og lof fyrir hina mjög svo skemmtilegu Kópavogskróniku sem kom út fyrir þremur árum, þar sem hún fjallaði um ástina og ástarsorgir í Kópavogi og nærsveitum. Í þessari bók er meiri áhersla á vináttuna og hina merkjanlegu togstreitu sem samtímafólk á í, við að reyna að samræma forskrifaðar hugmyndir um ást og ástarsambönd annars vegar og raunveruleikann sem litast af einmanaleika og stefnuleysi hins vegar. Það má næstum heyra upphafsstefið í vinsælustu sjónvarpsþáttaröð allra tíma hljóma undir fyrsta kafla bókarinnar: Það sagði þér enginn að lífið yrði svona … nema bara í óþekkjanlegri dauðarokksútgáfu því söguhetjan Halla og vinir hennar myndu aldrei láta sjá sig vitna í Friends nema dauð, þó þau hafi í laumi horft á allar seríurnar, oft.




Bókin hverfist um þá hugmynd Höllu að stofna þungarokkshljómsveit með vinum sínum til að koma í veg fyrir endalausar umræður um viðhald fasteigna, sem henni finnst vera farnar að einkenna vinahópinn. Bókin fjallar þó minnst um hljómsveitina heldur hvernig þessir ólíku einstaklingar á formiðaldrasíðæskuskeiði, sem stopul skólaganga leiddi saman úr öllum áttum, fóta sig í heimi þar sem tilfinningar eru fyrir aumingja en eru samt alls staðar að þvælast og gera fólki erfitt fyrir. Halla er eins konar nútíma Bridget Jones og lýsingar á raunum hennar í ástamálum eru jafn fyndnar og raunveruleiki þeirra er sorglegur, skorturinn á raunverulegum samskiptum með markmið í skilaboðaflæmi netveruleikans þar sem nándin á heima, á meðan kynlíf er stundað á ópersónulegum nótum inni á klósetti.

Söguþráðurinn sjálfur er þannig séð ekkert endilega neitt markverð smíð, svolítið sundurlaus og út um allt eins og líf Höllu, en það skiptir bara engu máli því bókin er svo fyndin, mannlýsingar svo góðar og tíðarandavísanir svo markvissar og gegnumgangandi. Og í gegnum fyndnina og tíðarandann má finna sársauka sem er sammannlegur og á við á öllum tímum: Óttinn við einmanaleikann og tilgangsleysi allra hluta. ■

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og einstaklega fyndin samtímalýsing um nándina á netinu og einmanaleikann í raunheimum, vináttu og dren.





Góð jólagjöf
handa pabba og mömmu
og afa og ömmu

Honeywell
gæða lofthreinsitæki



Verð kr.
39.420

Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
S. 555 3100 · donna.is


## Hátíðarsöngvar til heiðurs dýrlingum

kolbrunb@frettabladid.is

Í dag, laugardaginn 18. desember, flytur Sönghópurinn Voces Thules efnisskrá undir yfirskriftinni Dýrlingar, á vegum 15:15 tónleikasyrpunnar í Breiðholtskirkju. Sönghópurinn, sem nú heldur upp á 30 ára afmæli, flytur hátíðarsöngva til heiðurs vinsælustu dýrlingum á Íslandi fyrr á öldum, Sankti Nikulási, Þorláki helga, Guðmundi góða, heilagri Sesselju, heilögum Magnúsi Orkneyjajarli og Hallvarði Vébjarnarsyni. Bæði Nikulás og Þorlákur eiga messudaga sína á aðventunni, Nikulás 5. desember og Þorlákur þann 23., en tíðasöngur þeirra beggja er varðveittur í tveimur af merkustu nótnahandritum sem skrifuð voru á Íslandi.



Voces Thules verður í Breiðholtskirkju á morgun. MYND/AÐSEND

Voces Thules skipa þeir Eggert Pálsson, Einar Jóhannesson, Eiríkur Hreinn Helgason, Eyjólfur Eyjólfsson Pétur Húni Björnsson, Sigurður Halldórsson og Sverrir Guðjónsson. ■

## Aðventutónleikar í Mosfellskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Árlegir aðventutónleikar Diddúar og drengjanna verða haldnir í Mosfellskirkju sunnudaginn 19. desember kl. 16.00. Á efnisskránni eru verk tengd jólum og Ave Maríur í bland við klassíska blásaratónlist.

Flytjendur eru Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran, Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, klarínettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jóelsson, horn, og Brjánn Ingason og Snorri Heimisson, fagott. ■



Diddú og drengirnir verða í Mosfellskirkju á sunnudaginn MYND/AÐSEND



9líf
Bubbi Morthens
Söngleikur
Fjölbreytt úrval sýninga fyrir þig og þína
Veisla
EMIL
NJÁLA
Á HUNDAVAÐI
Borgarleikhúsið
Tryggðu þér gjafakort á borgarleikhus.is

# Fallegar bækur fyrir alla!




Farangur
**2.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Guðni á ferð og flugi
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Ævisaga Oddgeirs Kristjánssonar
**5.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.




Læknirinn í englaverksmiðjunni
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Ilmreyr
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.




Á hjara veraldar
**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




Útlagarnir
**4.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




Akam, ég og Annika
**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.




Stórfiskur
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

„Jólatréð í stofu stendur, stjörnuna glampar á“
–Ragnar Jóhannesson

Þú finnur allar jólagjafirnar fyrir þig
og þína í Pennanum Eymundsson.

**Frábær tilboð**




Þung ský
**3.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.




Systu megin
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Arnaldur Indriðason deyr
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.




Myrkrið milli stjarnanna
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.




Djöflarnir taka á sig náðir
**3.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.499 KR.




Olía
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 19. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

PENNINN Eymundsson






# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**19.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
**19.30 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.00 Kvennaklefinn (e)** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
**20.30 Sir Arnar Gauti (e)**
**21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Sögur snjómannsins**
**07.24 Tulipop**
**07.28 Blæja**
**07.35 Rán - Rún**
**07.40 Kalli og Lóa**
**07.51 Hæ Sámur**
**07.58 Kátur**
**08.10 Eðlukrúttin**
**08.21 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
**08.32 Hið mikla Bé**
**08.54 Kata og Mummi**
**09.05 Lautarferð með köku**
**09.11 Týndu jólin** Álfarykið.
**09.21 Stundin okkar**
**09.50 Úti í umferðinni** Úti að leika.
**09.55 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.10 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.25 Jóladagatalið. Saga Selmu a**
**10.40 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.55 Jóladagatalið. Jólasótt**
**11.25 Aðstoðarmenn jólasveinanna** Flugvallarjólar.
**11.30 Hvað getum við gert?** Verðmætin undir vaskinum.
**11.40 Kappsmál**
**12.45 Jólalög Vikunnar með Gísla Marteini Vikan með Gísla Marteini**
**13.45 Jólin hjá Claus Dalby**
**13.55 Jólasöngvar Lucy Worsley**
**14.50 Kiljan**
**15.40 Heimilistónajól**
**16.10 Endurfundir í náttúrunni**
**16.55 Kósýheit í Hveradölum**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.41 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.45 Landakort** Jólasinnep.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Hraðfréttajól** Hraðfréttadrengirnir Benni og Fannar eru fengnir til að koma þjóðinni í jólaskap, með mjög stuttum fyrirvara, á þessum fordæmalausu tímum og það er ekkert víst að það klikki.
**20.20 All I Want for Christmas Eina jólaóskin**
**22.00 Endeavour Endeavour**
**23.30 LBJ Lyndon B. Johnson** Ævisöguleg kvikmynd frá 2016 um Lyndon B. Johnson.
**01.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**06.20 Farmers Insurance Open**
**11.55 Kenya Savannah Classic**
**17.30 PNC Championship** Bein útsending frá PNC meistarakeppninni frá Champions Tour þar sem keppt er í tveggja manna liðum.
**21.30 Marathon Classic**

## Sjónvarp Símans

**10.00 Össi - ísl. tal**
**11.30 Svampur Sveinsson. Á þurru landi - Ísl. tal**
**13.00 The Good Place**
**13.20 Speechless**
**13.45 Single Parents**
**14.30 Aston Villa - Burnley** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (35.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (36.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Paddington ísl. tal**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 American Housewife**
**19.40 mixed-ish** Gamanþáttur um hvernig það var að alast upp í fjölskyldu af blönduðum kynstofni á níunda áratug síðustu aldar.
**20.10 Undir fossins djúpa nið**
**21.00 Four Christmases**
**22.30 Tropic Thunder**
**00.15 Danny Collins** Kvikmynd frá 2015 með Al Pacino, Jennifer Garner og Annette Bening í aðalhlutverkum.
**02.00 American Assassin**
**03.50 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Í leit að betra lífi**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Matarsófíur** (2 af 2)
**11.00 Fréttir**
**11.02 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.25 Kynstrin öll** (16 af 16)
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Söngvar blárrar jólasveiflu** Jólalög, gömul og ný.
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar** Tríó Ray Brown, Kvintett George Shearing, Jólakettir og Jack Jezzro.
**20.55 Úr gullkistunni** Ilmur jólanna.
**21.15 Bók vikunnar** Meira
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Litla flugan í jólaskapi**
**23.00 Vikulokin**

## Stöð 2 Bíó

**11.30 Time Freak**
**13.10 Mystery 101. Playing Dead**
**14.35 Dirty Dancing**
**16.15 Time Freak**
**17.55 Mystery 101. Playing Dead**
**19.20 Dirty Dancing**
**21.00 The Way Back**
**22.45 Black Christmas** Æsispennandi jólahrollvekja frá 2019 um hóp kvennemenda sem er áreittur af ókunnugum manni.
**00.15 Hot Summer Nights**
**02.00 The Way Back**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.30 Friends**
**11.55 Bold and the Beautiful**
**13.45 Jóladagatal Árna í Árdal**
**13.55 Friends**
**14.15 First Dates**
**15.05 Blindur jólabakstur**
**15.40 Curb Your Enthusiasm**
**16.20 Víkingar. Fullkominn endir**
**16.55 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
**17.30 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Elf** Bráðfyndin jólamynd fyrir alla fjölskylduna.
**20.35 Love Actually**
**22.45 Die Hard 2. Die Harder** John McClane, rannsóknarlögreglumaðurinn frá New York, glímir enn við hryðjuverkamenn.
**00.45 Friends**
**01.10 Friends**
**01.30 First Dates**
**02.20 Curb Your Enthusiasm**
**03.00 Lodgers For Codgers** Skemmtilegir breskir þættir um einstaka lausn á húsnæðisvandanum í Bretlandi.
**03.45 Hunter Street.**
**04.05 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**

## Stöð 2 Sport

**06.55 Grindavík - Keflavík** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
**08.35 Tilþrifin**
**09.20 Subway Körfuboltakvöld**
**10.15 Selfoss - Fram** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**11.40 Grindavík - Keflavík**
**13.20 Subway Körfuboltakvöld**
**14.25 Foringjarnir - Jónas Þórhallsson**
**15.15 Seinni bylgjan** Olís-deild kvenna.
**16.15 Seinni bylgjan** Olís-deild karla .
**17.30 Grótta - FH** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**18.55 Selfoss - Fram**
**20.20 Víkingar. Fullkominn endir**
**21.10 Seinni bylgjan** Olísdeild karla.
**22.05 Seinni bylgjan - jólaþáttur**
**22.45 KR - Þór Ak.** Útsending frá leik í 1. deild kvenna í körfubolta.
**00.25 Subway Körfuboltakvöld**



## Stöð 2 Sport 2

**06.55 Football League Show**
**07.25 Barnsley - West Brom**
**09.05 Zenit - Chelsea**
**10.45 Meistaradeildarmörkin**
**11.30 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**11.55 Football League Show**
**12.25 Middlesbrough - Bournemouth** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**14.25 Barnsley - West Brom**
**16.05 NFL Gameday**
**17.00 Pistons - Rockets** Bein útsending frá leik í NBA.
**19.05 The Fifth Quarter**
**19.35 Unicaja - Joventut Badalona** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**21.20 Middlesbrough - Bournemouth**
**23.00 Pistons - Rockets**
**00.40 Unicaja - Joventut Badalona**

JÓLAGJAFIR FYRIR SÆLKERA







# Gefðu skemmtilega upplifun í mat og drykk

**Gjafabréf** sem gildir á
**fimm** af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur

Veldu upphæð; 5.000, 10.000, 15.000, 20.000 eða 25.000 kr. og gjafabréfið gildir í fimm ár á; Fjallkonan Krá & Kræsingar, Tapasbarinn, Sæta Svínið Gastropub, Sushi Social og Apotek Kitchen+Bar

Gjafabréfin fást á öllum stöðunum og á **gefum.is**




FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

Tapas

Sæta svínið
GASTROPUB

sushi social

APOTEK
KITCHEN+BAR

# Sunnudagur

## Hringbraut

18.30 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
19.30 **Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.00 **Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 **Mannamál (e)**
21.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

## RÚV Sjónvarp

07.15 **KrakkaRÚV**
07.16 **Rán - Rún**
07.21 **Kúlugúbbarnir**
07.44 **Kátur**
07.56 **Stuðboltarnir**
08.07 **Konráð og Baldur**
08.20 **Hvolpasveitin**
08.43 **Skotti og Fló**
08.50 **Unnar og vinur**
09.13 **Múmínálfarnir**
09.35 **Eldhugar**
09.39 **Sammi brunavörður**
09.49 **Týndu jólin** Hinn sanni jólaandi.
10.00 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
10.15 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
10.30 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
10.45 **Jóladagatalið. Jólasótt**
11.15 **Aðstoðarmenn jólasveinanna** Kæri jóli.
11.20 **Nýjasta tækni og vísindi**
11.45 **Jólin hjá Mette Blomsterberg**
12.15 **Mozart á miðnætti**
13.00 **Syndir og sorgir** Landnám Skallagríms og uppvaxtarár Egils.
13.30 **Refurinn**
14.05 **Jólin koma** Kristjana Stefánsdóttir og Þorsteinn Einarsson.
14.25 **Bóndajól**
15.25 **Okkar á milli**
16.00 **Menningin - samantekt**
16.25 **Jólaball fyrir fjölskylduna**
17.40 **KrakkaRÚV**
17.41 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
17.54 **Jóladagatalið. Jólasótt**
18.21 **Stundin okkar**
18.50 **Landakort** Kirkjufell í Grundarfirði.
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.35 **Veður**
19.45 **Eurovision unga fólksins 2021 Junior Eurovision 2021**
22.20 **Flugdrekahlauparinn The Kite Runner**
00.20 **Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

06.40 **Austrian Golf Open**
11.55 **Skafto open**
16.00 **PNC Championship** Bein útsending frá PNC-meistarakeppninni frá Champions Tour - þar er keppt í tveggja manna liðum.
20.30 **AT&T Pebble Beach Pro-Am**

## Sjónvarp Símans

10.00 **Addams fjölskyldan - ísl. tal**
11.25 **Robinson Crusoe - ísl. tal**
12.55 **The Bachelorette**
14.55 **The King of Queens**
15.15 **Everybody Loves Raymond**
15.40 **Stóra Stökkið - ísl. tal**
17.05 **Fjársjóðsflakkarar (37.52)**
17.15 **Fjársjóðsflakkarar (38.52)**
17.30 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
17.35 **Jól með Sissel**
19.05 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
19.10 **Young Rock**
19.40 **Kenan**
20.10 **Pride, Prejudice and Mistletoe**
21.40 **I Give It a Year**
23.20 **21 Jump Street**
01.05 **Rain Man** Charles Sanford „Charlie“ Babbit er sjálfumglaður bílasali, kvennamaður og veðmangari, sem á í innri baráttu með sjálfan sig.
03.15 **Tónlist**

## RÚV Rás eitt

06.55 **Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 **Fréttir**
07.03 **Hringsól í Líbanon**
08.00 **Morgunfréttir**
08.05 **Á tónsviðinu**
09.00 **Fréttir**
09.03 **Svona er þetta**
10.00 **Fréttir**
10.05 **Veðurfregnir**
10.15 **Bók vikunnar** Ævisaga Jakobínu.
11.00 **Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju**
12.00 **Hádegisútvarp**
12.20 **Hádegisfréttir**
13.00 **Jólatónleikar frá Rússlandi**
14.00 **Víðsjá**
15.00 **Jólatónleikar frá Finnlandi**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Lestin**
17.00 **Jólatónleikar frá Danmörku**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Matarsófíur** (2 af 2)
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Jólatónleikar frá Svíþjóð**
20.00 **Í leit að betra lífi**
20.55 **Kynstrin öll**
21.00 **Jólatónleikar Noregi**
21.35 **Úr gullkistunni** Jól eftir Stefán frá Hvítadal
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Jólatónleikar frá Eistlandi**
23.10 **Frjálsar hendur**

## Stöð 2 Bíó

10.45 **The Lost Husband**
12.35 **Journey Back to Christmas**
13.55 **Back to the Future III**
15.50 **The Lost Husband**
17.40 **Journey Back to Christmas**
19.00 **Back to the Future III**
21.00 **High Life**
22.45 **The Happytime Murders**
00.15 **Ma**
01.55 **High Life**

## Stöð 2

08.00 **Barnaefni**
11.15 **Friends**
11.35 **Jóladagatal Árna í Árdal**
11.45 **Nágrannar**
13.15 **Nágrannar**
13.35 **Jamie and Jimmy's Festive Feast**
14.20 **Lodgers For Codgers**
15.10 **The Great British Bake Off. Christmas Special 2020**
16.10 **Fantasy Island**
16.55 **Top 20 Funniest**
17.35 **60 Minutes**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Blindur jólabakstur**
19.40 **Víkingar. Fullkominn endir**
20.20 **Professor T**
21.10 **La Brea**
22.15 **War of the Worlds**
23.05 **Succession**
00.05 **Tin Star. Liverpool**
00.55 **The Blacklist**
01.35 **Friends**
02.00 **Jamie and Jimmy's Festive Feast**
02.50 **The Great British Bake Off. Christmas Special 2020**
03.50 **Fantasy Island** Ævintýralegir, drama- og fantasíuþættir frá 2021.

## Stöð 2 Sport

07.05 **Seinni bylgjan** Olís-deild karla.
08.20 **Haukar - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
09.45 **KR - Þór Ak.** Útsending frá leik í 1. deild kvenna í körfubolta.
11.25 **Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
13.10 **KR - Þór Ak.**
14.50 **Tilþrifin** Helstu tilþrifin úr leikjum kvöldsins í Subway-deild karla
15.35 **Haukar - Afturelding**
17.00 **Seinni bylgjan**
18.15 **Grindavík - Keflavík** Útsending frá leik í Subway-deild karla .
19.55 **Subway Körfuboltakvöld karla**
21.00 **Böðvar Guðjónsson**
21.50 **Subway Körfuboltakvöld kvenna**
22.45 **Breiðablik - Keflavík** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
00.25 **Valur - Haukar** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.

## Stöð 2 Sport 2

08.10 **Middlesbrough - Bournemouth**
10.15 **Pistons - Rockets**
11.55 **The Fifth Quarter**
12.10 **Unicaja - Joventut Badalona**
13.45 **Buccaneers - Bills**
16.05 **NFL Gameday**
16.30 **Lokasóknin**
17.40 **NFL Extra**
18.00 **Steelers - Titans** Bein útsending frá leik í NFL.
21.20 **Ravens - Packers** Bein útsending frá leik í NFL.
01.05 **Valencia Basket - Breogan**

# Mánudagur

## Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
19.30 **Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik.
20.00 **Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
20.30 **Fréttavaktin**
21.00 **Undir yfirborðið**

## RÚV Sjónvarp

08.00 **KrakkaRÚV**
08.01 **Refurinn Pablo**
08.06 **Tölukubbar**
08.11 **Sögur snjómannsins**
08.19 **Poppý kisukló**
08.30 **Rán - Rún**
08.35 **Sammi brunavörður**
08.45 **Skotti og Fló**
08.52 **Blæja**
08.59 **Konráð og Baldur**
09.12 **Múmínálfarnir**
09.34 **Eldhugar**
09.38 **Hvolpasveitin**
10.00 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
10.15 **Jóladagatalið. Jólasótt**
10.45 **Eurovision unga fólksins 2021**
13.20 **Heimaleikfimi**
13.30 **Fólkið í landinu** Leifur Magnússon.
13.50 **Aðstoðarmenn jólasveinanna** Ömmurnar og afarnir.
14.00 **Útsvar 2008-2009** Hafnarfjörður - Reykjanesbær.
14.55 **Stúdíó A** Jólaþáttur.
15.25 **Jól með Price og Blomsterberg**
15.50 **Vesturfarar**
16.25 **Veisla í farangrinum** Tæland
16.55 **Innlit til arkitekta**
17.25 **Matarmenning - Jólamatur**
17.55 **Úti í umferðinni** Sjáumst í myrkrinu.
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Jóladagatalið. Saga Selmu**
18.14 **Jóladagatalið. Jólasótt**
18.40 **Jólamolar KrakkaRÚV**
18.45 **Krakkafréttir**
18.50 **Jólalag dagsins**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.05 **Mörgæsir í ýmsum myndum**
21.00 **Frægðin heillar Make Me Famous**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.25 **Vínarfílharmónían til heiðurs Riccardo Muti**
00.10 **Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

09.00 **Solheim Cup** Útsending frá Solheim Cup.
13.45 **Solheim Cup**
19.50 **Solheim Cup**

## Sjónvarp Símans

09.00 **Kung Fu Panda - ísl. tal**
10.30 **Lási löggubíll og vatnsþjófarnir - ísl. tal**
11.40 **Franklin og fjársjóðurinn - ísl. tal**
13.00 **The King of Queens**
13.20 **Everybody Loves Raymond**
13.45 **Jólagestir Björgvins 2018**
15.40 **Nonni norðursins - ísl. tal**
17.05 **Fjársjóðsflakkarar (39.52)**
17.15 **Fjársjóðsflakkarar (40.52)**
17.30 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
19.10 **The Unicorn**
19.40 **Superstore**
20.10 **A Godwink Christmas. Second Chance, First Love**
21.45 **The Rookie**
22.35 **Miss Julie**
00.50 **Bel Canto**
02.30 **Cowboys and Aliens**
04.25 **Tónlist**

## RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Flugur**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið Fyrri og seinni hluti**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03**Hringsól** Í Líbanon.
15.00 **Fréttir**
15.03 **Orð um bækur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Saga hlutanna**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Jólatónleikar frá Svíþjóð**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.40 **Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi** (26 af 32)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**

## Stöð 2 Bíó

11.00 **Superman. Red Son**
12.20 **Something's Gotta Give**
14.25 **No Sleep 'Til Christmas**
16.00 **Superman. Red Son**
17.20 **Something's Gotta Give**
19.25 **No Sleep 'Til Christmas**
21.00 **Good Boys**
22.30 **Peppermint**
00.10 **Don't Go**
01.35 **Good Boys**

## Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Jóladagatal Árna í Árdal**
09.35 **Divorce**
10.00 **Landnemarnir**
10.40 **Grand Designs**
11.25 **Um land allt**
12.05 **Friends**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **The Office**
13.25 **The Greatest Dancer**
14.40 **Eldhúsið hans Eyþórs**
15.05 **Insecure**
15.35 **The Goldbergs**
16.00 **Hell's Kitchen**
16.45 **Masterchef USA**
17.25 **Bold and the Beautiful**
17.50 **Nágrannar**
18.20 **Annáll 2021**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **The Great British Bake Off. Christmas Special 2020**
20.10 **Mr. Mayor**
20.35 **Home Economics**
20.55 **Fantasy Island**
21.40 **Temple**
22.30 **Anne Boleyn**
23.15 **60 Minutes**
00.05 **S.W.A.T.**
00.50 **SurrealEstate**
01.30 **Legends of Tomorrow**
02.15 **The Mentalist**
02.55 **Friends**
03.15 **The Office**
03.50 **Insecure**

## Stöð 2 Sport

08.00 **Seinni bylgjan** Olís-deild kvenna
09.00 **Haukar - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
10.20 **Tilþrifin** Í Subway-deild karla
11.05 **Subway** Karla 10. umferð.
12.05 **Subway** Kvenna 13. umferð.
13.00 **Foringjarnir - Böðvar Guðjónsson**
13.50 **Seinni bylgjan** Olís-deild kvenna.
14.30 **Seinni bylgjan** Olís-deild karla.
15.10 **ÍBV - Stjarnan** Olís-deild karla.
16.35 **Grótta - FH**
18.00 **Selfoss - Fram**
19.25 **Seinni bylgjan** Olís-deild karla.
20.45 **Seinni bylgjan Extra**
20.55 **Seinni bylgjan Extra**
21.15 **Íslandsmót félagsliða í pílukasti**
22.55 **KR - Þór Ak.** 1. deild kvenna í körfubolta.

## Stöð 2 Sport 2

07.40 **Unicaja - Joventut Badalona**
09.15 **Valencia Basket - Rio Bregoán**
10.50 **Bulls - Lakers**
12.30 **Barnsley - West Brom**
14.10 **NFL Extra**
14.30 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
16.50 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
19.10 **Football League Show**
19.40 **Fulham - Sheffield Wednesday** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
21.40 **Valencia Basket - Rio Bregoán**
23.15 **Bulls - Lakers**


JS Watch co.
REYKJAVIK
Hvernig hljómar íslenskt úr í jólapakkann
JS WATCH 101 32 MM
JS WATCH 101 38 MM
JS WATCH ART DECO BLEIKT
JS WATCH ART DECO BLÁTT
ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÞVÍ AUÐVELT AÐ FINNA ÚR FYRIR ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR
ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS
JS WATCH VÍNLAND
JS WATCH ISLANDUS 1919
JS WATCH FRISLAND 1941
ARC-TIC ÚR MEÐ LEÐURÓL 29.900.-
ARC-TIC ÚR MEÐ STÁLÓL 34.900.-
ARCTIC ICELAND
Hjá Gilbert úrsmið sérhæfum við okkur í úrsmíði, hönnun og framleiðslu úra
GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

# Bókaðu gleðileg jól




**Börnin baka**
Bókin *Börnin baka* inniheldur fjöldann allan af einföldum uppskriftum sem henta vel fyrir börn og unglinga. Uppskriftirnar eru að mestu tengdar bakstri en í bókinni er einnig að finna uppskriftir að einföldu góðgæti sem ekki felur í sér bakstur.

3.599 kr.




**Bakað með Evu**
*Bakað með Evu* hefur að geyma rúmlega 80 uppskriftir að bökuðu góðgæti af öllum stærðum og gerðum sem henta við öll tilefni. Háar og tignarlegar veislutertur, ilmandi pönnukökur og vöfflur, gómsætir brauðréttir og sætabrauð.

4.999 kr.




**Heima hjá Lækninum í eldhúsinu**
Heima líður okkur vel og þar eigum við okkar bestu stundir. Ástríðukokkurinn og Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr, töfrar hér fram litríkt lostæti sem aldrei fyrr. Enda á heimavelli.

5.098 kr.




**Jómfrúin**
Bókin sem hér kemur fyrir sjónir lesenda er óður til Jómfrúarinnar. Í henni má finna uppskriftir að fjölmörgum réttum sem prýtt hafa matseðilinn í gegnum tíðina, sögu veitingastaðarins og vitnisburð fastakúnna sem allir kalla Jómfrúna sína enda eru veitingastaðir hvorki stærri né meiri en fólkið sem er þar innandyra.

6.799 kr.




**Heimabarinn – Kokteilabók**
Sannkallaður dýrgripur fyrir alla sem hafa gaman af að lífga upp á tilveruna með kræsilegum kokteilum.

Í bókinni má finna 63 uppskriftir að fjölbreyttum kokteilum, 19 uppskriftir að heimagerðum sírópum og líkjörum auk fróðleiks um baráhöld, glös og fleira.

5.499 kr.




**Prjón er snilld!**
Að prjóna er ekki bara skemmtileg iðja sem gefur af sér fallegar flíkur. Prjón virkjar líka sköpunarkraftinn og veitir einstaka hugarró. Sjöfn Kristjánsdóttir prjónasnillingur tekur hér saman allar sínar bestu uppskriftir.

4.598 kr.




**Fjárfestingar**
*Fjárfestingar* fjallar um fjármál og fjárfestingar á áhugaverðan, aðgengilegan og hvetjandi hátt, án þess að svæfa þig úr leiðindum. Bókin er ætluð öllum sem hafa áhuga á því að fjárfesta, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

4.798 kr.




**Kennarinn sem kveikti í**
Nýr afleysingakennari tekur við BÖ-bekknum eftir ógurlegar hremmingar síðustu mánaða. Þegar krakkarnir eru sendir í dularfullan ratleik í mannlausum skólanum læðist að þeim óþægilegur grunur og ýmsar spurningar vakna.

3.498 kr.




**Vetrarfrí í Hálöndunum**
Í huga systranna Samönthu og Ellu Mitchell eru jólin dýrmætasti tími ársins þegar þær bæta upp fyrir jólin sem þær fengu ekki að njóta í æsku. Í ár stefnir í að þær muni verja þeim með óvæntum gesti – móður sinni sem þær hafa ekki verið í sambandi við í fimm ár.

2.699 kr.

## *Jólainnkaupin*

hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á *netto.is*

**Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.**
*Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.*




**Dýrasögur fyrir börn**
Níu fallega myndskreyttar sögur fyrir börn tveggja ára og eldri.

Dýrmætt safn af ógleymanlegum sögum fyrir börn.

2.799 kr.




**Góða nótt – sögubók**
Átta fallegar myndasögur fyrir tveggja ára og eldri. Sögusafn með átta krúttlegum dýrasögum, með heillandi persónum og fallegum myndum. Sögurnar eru af hæfilegri lengd til að lesa fyrir svefninn.

2.899 kr.




**Töfrasögur**
Ellefu hrífandi myndasögur fyrir tveggja ára.

Njótið töfrandi sögustunda saman. Hér kynnast ungir lesendur blómálfaeðlu, sem finnst hún alltaf vera höfð útundan, einhyrningshetju og fleiri skrautlegum söguhetjum.

1.999 kr.




**Ekki opna þessa bók – ALDREI**
Með hverri blaðsíðunni sem lesandinn flettir eldist aðalpersónan meira... og hún reynir allt til þess að láta krakka hætta lestrinum.

2.499 kr.




**Bókin sem vildi ekki láta lesa sig**
VARÚÐ!! Þetta er bók sem í prakkaraskap sínum beitir ólíklegustu brögðum til þess að vera látin í friði.
Óvenju lífleg, þrjósk og algerlega töfrandi myndabók eftir David Sundin.

2.999 kr.




**Jólasvínið**
Jack á sér uppáhaldsleikfang – lítið tuskusvín. Svínið hefur fylgt honum alla tíð, í gegnum súrt og sætt. Þangað til aðfangadagskvöld eitt að hið hræðilega gerist: svínið týnist. En jólanótt er tími kraftaverkanna, nóttin þegar allir hlutir geta lifnað við – jafnvel leikföng.

3.999 kr.




**Nornasaga 3: Þrettándinn**
Katla verður að koma tveimur nornum aftur til Goðheima. Auk þess þarf hún að finna örlaganornirnar og fá Skuld til að skera á galdrafjötur. En áætlanir eiga það til að fara úrskeiðis og í þetta sinn kemur Katla af stað röð atburða sem gætu haft áhrif á örlög sjálfra guðanna.

4.399 kr.




**Dagbók Kidda klaufa 15**
Fjölskylda Kidda leggur upp í langt ferðalag á húsbíl. Eins og oft gerist hjá fjölskyldunni gengur allt á afturfótunum. Má líka segja að mikið vatnsveður einkenni þetta ferðalag enda allt á bólakafi!

Bækurnar um Kidda klaufa eru metsölubækur um allan heim.

3.299 kr.




**Kynjadýr í Buckinghamhöll**
Alfreð prins, lasburða tólf ára drengur, hefur aldrei kynnst lífinu utan Buckinghamhallar. Ill öfl eru að verki og hann verður að berjast við konung kynjadýranna – sjálfan grýfoninn. Hér er David Walliams í essinu sínu. Þessi bók sat lengi í efsta sæti bóksölulista í Bretlandi.

2.999 kr.




**Verstu foreldrar í heimi**
Þú þekkir verstu börn í heimi og þú þekkir líka verstu kennara í heimi. Þú átt eftir að hlæja tryllingslega að *Verstu foreldrum í heimi*. Enn ein frábær bók úr smiðju meistara David Walliams.

2.799 kr.




**Hundmann – Tveggja katta tal**
Hundmann er engum líkur. Þetta er þriðja bókin í bókaflokknum um hann. Fáar ef nokkar barnabækur eru jafn fyndnar og bækurnar um Hundmann, enda eru þetta einhverjar allra vinsælustu barnabækur heims. Það er snillingurinn Dav Pilkey sem semur bækurnar og teiknar myndirnar.

2.799 kr.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

## Lykilspurningin

Fékkstu eitthvað í skóinn?



Giljagaur hitti í mark hjá Katrínu.

**Rauðvín frá Giljagaur**



**Katrín Kristjana Hjartardóttir**
*stjórnarkona í FKA*

„Jólasveininnn kom færandi hendi enda hlustar hann vel á þreyttar mæður. Stekkjastaur kom með hljóðkút fyrir barnið og Giljagaur bætti við rauðvínsflösku. Eina sem vantar er góður maður, ætli Bjúgnakrækir sé á lausu?“

**Sveinarnir ghostuðu Geir**



**Geir Finnsson,**
*varaborgarfulltrúi*

„Nei, jólasveinarnir ákváðu að „ghosta“ mig á ákveðnum tímapunkti án þess að útskýra neitt!“ segir Geir, um þá undarlegu ákvörðun jólasveinanna að virða hann og skóinn hans alveg að vettugi og ganga jafnvel svo langt að láta eins og hann sé ekki til. ■

# Hera Björk fangar ilminn af jólunum

**Söngkonan Hera Björk lofar kósí stemningu á tuttugu ára afmælistónleikum plötunnar Ilmur af jólum, í Hallgrímskirkju á mánudaginn, þar sem söngurinn verður táknmálstúlkaður með Hröðum höndum.**

svavamarin@frettabladid.is

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona fagnar því að tuttugu ár eru liðin síðan jólaplatan Ilmur af jólum kom út, með afmælistónleikum í Hallgrímskirkju á mánudag.

„Platan kom út fyrir tuttugu árum síðan og er búin að lifa rosa vel síðan. Fólk segir mér að það spili hana hver jól, sem er náttúrulega besta gjöfin,“ segir Hera Björk.

Þegar Hera gaf út plötuna árið 2000 hafði hún nýlega sótt táknmálsnámskeið, þar sem hún vildi geta tjáð sig við fjölskyldumeðlim.

„Ég var orðin ansi lunkin eftir þessi sex námskeið,“ upplýsir Hera, sem segist enn skilja táknmál nokkuð vel, en gerir grín að sjálfri sér og segist þurfa nokkra vodkasjússa til að rífa í sig smá kjark. „Svona eins og með dönskuna,“ segir hún og hlær dátt.

**Andskotans tími til kominn**

Eitt laganna á plötunni, Jólatími, var túlkað og sungið í myndbandi sem enn skýtur upp kollinum í kringum jólin. „Það er í rauninni tengingin mín við þennan döff-heim,“ segir Hera.

Margrét Auður Jóhannesdóttir, táknmálstúlkur og vinkona Heru Bjarkar, hafði samband við hana vegna afmælistónleikanna og lagði til að Hraðar hendur yrðu fengnar til að túlka þá á táknmál.

„Ég hugsaði, Jú! About bloody time,“ segir Hera, sem hafði einmitt lengi íhugað að láta af þessu verða. „Það koma þrjár dásamlegar konur frá Hröðum höndum sem ætla að túlka tónleikana. Þetta er svo æðislegt og ég hlakka svo til.“



Jólastemningin verður túlkuð á táknmáli á tónleikum Heru í Hallgrímskirkju á mánudaginn og enn má nálgast miða á Tix.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ” Þetta er nánast eins og að vera með dansara.

Hún segir textann dýpka við túlkunina, þar sem innlifunin í táknmálinu sé svo mikil. „Þetta er nánast eins og að vera með dansara.“ Hera bendir síðan á að túlkunin á söngnum liggi hjá hverjum og einum, hvort sem fólk er sjáandi og heyrandi eður ei. „Fólk nemur textann eftir sínum skilningi, þetta snýst um það.“

**Kósí fjölskyldustund**

Tónleikarnir eru einnig fjölskyldustund fyrir Heru, en dóttir hennar Þórdís Petra Ólafsdóttir, sem er í söngnámi í Berlín, kemur fram með móður sinni. Auk þess sem móðir Heru, söngkonan Hjördís Geirsdóttir, lætur einnig til sín taka.

Stjörnupopparinn Páll Óskar Hjálmtýsson mætir einnig til leiks sem og ungtenórinn Ari Ólafsson Júróvisjón-fari.

„Það er alveg æðislegt að nýta fólkið sitt. Mamma verður með heitt súkkulaði við innganginn ef reglur leyfa, og vinir mínir og fjölskylda verða sætavísur og rífa af miðum.“

Hera segir aðspurð að miklu betur megi gera þegar táknmálstúlkun á menningarviðburðum er annars vegar og kallar eftir meiru af slíku. „Ég veit að Þjóðleikhúsið hefur verið með eina og eina sýningu,“ segir Hera og nefnir einnig Baggalút og einstaka kórtónleika. ■

# Reiðinnar býsn af þokka á Prikinu

toti@frettabladid.is

Stelpurnar taka öll völd á Prikinu í dag og kvöld þegar plötusnúðarnir DJ Mellí og Vala Von Avalon, Melkorka Þorkels og Snjólaug Vala, leiða uppákomu sem þær kalla Þokka Galore.

„Þetta verður sem sagt viðburður sem stendur allan daginn þar sem það verða fimm DJ-sett og svo erum við að vinna með listagalleríinu Flæði sem er hérna á Vesturgötunni, en þau verða með listamarkað á öllum hæðum hússins,“ segir Melkorka Þorkelsdóttir, listakona og plötusnúður, sem ætlar sjálf að keyra stuðið í gang á Prikinu klukkan 16 í dag.

„Því miður er það enn fréttnæmt að svona viðburðir séu skipulagðir og samanstandi eingöngu af kvenkyns listamönnum,“ segir Melkorka og hlær. „Þetta eru þá ég og Vala, Karítas Óðins, sem er einmitt líka í Reykjavíkurdætrum, Ása Kolla, sem er algjört teknó-frík, og svo Unnur Birna Bachman, leikkona og plötusnúður. Þannig að þetta er algjört veislulænöpp,“ segir hún og hættir á að sletta þótt hún telji víst að slíkt sé ekki vel séð í Fréttablaðinu.

**Heilmikil gaurasena**

„Ég myndi segja, af því að ég hef nú unnið sem plötusnúður hérna niðri í bæ síðan 2016, að þessi bransi er bara rosalega mikil gaurasena,“ segir Melkorka, þegar hún er spurð hverju það megi sæta, árið 2021, að það teljist enn til sérstakra tíðinda að stelpu DJ-ar leggi undir sig sviðið.

„Þetta helst rosalega mikið í hendur við tónlistarsenuna og gallinn er líka kannski að það er svona ákveðið „attítjúd“. Maður þekkir flottar gellur sem hefur alltaf langað að prófa að DJ-a og segjast svo bara hafa fengið glatað „attítjúd“ frá einhverjum hljóðmanni, eða þú veist.

Ég hef nú sjálf lent í því að vera að spila hipphopp á Prikinu og bara verið spurð hver kenndi mér að hlusta á svona tónlist. Skilurðu? Þannig að það er alltaf einhvern veginn svona óbeint verið að segja manni, „you don't belong“, að maður eigi ekki samastað á senunni.



Melkorka og Snjólaug Vala ætla að ryðja sér til rúms á Prikinu í dag og fram að lokun í kvöld með Þokka Galore þar sem þær DJ-a ásamt þremur öðrum stelpum á meðan hægt er að næla sér í listrænar jólagjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Taka sér pláss**

Melkorka segist þekkja marga sem hafi dáðst að þeim fyrir að nenna að vera í þessum bransa. Ég bara hef ekki nennuna til að díla við þetta kjaftæði sem ég skil ógeðslega vel. En það er náttúrlega glatað, þú veist, að þetta sé svona fráhrindandi.

Þannig að ég og Vala vildum bara búa til „space“ sem er samt ekkert útilokandi,“ segir hún og bætir við að þetta sé kannski ákveðin yfirlýsing, eða ekki. Þetta séu bara konur að skipuleggja skemmtun. „Svo vill maður ekki heldur að þetta fái einhvern stimpil um að þetta sé einhver gellu-event. Þetta er bara listviðburður.“

> ” Því miður er það enn fréttnæmt að svona viðburðir séu skipulagðir og samanstandi eingöngu af kvenkyns listamönnum.

**Plötusnúðarnir á Prikinu**

**18.00 – 19.30:** DJ Karítas
**19.30 – 20.30:** Animona
**20.30 – 21.30** Ása ClubKid
**21.30 – 23.00:** Vala b2b Mellí

**Tröllinn sem varð jólabarn**

Þegar Melkorka er spurð hvort hægt sé að DJ-a jólalög, segir hún ekkert mál að lauma jólalögum saman við hipphopp-stemninguna. „Ég er sko svona fyrrverandi „grinch“ sem breyttist í jólabarn. Ég byrjaði sjálf að „bömpa“ jólalögunum í lok október. Líka bara svona til að komast í gegnum mögulegt skammdegisþunglyndi. Bara svona forvörn.

Það er náttúrlega kannski ekki verið að vinna mikið þar með „house-“ og „teknó-sánd“ en ég verð sjálf að hita upp fyrir Karítas klukkan fjögur og þá er þetta kannski lágstemmdara dæmi. Þannig að þá ætla ég alveg að spila jólaplötuna með Faith Evans og meira R'n'B fönk jólaplötur. Það er nú algjört „möst“ þegar maður er svona stutt í þetta.“ ■


Kjörís
Jóla
ísveisla
VANILLUÍS MEÐ
JÓLATERTU MYLLUNNAR
...jólalega góð!










Þrátt fyrir krefjandi aðstæður var uppskeran í íslensku poppi góð þetta árið. 1. Kef LAVÍK. MYND/AÐSEND 2. Daði Freyr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN 3. Margrét Rán/Vök. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI 4. GDRN. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK 5. Inspector Spacetime. MYND/SKJÁSKOT 6. Aron Can. MYND/ANNA MAGGÝ 7. Bríet. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI 8. Vigdís Hafliðadóttir/Flott. MYND/HÖRÐUR SVEINSON

# Poppað í lokuðum potti á stafrænum veitum

**Það var hart í ári í popptónlistarbransanum, þar sem nýjum útgáfum þurfti að fylgja eftir með streymistónleikum, frekar en stuði í kjötheimum. Tekjur af tónleikahaldi voru þannig í lágmarki vegna áframhaldandi samkomubanns vegna kórónuveirufaraldurs.**

ninarichter@frettabladid.is

Popparar landsins létu þó ekki deigan síga, og var framleiðsla með besta móti. Það er ógjörningur að gera íslenskri tónlistarsenu skil í þessari upptalningu, en hér skal talið upp brot af því efni sem fór hátt.

### Blindar götur flugu hátt

Aron Can sló í gegn á útvarpsstöðvum, streymisveitum og dansgólfum landsins með plötunni Andi, líf, hjarta, sál. Lögin Flýg upp og Blindar götur fengu dreifingarsamning hjá eyrnaormum landsins, sem leiddi til þess að flestir poppunnendur fengu þessa smelli á heilann á einhverjum tímapunkti.

### Gleðin kom úr geimnum

Inspector Spacetime kom eins og neonlituð sending úr geimnum, með átta laga breiðskífu í janúar. Tónlistin hefur verið áberandi á skemmtistöðum og í útvarpi, en dans, gleði og einlægir textar heilluðu hlustendur upp úr skónum, og voru mögulega meðalið sem landinn þurfti á krefjandi ári.

### Diskóinu var drull

Sviðslistakonan Vigdís Hafliðadóttir söng sig inn í hjörtu landsmanna með diskóstemmdri yfirlýsingu um að sér væri drull, með kvintettinum Flott. Textum sveitarinnar mætti lýsa sem hreinskilnum og ferskum, og endurspegla þeir vel þankagang kvenna af þúsaldarkynslóðinni.

### Rakel var að spá

Rakel skaust upp á stjörnuhimininn með stuttskífunni Nothing ever changes. Þá tók hún lagið með CeaseTone og JóaPé, í hinu brjálæðislega grípandi lagi Ég var að spá.

### Greddan og gæðin í eina sæng

Jói Pé birtist einnig á nýrri plötu gulldrengjanna í Kef LAVÍK, sem sendu frá sér metnaðarfulla plötu sem var ofar jarðar en þeirra fyrri verk. Sveitin hefur á nokkrum árum öðlast nokkurs konar költ-stöðu með gallharðan aðdáendahóp í kringum sig. Á nýju plötunni heldur sveitin í sín séreinkenni í djörfum efnistökum og stíl, en samt mátti greina vönduð ástarljóð innan um sögur af kynlífi, lyfjaneyslu og andlegri kreppu.

### Ástin var hrein

Algjörlega hinum megin á ástarjátninga-kvarðanum mátti síðan finna dúett Jóns Jónssonar og GDRN, þar sem sungið var um að væri ástin hrein, leitaði hamingjan heim, af 12 laga breiðskífu Jóns sem kom út á árinu. Útsetningin minnir blaðamann óneitanlega mikið á stærstu smelli bresku sveitarinnar London Grammar. Ástardúett ársins, segja aðdáendur.

### Bríet kvaddi sér hljóðs

Tónlistarkonan Bríet hélt vinsældum sínum. Varla mátti labba inn á kaffihús eða vinnustað án þess að einhver væri að hlusta á, eða tala um Kveðju Bríetar sem kom út í fyrra. Spotify-árslistar íslenskra tónlistarunnenda voru gjarnan toppaðir með lagi af plötunni, annað árið í röð, og þeir sem ekki stukku á Bríetar-vagninn í fyrra virðast hafa gert það núna. Hún söng líka dúett með Bubba Morthens fyrr á árinu, Ástrós, sem vakið hefur mikla lukku.

### Palli hreif hipphopp-heiminn

Annar dúett sem rataði í eyru poppunnenda var lagið Spurningar, með Birni og margföldum Íslandsmeistara í diskótónlist Íslands, Páli Óskari. Birnir sendi frá sér plötuna Bushido við mikla hrifningu íslenska rappheimsins og þar fór hæst lagið Racks.

### Daði drottnaði yfir streyminu

Daði Freyr, Júróvisjón- og Tiktokstjarna með meiru, sló í gegn heima og erlendis með Júróvisjón-framlaginu 10 years og kom Íslandi í fjórða sæti í keppninni. Í samantekt keppninnar yfir mest streymdu lög ársins úr keppninni hafnaði lagið í sjötta sæti með tæplega 30 milljón spilanir. Daði Freyr og félagar hans í Gagnamagninu eru þannig vafalítið streymis-methafar Íslands þetta árið.

### Jökull gladdi úr Geldingadölum

Kúrekarnir í Kaleo sendu frá sér plötuna Surface sounds. Þeir bættu um betur og sendu líka frá sér tónlistarmyndband sem tekið var upp við eldstöðina í Geldingadölum. Í athugasemdum við myndbandið má sjá erlenda aðdáendur tapa sér af hrifningu yfir því að maður sem heiti eftir náttúrufyrirbærinu jökli stígi á stokk fyrir framan virka eldstöð, sannarlega á landi elds og ísa.

### Grant valdi stjörnu

GusGus og Vök leiddu saman hesta sína í fyrra með laginu Higher, sem kom út á breiðskífu GusGus á árinu. Vök sendi frá sér stuttskífu í ár. John Grant dúkkaði upp í alls konar samstarfi, bæði með GusGus og einnig með Ellen Kristjánsdóttur, í laginu Veldu stjörnu, sem er sunnudagsmorgnapopp í heimsklassa.

### Marglyttur yfir Miklubrautinni

Í haust sendi Dr. Gunni síðan frá sér plötuna Nei, ókei, sem innihélt fjöldann allan af hversdagsljóðum um aumingja með Bónuspoka, marglyttur yfir Miklubrautinni og fuglahræðu í Hvassaleiti.

> ” Daði Freyr og félagar hans í Gagnamagninu eru þannig vafalítið streymis-methafar Íslands þetta árið.

### Nýbylgjan gekk aftur

Í grasrótinni bar það hæst að pönksveitin Skrattar sendi frá sér plötuna Hellraiser IV. Platan fór um víðan völl, sótti sterkt í eldra nýbylgjupopp og minnti blaðamann stundum á tilraunakenndari og hrárri útgáfu af bresku eighties-sveitinni The Cure.

### Markaðsbrellur Birgittu Lífar

Viðburður sem vakti athygli í popptónlistarsenunni á árinu var ákvörðun athafnakonunnar og áhrifavaldsins Birgittu Lífar Björnsdóttur um að gerast umboðsmaður fyrir tónlistarmanninn Húgó. Hann skellti einnig í dúett með Herra Hnetusmjöri við miklar vinsældir. Ráðgátan um Húgó er óleyst í árslok og veltir blaðamaður fyrir sér öllum möguleikum, jafnvel hvort Birgitta Líf sé mögulega sjálf Húgó? ■





# Hver er þér svo kær?

Konfektið frá Nóa Síríus gerir hverja hamingjustund enn betri. Þegar silkimjúkt rjómasúkkulaðið blandast ljúffengu fyllingunum verður til bragðupplifun sem á engan sinn líka. Gæddu hátíðarnar auknum töfrum og gefðu þeim sem eru þér svo kær gleðistundir með konfektinu frá Nóa Síríus.

**Það er nefnilega svo gott að gefa og auðvitað himneskt að þiggja!**

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS

# Eins gott að setja sig í Ómíkron-stellingar

## Fréttir vikunnar

Björn Ingi Hrafnsson
toti@frettabladid.is

Varla þarf að koma á óvart að veirufaraldurinn er Birni Inga Hrafnssyni, ritstjóra Viljans, enn ofarlega í huga. „Það er svo sem af nógu að taka, en þar sem veiruskrattinn er enn og aftur farinn að gera okkur lífið leitt, er kannski nærtækast að benda á rannsókn vísinda- og tækninefndar breska þingsins, sem leiddi í ljós í vikunni að líklega hefði það verið einhvers konar leki eða mannleg mistök á rannsóknarstofu sem urðu þess valdandi að heimsfaraldur Covid-19 braust út fyrir tveimur árum.“

Björn Ingi bendir á að vitað sé að vísindamenn hafi í nágrenni Wuhan beinlínis verið að þróa slíkar veirur og það geti skýrt hvers vegna svo hægt gangi að ráða niðurlögum hennar, hversu öflug hún er að þróa ný afbrigði og smithraðann um víða veröld.

„Breski landlæknirinn sagði í vikunni að Ómíkron-afbrigðið væri alvarlegasta ógnin í faraldrinum frá því hann kom upp,“ segir Björn Ingi og bætir við að því sé ekki að furða að sjö helstu iðnríki heims hafi lýst yfir á fimmtudag að Ómíkron sé mesta ógnin sem steðji að heilsu mannkyns um þessar mundir.

„Þetta er kannski ekki akkúrat léttmetið sem fólk vildi helst lesa nú fyrir jól, en reynslan hefur kennt manni að þróun erlendis er furðufljót að berast hingað til lands, svo það er líklega eins gott að setja sig í stellingar. Enn einn ganginn.“ ■


Björn Ingi kafar dýpra ofan í málið á Fréttablaðið.is í dag. MYND/ AÐSEND

Nánar á frettabladid.is





Rósa Kristinsdóttir, Aníta Rut Hilmisdóttir og Kristín HIldur Ragnarsdóttir í Fortuna Invest, telja sig vel geta riðið um héröð með fjármálafræðslu þótt þar séu fyrir Gísli Súrsson og aðrar Íslendingasagnakempur. MYND/AÐSEND

# Pláss fyrir Gísla Súrsson í framtíðarsýn Fortuna Invest

**Þær stöllur Rósa Kristinsdóttir, Aníta Rut Hilmarsdóttir og Kristín Hildur Ragnarsdóttir hjá Fortuna Invest, hafa vakið athygli fyrir skelegga fræðslu um fjármál sem teygði sig jafnvel í bókmenntaarfinn.**

odduraevar@frettabladid.is

Rósa Kristinsdóttir er ein þriggja vinkvenna sem standa að baki fjármálafræðsluvettvanginum Fortuna Invest. Þær gáfu nýverið út samnefnda bók með það fyrir augum að fræða lesendur um fjármál og fjárfestingar á áhugaverðan og aðgengilegan hátt.

„Áhuginn hefur farið fram úr okkar björtustu vonum. Þegar við fengum hugmyndina að því að skrifa þessa bók með könnuðum við markaðinn og miðað við okkar rannsóknir þá er síðasta bók sem er skrifuð í svipuðum stíl jafngömul og við,“ segir hin 28 ára gamla Rósa. „Þannig að við töldum að það væri þörf á því að uppfæra þessar upplýsingar.“

Vinkonurnar eru jafnframt með samnefnda Instagram-síðu þangað sem þær dæla fróðleik um fjármál, hlutabréf og aðrar fjárfestingar. Þar vakti mikla athygli færsla um skort á kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum og plássið sem fornbókmenntirnar fá þar, með Gísla sögu Súrssonar í fremstu víglínu. Samanburðurinn kom við kaunin á mörgum og netverjar tístu um málið í gríð og erg.

Rósa viðurkennir að athyglin hafi reynst ágæt. „Markmiðið var að vekja athygli á þörfinni á auknu fjármálalæsi og það var gaman að sjá báðar hliðar. Auðvitað voru einhverjir sammála og einhverjir mjög ósammála,“ segir Rósa, en margir voru mjög sárir fyrir hönd Gísla.

### Ekki ætlunin að fella Gísla

„Sem er bara allt í góðu, þetta er að sjálfsögðu ekki spurning um að fella Gísla niður og kenna bara lántökur,“ segir Rósa hlæjandi. Markmiðið sé að benda fólki á að skilningur á fjármálum er ekki óyfirstíganleg hindrun.

„Því að mörgum finnst það óyfirstíganlegt að kynna sér þessi mál, sem er alls ekki skrítið því upplýsingarnar eru á víð og dreif og ekki allt lagað að íslenskum aðstæðum.“

Rósa segir Instagram-síðuna lykilinn að fræðsluvettvangi Fortuna. „Þar koma upplýsingarnar til þín á meðan þú skrollar og ef þetta birtist jafnt og þétt fyrir framan þig þá ertu kannski líklegri til að leita sjálfur að fréttum, taka umræðu eða samtal um þetta, því við trúum svo mikið á það að þetta sé framtíðarverkefni. Því þetta snýst ekki bara um að kaupa eitt verðbréf heldur snýst þetta um að byggja upp góða þekkingu, með fram þeirri fjárhæð sem þú leggur í fjárfestingar.“

### Hvatt til sparnaðar

Í bókinni er meðal annars að finna sparnaðarráð og lesendur hvattir til að leggja fyrir. Þegar Rósa er spurð hvort það gangi ekki þvert gegn hinu alíslenska „þetta reddast“ hugarfari svarar hún hlæjandi:

„Það að leggja fyrir og hugsa til framtíðar þarf einmitt alls ekki að vera allt eða ekkert. Þegar ég hugsa sjálf til baka til þess þegar maður ákvað að spara, eða fara í átak, þá var maður alltaf svo ýktur.

Maður ætlaði sér ekki að ná yfirsýn yfir fjármálin, setja sér einhver markmið, heldur ætlaði maður bara að hætta að gera allt. Alltaf að vera með nesti og maður ætlaði aldrei aftur í bíó. En þetta er langtímaverkefni og til þess að springa ekki á limminu og gefast upp þarftu að hafa raunhæf markmið og þú þarft líka að hafa gaman.“ ■

### Heilræði fyrir byrjendur á hlutabréfamarkaði

1. **Byrjaðu smátt** Það getur verið ráðlegt að byrja smátt og afla sér reynslu og þekkingar jafnóðum samhliða aukinni fjárfestingu.
2. **Dreifðu eignasafninu** Það er mikilvægt að dreifa eignasafninu og setja með því ekki öll eggin í sömu körfuna.
3. **Fjárfestu í því sem þú þekkir og skilur** Ekki fjárfesta í einhverju sem þú þekkir ekki. Aflaðu þér upplýsinga áður en þú fjárfestir.
4. **Fjárfestu reglulega** Fjárfesting í hlutabréfum skilar mestu ef fjárfest er til langs tíma. Forðastu að fjárfesta einu sinni ákveðinni upphæð og svo ekki meir. Fjárfestu reglulega þegar þú hefur tækifæri til.
5. **Auktu þekkinguna með fram fjárfestingunni** Vertu stöðugt að afla þér nýrrar þekkingar og vaxa þannig sem fjárfestir. Hlutabréfamarkaðurinn er í sífelldri þróun og stöðugt á hreyfingu.

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


CINTAMANI
Saman höfum við skapað minningar
síðan 1989

BYKO



# 20% afsláttur

## Allar jólavörur

# 20% afsláttur

## Leikföng, spil og púsl









### FÖNDURFRÆSARI

Fjölhæfur föndurfræsari sem hentar vel fyrir DIY verkefni. 26 fylgihlutir gera þér kleift að vinna á allskonar yfirborðum. Fræsarinn getur slípað, skorið út, pússað, skorið, fræsað og meira.

-20%
Vnr. 74780341
**15.756**
Almennt verð: 19.695
Þú sparar: 3.939




### IXO VI 3,6V

Létt og þægileg rafhlöðuskrúfvél frá BOSCH með 1,5Ah rafhlöðu, IXO er ein vinsælasta og mest selda skrúfvélin í heiminum, græn eða cherry.

-20%
Vnr. 748640056-7
**10.156**
Almennt verð: 12.695
Þú sparar: 2.539





**FÓTBOLTASPIL**
34,5 x 21,5 x 8cm. Spilinu fylgja 2 boltar, 12 leikmenn og 2 mörk.

-20%
Vnr. 41124860
**5.196**
Almennt verð: 6.495
Þú sparar: 1.299

**NUDDPÚÐI**
sem hentar vel fyrir nudd á hálsi og baki. Í púðanum eru "shiatsu" hausar sem snúast

-25%
Vnr. 41074137
**5.621**
Almennt verð: 7.495
Þú sparar: 1.874





**MII SMART AIR FRYER**
Hitastigið má stilla frá 40°c upp í 200°c og hentar Mi Smart Air Fryer því einnig í að afþýða mat, þurrka ávexti eða gerja grænmeti.Hægt að stilla fram í tímann allt að 24 klst.

Vnr. 65103855
**19.995**

Breidd Akureyri og vefverslun

**FONDUESETT**
350ml 25w. Færanleg skál án viðloðunar.

-25%
Vnr. 41721030
**2.996**
Almennt verð: 3.995
Þú sparar: 999



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

*Hjá okkur fæst íslensk sígræn*
# Stafafura
# frá Skógræktinni



**Stafafura**
*100-150 cm*
**3.720 kr.**
vnr. 41140101
Almennt verð: 4.650

**Stafafura**
*151-200 cm*
**7.160 kr.**
vnr. 41140104
Almennt verð: 8.950

skógræktin

*Þú finnur*
**Jólagjafa-handbókina**
*á byko.is*




BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Boston
14.900 KR.
PLAY

## Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

# Jólahald árið 1241

Boðskapur jóla er friður og göfgi. Allir eiga að vera sáttir á jólum og láta gott af sér leiða. Margar sögur eru sagðar af náungakærleik sem tengist jólum. Fyrirtæki gefa matvöru til þurfandi fjölskyldna. Í heimsstyrjöldum liðinnar aldar þögnuðu fallbyssurnar yfir hátíðirnar. Fallegustu söguna um friðarboðskap jólanna er þó að finna í Sturlungu.

Í september 1241 var Snorri Sturluson drepinn í Reykholti, að skipan Hákonar gamla Noregskonungs. Gissur Þorvaldsson fór með mikið lið Sunnlendinga að skáldinu og lét tvo undirmálsmenn og smákrimma drepa Snorra í kjallaraholu. Stjúpsonur Snorra, Klængur Bjarnarson, var með í för og tók þátt í þessu glæpaverki. Þegar Gissur var á braut með hyski sitt, varð Klængur eftir og tók við staðarforráðum.

Þremur mánuðum síðar á jólum kom frændi minn, Órækja Snorrason Sturlusonar, með flokk manna af Vestfjörðum og lagði undir sig Reykholt. Þeir handtóku Klæng og Órækja ákvað að drepa hann í hefndarskyni fyrir föður sinn.

En þetta var á aðfangadag svo að Órækja afréð að þyrma lífi Klængs í Jesú nafni. Á öðrum degi jóla rann þó hátíðleikinn af Órækju og hann lét hálshöggva fangann sem reyndar var fyrrverandi stjúpbróðir hans.

Boðskapur og andi jóla er ótvíræður. Órækja ákveður að sýna mildi og frið og biður með að taka piltinn af lífi þar til eftir hátíðirnar. Ég hef alltaf undrast að menn skuli ekki hafa haldið þessari sögu á lofti í kirkjum landsins. Hún sýnir að hjörtu hinna mestu illvirkja mýkjast um jólin! Fyrir okkur hin skiptir þó mestu að láta anda jólaguðspjallsins endast allt árið! Gleðileg jól, kæra þjóð! ■




